



AÐALSKIPULAG SVEITARFÉLAGSINS SKAGAFJARÐAR 2020-2035

Greinargerð

Júní 2021 – uppfærð febrúar 2022



Samþykktir

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020 - 2035 sem hefur verið auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga nr.

123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann 9. mars 2022

Sigfus J. Sigfússon



Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020 - 2035 var staðfest Skipulagsstofnun, þann

4. apríl 2022





Efnisyfirlit

1	Sterkur Skagafjörður	1
2	Forsendur	2
2.1	Staðhættir	2
2.2	Íbúafjöldi	3
2.3	Mannfjöldaspá	3
2.4	Atvinnumál	4
2.5	Ferðaþjónusta	6
2.6	Íbúðarhúsnæði	9
2.7	Skipulagsferli og samráð	10
2.8	Framsetning skipulagsgagna	10
3	Stefnumörkun í þéttbýli	12
3.1	Leiðarljós	12
3.2	Markmið	12
3.3	Stefna um landnotkun og skilgreining	14
3.4	Yfirlit um íbúðir og atvinnusvæði í þéttbýliskjörnum	14
4	Sauðárkrókur	15
4.1	Leiðarljós	15
4.2	Íbúðarbyggð (ÍB)	16
4.3	Íbúðarsvæði og heimildir	17
4.4	Miðsvæði (M)	23
4.5	Verslun og þjónusta (VP)	24
4.6	Athafnasvæði (AT)	25
4.7	Iðnaðarsvæði (I)	26
4.8	Afbreytingar- og ferðamannasvæði (AF)	27
4.9	Hafnir (H)	28
4.10	Flugvellir (FV)	30
4.11	Samfélag	31
4.12	Götur, stígar og reiðleiðir	34
4.13	Minjavernd (MV)	38
4.14	Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)	40
4.15	Opin svæði (OP)	42
4.16	Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)	44
4.17	Takmarkanir á landnotkun	45
5	Varmahlíð	48
5.1	Leiðarljós	48
5.2	Íbúðarbyggð (ÍB)	49
5.3	Verslun og þjónusta (VP)	50
5.4	Afbreytingar- og ferðamannasvæði (AF)	51
5.5	Athafnasvæði (AT)	51



5.6	Iðnaðarsvæði (I)	52
5.7	Landbúnaðarsvæði (L)	52
5.8	Samfélagsþjónusta (S)	52
5.9	Göngu- og hjólaleiðir	53
5.10	Íþróttasvæði (ÍÞ)	53
5.11	Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)	53
5.12	Náttúruvá	54
6	Hofsós	55
6.1	Leiðarljós	55
6.2	Íbúðarbyggð (ÍB)	56
6.3	Miðsvæði (M)	58
6.4	Verslun og þjónusta (VÞ)	60
6.5	Athafnasvæði (AT)	60
6.6	Hafnir (H)	61
6.7	Opin svæði (OP)	61
6.8	Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)	62
6.9	Samfélagsþjónusta (S)	62
6.10	Kirkjugarðar og grafreitir (K)	63
6.11	Íþróttasvæði (ÍÞ)	63
6.12	Göngu- og hjólastígar	63
6.13	Minjavernd (MV)	64
6.14	Hverfisvernd (HV)	65
7	Hólar	66
7.1	Leiðarljós	66
7.2	Íbúðarbyggð (ÍB)	67
7.3	Samfélagsþjónusta (S)	69
7.4	Íþróttasvæði (ÍÞ)	69
7.5	Minjavernd (MV)	70
7.6	Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)	70
7.7	Opin svæði (OP)	70
7.8	Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)	70
7.9	Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)	71
7.10	Takmarkanir á landnotkun	72
8	Steinsstaðir	73
8.1	Leiðarljós	73
8.2	Íbúðarbyggð (ÍB)	73
8.3	Landbúnaðarsvæði (L)	74
8.4	Verslun og þjónusta (VÞ)	74
8.5	Athafnasvæði (AT)	75
8.6	Vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó (VS).	75
8.7	Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)	75



8.8	Samfélagsþjónusta (S)	76
8.9	Helstu breytingar	76
9	Innviðir í sveitarfélaginu: Samgöngur og veitur	78
9.1	Þjóðvegir í sveitarfélaginu	79
9.2	Héraðs- og landsvegir	82
9.3	Tengibrautir í þéttbýli	82
9.4	Tillögur að nýjum vegum	83
9.5	Göngu- og hjólaleiðir	84
9.6	Reiðleiðir	85
9.7	Vegir í náttúru Íslands	87
9.8	Vatnsveita, fráveita og gagnaveita	91
10	Rafveita	94
10.1	Blöndulína 3	95
10.2	Blöndulína 2 og Rangárvallalína	101
10.3	Sauðárkrókslínur	102
10.4	Aðrar raflínur	102
11	Stefnumörkun í dreifbýli	104
12	Landbúnaður (L)	106
12.1	Almennt um landbúnaðarland	107
12.2	Flokkun landbúnaðarlands	108
12.3	Stefna um landbúnaðarland	110
12.4	Almenn ákvæði um landnotkun á öllum landbúnaðarsvæðum	110
12.5	Landskipti	111
12.6	Skógrækt á landbúnaðarlandi	112
12.7	Fiskeldi á landbúnaðarlandi	112
12.8	Skipulagsákvæði um að taka land úr landbúnaðarnotum	112
13	Náttúruverndarsvæði	113
13.1	Friðlýst svæði (FS)	113
13.2	Önnur náttúruvernd (ÖN)	115
13.3	Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja	117
13.4	Mikilvæg fuglasvæði	117
13.5	Vistgerðir með verndargildi	117
14	Atvinnusvæði	119
14.1	Afbreytingar- og ferðamannastaðir (AF)	120
14.2	Samfélagsþjónusta (S)	121
14.3	Iðnaðarsvæði (I)	122
14.4	Tækifæri til orkuframleiðslu	124
14.5	Athafnasvæði (AT)	125
14.6	Verslun og þjónusta (VÞ)	126



15	Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)	128
15.1	Skipulagsákvæði vegna efnistöku og efnislosun	131
16	Óbyggð svæði (ÓB)	132
17	Stakar framkvæmdir	132
18	Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)	133
19	Strandsvæði (ST)	136
20	Vötn, ár og sjór (V)	137
21	Hafnir (H)	137
22	Frístundabyggð (F)	138
23	Íþróttasvæði (ÍÞ)	139
24	Minjavernd (MV)	140
24.1	Byggingararfur	140
24.2	Fornleifar og fornleifaskráning	141
25	Landnotkun innan miðhálandisins	144
26	Takmarkanir á landnotkun	147
26.1	Vatnsvernd vatnsbóla (VB, VG og VF).	147
26.2	Náttúruvá (NV)	149
26.3	Varúðarsvæði (VA)	150

1 Sterkur Skagafjörður

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar er sett fram til að leiða þróun samfélagsins og gera Skagafjörð sterkan til framtíðar.

Náttúruleg skilyrði skapa auðlindir sem íbúar breyta í hagsæld með þekkingu og færni sinni. Greint er á milli þess hvar breytingar skuli eða geti orðið og hvar þurfi að verja aðstæður fyrir óæskilegum breytingum. Hlúð er að þeim styrkleikum sem sveitarfélagið býr yfir og aðstæður skapaðar fyrir nýja þróun. Efla þarf ýmsa nýja innviði sem geta styrkt getu sveitarfélagsins til að vaxa. Þar má nefna aðgengi að orku og hagkvæmum samgöngum.

Matarkistan Skagafjörður – Matur úr sveit og sjó

Skagafjörður er matarkista með fjölbreytta hráefnisöflun á landi og í sjó. Samlegð framleiðslutækni, hráefnis og flutningskerfa auka virði framleiðslunnar og skapa fjölbreytt störf. Aðalskipulaginu er ætlað að verja þessa styrkleika og byggja frekari vöxt á þeim.

Sem landbúnaðarhérað getur sveitarfélagið vaxið, aukið breidd í framleiðslu og aukið verðmæti með því að skapa skilyrði fyrir meiri framleiðslu og hagkvæmni í landbúnaði. Nýjar afurðir úr ylraekt og annarri jarðrækt auk skógræktar geta styrkt stöðu landbúnaðarins til langframa.

Hafnirnar mynda aðstæður til að nýta auðlindir hafsins og vinna úr þeim afurðir. Þær þurfa að vera í stakk búnaðar að þróast með nýsköpun í sjávarútvegi og mæta þörf fyrir flutninga á framleiðslu héraðsins.

Ferðapjónustan hefur alla burði til að vaxa í Skagafirði með fjölda staða sem hafa aðdráttarafl fram og út fjörðinn. Sterk ímynd góðs matar úr sveit og sjó styður við ferðapjónustu og það gerir hestameningin líka ásamt bókmenntasögu héraðsins.

Tækifæri í margvíslegri framleiðslu

Aukin fjölbreytni í framleiðslu getur slegið nýjum og fleiri stoðum undir efnahagslíf sveitarfélagsins. Skipulag byggðar á Sauðárkróki miðar að því að skapa aðstæður fyrir vöxt atvinnustarfsemi með því að skipuleggja iðnaðar- og athafnasvæði sem geta tekið við nýjum fyrirtækjum og leyft öðrum að vaxa. Vöxtur atvinnuvega kallar jafnframt á vöxt í íbúafjölda sem þarf að skipuleggja byggð fyrir.

Fjölbreytni í búsetu

Fjölbreytni í búsetuskilyrðum og atvinnulífi eru styrkleikar sveitarfélagsins. Aðalskipulaginu er ætlað að skapa skilyrði fyrir aukinn vöxt þar sem þegar eru sterkir stofnar. Búa þarf vel að nýjum íbúum og þeim sem elstir eru í húsnæðismálum. Styrkleikar eru einnig fólgnir í þeim tengslum sem innviðir og fyrirtæki mynda við næstu nágretta og víðar um land og þá ber að nýta.

Sterkur bær

Sterkur búsetu-, þjónustu- og atvinnukjarni á Sauðárkróki er félagslegur styrkleiki fyrir sveitarfélagið. Víðast hvar um heiminn verða skapandi þekkingarstörf til þar sem hugmyndir geta smitast milli fólks og fyrirtækja. Vegna fjölbreyttra starfa fyrir er kominn grundvöllur sem unnt er að byggja frekari þróun og vöxt í atvinnutækifærum. Aðalskipulaginu er ætlað að skapa tækifæri fyrir bæinn að vaxa með hagkvæmum hætti þannig að sérkenni bæjarins séu dregin fram og bæjarandinn styrkist.


2 Forsendur

2.1 Staðhættir

Landsvæði Sveitarfélagsins Skagafjarðar nær yfir stærstan hluta svæðisins í kringum Skagafjörð og liggur milli tveggja meginfjallabálka, Skaga að vestan og Tröllaskaga að austan. Skagafjörður, héraðið inn af honum og þverdalirnin, eru grafnir inn í þetta hálendi. Nær sveitarfélagið einnig inn til landsins að Hofsjökli.

Í sveitarfélaginu eru fimm þéttbýliskjarnar: Sauðárkrókur, Hofsós, Varmahlíð, Hólar í Hjaltadal og Steinsstaðir (Mynd 2-1).

Stærð sveitarfélagsins er 4.177 ferkílómetrar, sem gerir það að 7. stærsta sveitarfélaginu á Íslandi.¹




Mynd 2-1 Sveitarfélagið Skagafjörður og þéttbýliskjarnar.

¹ Landmælingar Íslands 2021. Kortasjá LMÍ <http://kortasja.lmi.is/mapview/?application=kortasja>

2.2 Íbúafjöldi

Íbúar í Sveitarfélaginu Skagafirði voru 4.034 þann 1. janúar 2020. Frá ársbyrjun 2016 fram hefur íbúum fjölgað um rúmlega 130. Horft til síðustu 15 ára hefur íbúum hins vegar fækkað um 150 manns, sem jafngildir um 0,3% árlegri fækkun yfir tímabilið (Mynd 2-3). Aldurs- og kynjasamsetning í Sveitarfélaginu Skagafirði árið 2019 er að mestu svipuð og aldersdreifing landsmanna allra. Helstu frávik eru meðal fólks á fertugsaldri sem er hlutfallslega færri í Skagafirði en sami aldurshópur meðal landsmanna í heild, sbr. Mynd 2-2.



2.3 Mannfjöldaspá

Mannfjöldaspá Hagstofu Íslands gerir ráð fyrir að landsmönnum fjölgi nokkuð hratt eða á bilinu um 1,0-2,5% á ári á landsvisu fram til ársins 2023, en að svo hægi á íbúafjölgun. Spár um breytingar á íbúafjölda eru bilinu -0,5% til tæplega 1% fram til ársins 2035. Mannfjöldaspá Hagstofu Íslands er fyrir landið í heild, en mikil munur er jafnan á íbúapróun milli landshluta, á kjarnasvæðum og utan kjarnasvæða. Íbúum á Norðurlandi vestra fækkaði um 743 eða 9% á árunum 2000-2019 og fækkaði í öllum sveitarfélögum landshlutans á tímabilinu. Á sama tímabili fjölgaði íbúum Íslands í heild um 28%.

Íbúðalánasjóður (ÍLS) hefur unnið staðbundnar íbúaspár í tengslum við gerð húsnæðisáætlana sem byggja á mannfjöldatölum Hagstofu. Í spá ÍLS er gert ráð fyrir um 5% fækkun íbúa til 2030 utan kjarnasvæða á Norðurlandi, en að á kjarnasvæðum á Norðurlandi verði árleg fjölgun íbúa hlutfallsleg um helmingi hægari en á landinu í heild, eða um 0,5% (skv. miðspá). Fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð gerir íbúaspá ÍLS ráð fyrir áframhaldandi fækkun íbúa.²


Mannfjöldaspár eru alltaf háðar mikilli óvissu. Þróun búsetu er nátengd staðbundnum aðstæðum og þróun efnahags- og atvinnulífs, húsnæðismála og annarra samfélagsþátta.

² <https://www.ils.is/hagdeild/husnaedisaaetlanir/>

Sveitarfélagið er virkur þátttakandi í þróun aðstæðna sem geta aukið eftirspurn eftir búsetu í sveitarfélaginu.

Mynd 2-3 sýnir íbúapróunina í Sveitarfélaginu Skagafirði síðastliðin 15 ár og breytingar á fjölda íbúa Skagafjarðar ef spátilvik úr áður nefndum mannfjöldaspám Hagstofu og Íbúðalánastofnunar eru lögð til grundvallar. Á myndinni er einnig framreiknuð fjölgun um 0,5% á ári, sbr. miðspá fyrir kjarnasvæði á Norðurlandi.

Stefnt er að því að íbúar sveitarfélagsins verði um 4.400 árið 2035.



Mynd 2-3 Íbúapróun Skagafjarðar síðustu 15 ár og mismunandi íbúaspár til 2035. Heimild: Hagstofa Íslands.

Við mótnun aðalskipulagstillögu þarf að leggja fram íbúaspá sem tekur mið af staðbundnum aðstæðum, íbúapróun síðustu ára og einnig markmiðum sveitarfélagsins á skipulagstímabilinu um að styrkja byggð í Skagafirði.

Markmið aðalskipulagsins er að snúa við neikvæðri íbúapróun og skapa skilyrði fyrir fjölgun íbúa. Stefna sveitarfélagsins er að íbúum Sveitarfélagsins Skagafjarðar fjölgi um 0,5% að meðaltali á ári út skipulagstímabilið, sem jafngildir um 370 manns á 15 árum.

Á íbúafundi um áherslur skipulagsvinnu kom fram skýr vilji að fjölga íbúum. Þar komu jafnframt fram mismunandi áherslur t.d. að huga vel að þeim sem búa í sveitarfélaginu, huga að þjónusta sé til staðar og fjölga atvinnutækifærum.

Stefna sveitarfélagsins um fjölgun íbúa felur í sér að móta nauðsynlega umgjörð svo hún gangi eftir, sem þarf m.a. að taka til húsnæðis, þjónustu, lífsgæða og öryggis, samgangna og atvinnu.


Það er megin inntak nýs aðalskipulags að móta umgjörð til að sett markmið náist.

2.4 Atvinnumál

Í lok september 2019 var áætlað að 2.188 manns væru á vinnumarkaði í Skagafirði, eða um 54% íbúa. Í september 2019 var atvinnuleysi í Sveitarfélaginu Skagafirði 0,5%.

Atvinnuþátttaka er nokkuð árstíðabundin. Meira er um starfandi fólk í sveitarfélaginu á öðrum og þriðja ársfjórðungi en á fyrsta og fjórða.³

Það er nokkuð fjölbreytt atvinnulíf í sveitarfélaginu. Stærstu atvinnugreinarnar í Skagafjarðasýslu árið 2017 í tekjum talið eru: fræðslustarfsemi, verslun, opinber stjórnsýsla, heilbrigðis- og félagsþjónusta, iðnaður, mannvirkjagerð, fiskveiðar, fiskvinnsla og landbúnaður (sjá Mynd 2-4).



Sveitarfélagið er landbúnaðarhérað og er landbúnaður talin ein mikilvægasta atvinnugreinin í sveitarfélaginu og grundvöllur búsetu í dreifbýli. Í landshlutanum á ræktun íslenska reiðhestsins sér sterka hefð. Vöxtur hefur verið í landbúnaði frá árinu 2008.

Einnig er öflugur sjávarútvegur. Í Skagafirði fer fram mikil matvælaframleiðsla og fjölbreyttar matvælarannsóknir, þar er rekið sláturhús, mjólkurvinnsla og rækjuvinnsla. Sauðárkrókur er miðstöð þjónustu og menntunar fyrir svæðið. Ferðaþjónusta hefur smám saman verið að styrkjast á svæðinu og er sú atvinnugrein í sveitarfélaginu sem hefur vaxið mest hlutfallslega. Þá hefur rekstur Steinullarverksmiðjunnar verið stöðugur.


Samkvæmt samantekt Byggðastofnunar á ríkisstörfum voru 299 stöðugildi ríkisstarfa í Sveitarfélaginu Skagafirði árið 2018 og hafði fjölgaði um 17 stöðugildi frá árinu 2013. Á Norðurlandi vestra eru 10,7% íbúa á vinnumarkaðsaldri (15-64 ára) í stöðu hjá opinberum hlutafélögum eða stofnunum í eigu ríkisins árið 2018, en sama hlutfall var 10,4% á landsvísi.⁴

Mestur hlutfallslegi vöxtur á tímabilinu 2008-2017 er í gistingu og veitingum, fiskvinnslu, landbúnaði, menntun, menningu og íþróttum, verslun og sérhæfðri þjónustu.⁵

³ <https://www.vinnulastofnun.is/maelabord-og-tolulegar-upplýsingar/maelabord/atvinnuleysi-efrir-sveitarfelagi>

⁴ <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Starfagreining/31.12.2018/rikisstorf-31.12.2018.pdf>

⁵ Byggðastofnun. Atvinnutekjur 2008-2017 eftir atvinnugreinum og landshlutum (2018).



Lögð er áhersla á að nýta þau gæði og innviði sem fyrir eru til að byggja upp fleiri og verðmætari störf í þeim atvinnugreinum sem þegar eru ríkjandi. Nýsköpun og vöruþróun geti orðið til að laða að nýja íbúa með viðeigandi menntun. Aukin breidd í matvælaframleiðslu og sjálfvirknivæðing eykur framleiðni og kallar á nýja þekkingu bæði í sjávarútvegi og landbúnaði. Ný iðnaðarframleiðsla skapar fleiri störf fyrir verkafólk og stjórnendur auk þess að breikka efnahagsgrundvöll sveitarfélagsins. Aukin ferðapjónusta sem byggir á náttúru, sögu og menningu styrkir fjölbreytt störf í sveitarfélaginu.

Skipulagið leggur því áherslu á að skapa rými fyrir nýjar og stækkandi atvinnugreinar á iðnaðar- og athafnasvæðum, sér í lagi næst Sauðárkrók. Standa þarf vörð um gott landbúnaðarland og gefa rými til þróunar nýrra búgreina. Til þess þarf að hafa mannauð, aðgengi að orku, hreinu vatni, háhraðanet, greiðar samgöngur og tryggja að aðstæður séu eftirsóknarverðar til að búa í fyrir fólk á öllum aldri.

2.5 Ferðapjónusta

Aðalskipulagið er ætlað að styðja við tækifæri til uppbyggingar ferðapjónustu í sveitarfélaginu, auka samlegðaráhrif áfangastaða og draga fram sérkenni sveitarfélagsins. Meðal þess sem er að auka framboð gististaða, veita svigrúm fyrir uppbyggingu þjónustu, gera ráð fyrir hringtengingu frammi í sveitum ásamt skýrari miðlun á áfangastöðum í sveitarfélaginu.

Þótt einkennandi greinar ferðapjónustu hafi vaxið töluvert undanfarin ár er ástæða til að telja vaxtarmöguleika greinarinnar í Skagafirði allnokkra enn. Ýmis tækifæri eru til að auka þjónustu við ferðamenn og fjárfesta í tækifærum til að mæta þörfum ferðamanna.

Alls hafa 12 verkefni í sveitarfélaginu fengið styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða fyrir 60 milljónir króna frá því hann hóf starfsemi. Um helmingur þess fjár hefur farið til að þróa ferðapjónustu á Reykjaströnd þar sem Grettislaug er og tenging við Drangey.

Greining á fjölda viðkomustaða ferðamanna sýnir að áfangastaðir eru víða um sveitarfélagið (Mynd 2-6).


Greining á stöðu og tækifærum í ferðapjónustu hefur farið fram nokkuð reglulega síðustu áratugi. Grundvöllurinn fyrir ferðapjónustu er jafnan talin náttúran og það sem hún býður upp á fyrir náttúruskoðun á fæti eða hestbaki. Matur úr héraði og vönduð framsetning hans er einnig stór þáttur í upplifun ferðamanna. Þá er hestamennska stór þáttur í ímynd, menningu og afþreyingarmöguleikum í Skagafirði sem unnt er að byggja á. Tækifæri eru í að kynna menningu og sögu svæðisins. Þessum þáttum er gerð skil á viðeigandi stöðum í skipulagsákvæðum á hverjum stað.

Stefnumótun fyrir ferðapjónustu árin 2016-2020 liggur fyrir. Þar kemur fram meðal helstu niðurstaðna að aukin samvinna milli aðila, skýrari miðlun og vilji til að ferðapjónustan njóti sannmælis sem atvinnugrein sé það sem þurfi til að greinin geti vaxið. Hótel með minnst 100 herbergjum er ein forsenda þess að gera Skagafjörð að áfangastað samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar.⁶ Nýtt hótél er talið geta drifið áfram þróun sveitarfélagsins sem áfangastaðar og eru fordæmi fyrir því að vönduð, áhugaverð hótél geti komið stöðum á kortið svo lengi sem fyrir séu áningarstaðir með aðdráttarafl.

Áætlað er að 142 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Skagafjörð árið 2010 en 484 þúsund árið 2018. Erlendum gestum í Skagafirði utan sumars fjölgaði mikið meira á sama árabili, úr 21 þúsund í 212 þúsund. Erlendar gistinætur í Skagafirði eru áætlaðar 189 þúsund árið 2018, um 1,3% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár.⁷

⁶ (Sveitarfélagið Skagafjörður, 2017)

⁷ Rannsókn og ráðgjöf, 2019. [Erlendir ferðamann á Norðurlandi 2010-2018](#). Samantekt unnin fyrir Markaðsstofu Norðurlands. Febrúar.



Árstíðarsveifla er nokkur í framboði og nýtingu gistiþjónustu í Skagafirði. Framboð gistirúma utan háannatíma hefur heldur farið vaxandi undanfarin ár en hefur verið svipað á háannatíma. Nærri liggur að framboð tvöfaldist milli vetrar og háannar. Samkvæmt gögnum frá Hagstofu Íslands fyrir árið 2018 voru að meðaltali 24 aðilar sem buðu upp á gistingu í Skagafirði með að meðaltali 601 rúm yfir árið. Mesta framboðið er yfir sumarmánuðina og þar er mest framboðið í ágúst þar sem 29 aðilar buðu upp á 788 gistirúm. Nýting gistirúma í flokknum „Hótel og gistiheimili“ fyrir árið 2018 var að meðaltali 23,9% yfir árið. Mesta nýtingin var yfir sumarmánuðina og var mesta nýtingin í júlí mánuði


með 56,9% nýtingu. Nýting gistirúma í flokknum „Önnur innigisting“ fyrir árið 2018 var að meðaltali 19,8% yfir árið. Mest var nýtingin í ágúst, 30,5%.

Tafla 2.1 Áætlaður fjöldi gistirúma og nýting á tímabilinu 2016-2018. Heimild: Hagstofan.

Maí - ágúst	Fjöldi gistirúma	Nýting	
		Hótel og gistiheimili	Önnur innigisting
2016	803	54%	-
2017	760	50%	-
2018	764	44%	25,9%

2.6 Íbúðarhúsnæði


Árið 2018 voru skráðar 1.802 íbúðir í Sveitarfélaginu Skagafirði (Mynd 2-7). Á árabilinu frá 2000 til 2009 bættust við húsnæðisstofninn 178 íbúðir. Mest aukning milli ára var árið 2005-2006 þegar 47 íbúðir voru skráðar. Frá 2009 til 2018 hafa verið skráðar 38 nýjar íbúðir. Árið 2019 hafa verið gefin út byggingarleyfi fyrir 48 íbúðum.



Mynd 2-7 Fjöldi íbúða í Sveitarfélaginu Skagafirði á tímabilinu 2000-2018. Heimild: Fasteignaskrá.

Langalgengasta húsnæðisgerðin í sveitarfélaginu er einbýli en þó er munur á hlutfallsskiptingu húsnæðisgerða milli svæða í sveitarfélaginu (Mynd 2-8). Öll fjölbýlishús sveitarfélagsins, að undanskildum nemendagörðum á Hólum, eru á Sauðárkróki og þar er hlutfall fjölbýlishúsa 17% en einbýli um helmingur íbúðarhúsnæðis. Í öðru þéttbýli í sveitarfélaginu er hlutfall einbýla yfir 80% og í dreifbýli enn hærra.

Stefna sveitarfélagsins er að halda hlutfallsskiptingu húsnæðisgerða í samræmi við niðurstöður húsnæðisáætlunar sveitarfélagsins.



2.7 Skipulagsferli og samráð

Gerð og mótun aðalskipulagsins er í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Forsendur tóku mið af samráði við íbúa á mótunarstigi tillagna. Skólabörn tóku þátt í umfangsmiklu samráðverkefni þar sem þau fengu tækifæri til að koma sínum hugmyndum um framtíð sveitarfélagsins á framfæri. Fullorðnir fengu einnig tækifæri til að segja sína skoðun á forsendum skipulagsins á íbúafundi og í gegnum samráðsvefinn Betra Ísland. Til alls þessa var tekið við mótun tillagna.

Tillaga að skipulagi var kynnt íbúum og hagsmunaaðilum á vinnslustigi sem gaf tækifæri til að endurskoða og ræða ýmsa þætti skipulagsins. Tekið var tillit til þessara ábendinga við frekari mótun skipulagstillögu, sem nýttist m.a. til að bæta umfjöllun skipulagstillögunnar.

2.8 Framsetning skipulagsgagna

Aðalskipulagstillaga er sett fram í greinargerð, umhverfisskýrslu, sveitarfélagsuppdráttum, þéttbýlisuppdráttum og skýringaruppdráttum.

- Greinargerð skipulagsins skiptist annars vegar í stefnumörkun fyrir þéttbýli og hins vegar fyrir dreifbýli. Þéttbýlin eru Sauðárkrókur, Varmahlíð, Hofsós, Hólar í Hjaltadal og Steinsstaðir. Sérstakir kaflar eru um innviði, sem eru vegir, stígar, reiðleiðir, veitur og rafínur.
- Umhverfisskýrsla.
- Sveitarfélagsuppdrættirnir eru tveir í mælikvarðanum 1:80 000.
- Þéttbýlisuppdrættir eru fimm í mælikvarðanum 1:10.000.
- Tveir þemauppdrættir: Landbúnaðarsvæði í mælikvarða 1:180 000 og Vegir í náttúru Íslands í mælikvarða 1:180 000.

Sveitarfélagamörk miðast við afmörkun gildandi aðalskipulags 2009-2021. Nokkur sveitarfélög hafa óskað eftir endurskoðun á afmörkun sveitarfélaganna.

ÞÉTTBÝLI

Stefnumörkun og ákvæði um landnotkun í
þéttbýliskjörnum:

- Sauðárkrókur
- Varmahlíð
- Hofsós
- Hólar
- Steinsstaðir

3 Stefnumörkun í þéttbýli

Í sveitarfélaginu eru fimm þéttbýlisstaðir: Hofsós, Hólar, Sauðárkrókur, Steinsstaðir og Varmahlíð. Fjölbreytt landnotkun og -nýting er á þéttbýlisstöðunum. Þéttbýlið á Sauðárkróki er fjölmennast. Íbúafjöldi í þéttbýlinu hefur aukist á undanförunum árum. Áfram er horft til þess að fjölgun íbúa verði mest í þéttbýli en mikilvægt er að leita leiða til að fjölga einnig íbúafjölda í dreifbýli.



Náttúra og byggð mætast í Skagafirði. Mynd: RG

3.1 Leiðarljós

Að þéttbýli geti knúið vöxt í íbúafjölda og hagsæld í sveitarfélaginu með því að skapa aðstæður fyrir fjölbreytt og sérhæfð störf sem byggja á menntun, sérhæfingu og sérstöðu í sveitarfélaginu. Að skapa miðstöð þjónustu og atvinnulífs sem þjónar öllum íbúum. Byggt verði á lífsgæðum sem felist í sterku samfélagi, tækifærum til fjölbreyttrar búsetu og nálægð við náttúru. Byggt í dreifbýli njóti góðs af nálægð við öflugan þjónustukjarna.

Heilbrigðir lífshættir og þekking íbúa á sínu nánasta umhverfi verði grunnstoðir að sjálfbærnu samfélagi í sveitarfélaginu. Hlúð verði að náttúruverndar- og útivistarsvæðum.

Hugað verði að því að gæði lands og byggðar verði ekki síðra að skipulagstímabili loknu og að stefna aðalskipulags stuðli að sjálfbærum vexti samfélagsins, þar sem m.a. er horft til sjónarmiða ólíkra aldurshópa, hagsmuna, umhverfisins og heimsmarkmiða.

3.2 Markmið

- Að efla núverandi þéttbýliskjarna og tengja þá betur saman með því að nýta styrkleika og gæði hvers kjarna.
- Að Sauðárkrókur verði miðstöð þjónustu í sveitarfélaginu og víðar, þar sem þjónusta, menntun, atvinna og ímynd verði í samræmi við framtíðarsýn sveitarfélagsins.

- Framboð og gæði menntunar verði aðráttarafl fyrir nágrenni Hóla og Sauðárkróks.
- Að tryggja framboð íbúðarhúsnæðis sem mætir húsnæðisþörfum íbúa.
- Ný íbúðarbyggð þróist í góðum tengslum við núverandi byggð með hagkvæma nýtingu lands og þjónustukerfa að leiðarljósi. Kanna möguleika á að þetta byggð á vannýttum lóðum eða reitum.
- Móta viðmið um gæði byggðar, vandaða hönnun við skipulag og hönnun mannvirkja, til að skapa eftirsóknarverða búsetu.
- Að styrkja grunnstoðir atvinnulífsins, landbúnað, sjávarútveg og ferðaþjónustu og skapa skilyrði fyrir vaxtarsprotu, vöruþróun og nýsköpun.
- Að efla ferðaþjónustu með stefnu sem styður við þróun ferðamannastaða, veitinga- og gistingþjónustu. Stuðla að fjölgun gistingu í Skagafirði og afþreyingarmöguleikum.
- Fjölga atvinnutækifærum fyrir fólk með framhaldsmenntun og sérfræðipækkingu. Nýta tækifæri sem felast í fjölgun starfa án staðsetningar.
- Að skapa ákjósanleg skilyrði fyrir þróun fjölbreytts iðnaðar, svo sem matvælaframleiðslu, verkstæða og fyrirtækja á sviði mannvirkjagerðar.
- Sérkenni þéttbýlisstaða verði eftl.
- Stuðla að bættri lýðheilsu með góðu aðgengi að svæðum til útivistar og uppbyggingu á góðri aðstöðu fyrir íþróttaiðkun mismunandi hópa.
- Nýting náttúruauðlinda byggi á bestu fánlegu tækni og þekkingu til að tryggja eins og kostur er sjálfbæra nýtingu þeirra.
- Nýta þau tækifæri sem felast í náttúru sveitarfélagsins til að byggja upp þjónustu fyrir ferðamenn og efla á þann hátt og styrkja fjölbreytt atvinnulíf.
- Ástand náttúruauðlinda verði ekki síðra í lok skipulagstímabilsins en í upphafi þess.



Mynd: RG

3.3 Stefna um landnotkun og skilgreining

Mörkuð er stefna um fjölbreytta landnotkun í þéttbýlum. Almennt gildir skilgreining landnotkunarflokka úr 6. kafla skipulagsreglugerðar nr. [90/2013](#) innan allra þéttbýlisstaðanna, þótt skilgreiningin sé aðeins sett fram í upphafi landnotkunarkafla fyrir Sauðárkrók. Sett eru sértækari markmið fyrir ákveðna flokka, þar sem sveitarfélagið vill skerpa á þeim áherslum sem skulu gilda á skipulagstímabilinu.

Aðalskipulag sveitarfélagsins felur í sér talsvert svigrúm til uppbyggingar, til að fylgja eftir fjölbreyttri stefnu í sveitarfélaginu. Líklega munu byggingarheimildir ekki verða fullnýttar á skipulagstímabilinu, en þær móta umgjörð til að styrkja núverandi byggð og starfsemi, ásamt því að stuðla að vexti og rými fyrir margvíslega þróun.

3.4 Yfirlit um íbúðir og atvinnusvæði í þéttbýliskjörnum

Þéttbýliskjarni	Íbúðarbyggð	Stærð [ha]	Fjöldi nýrra íbúða ⁸	Núverandi íbúðir
Sauðárkrókur	ÍB-401 – ÍB-411	115,7	241	1.010
Varmahlíð	ÍB-501 – ÍB-502	18,4	51	45
Hofsós	ÍB-601 – ÍB-603	19,3	68	73
Hólar	ÍB-701 – ÍB-704	12,3	62	98
Steinsstaðir	ÍB-801 – ÍB-802	5	12	11
Samtals		170,7	416	1.237

Þéttbýliskjarni	Atvinnusvæði	Stærð [ha]	Byggingarheimildir (m ²)	Núverandi byggingarmagn (m ²)
Sauðárkrókur	M-401-403, VP-401, AT-401-406, I-401-405, H-401, S-401-404, AF-401-402	163,4	331.200	107.969
Varmahlíð	VP-501-503, AF-501, AT-501, I-501-503, S-501-504	53,8	60.050	8.658
Hofsós	M-601, VP-601 AT-601-602 H-601 S-601-603	39,8	63.900	9.783
Hólar	S-701-702 AF-701	9,9	14.150	10.095
Steinsstaðir	VP-801-803, AT-801-802 AF-801-802 S-801 L-801	18,4	18.000	
Samtals		285,3	487.300	136.505


⁸ Eftir auglýsingu var fjöldi nýrra íbúða á Sauðárkróki uppfærður í 241 úr 223 áður. Breytingin er gerð með hliðsjón af samningi við uppbyggingaraðila á árinu 2021.

4 Sauðárkrókur

Sauðárkrókur er megin þéttbýlisstaður Sveitarfélagsins Skagafjarðar og miðstöð stjórnslu, verslunar og þjónustu í sveitarfélaginu. Á Sauðárkróki er fjölbreytt atvinnulíf, samfélagsþjónusta og menningarstarfsemi. Stutt er í náttúruna og fjölbreytt opin svæði fléttast inn í hverfi bæjarins.

Á Sauðárkróki bjuggu 2.633 íbúar í ársbyrjun 2020 og þar eru um 1.010 íbúðir.

Frá fornu fari var heimræði frá Sauðá og lending í betra lagi í svonefndum Sauðárkróki, vík utarlega í landi Sauðár. Heimildir eru og fyrir því að bændur úr héraðinu vestanverðu áttu þar verbúðir og héldu þaðan út skipum sínum vor og haust. Árið 1871 hófst föst búseta í Sauðárkróki og markar upphaf þéttbýlismyndunar á svæðinu. Bærinn byggðist í upphafi á sandsléttunni neðan við Nafirnar sem mynduð er af framburði Vestari-Héraðsvatna, Gönguskarðsár og Sauðár.⁹



Mynd 4-1 Sauðárkrókur og þéttbýlismörk

4.1 Leiðarljós

Leiðarljós fyrir þróun byggðar á Sauðárkróki er að tryggja að mæta megi mismunandi þörfum fyrir íbúðir með framboði af fjölbreyttu húsnæði. Íbúðarhverfi verði skipulögð með áherslu á fjölbreyttar húsagerðir.

Ný íbúðarbyggð þróist í góðu samhengi og tengslum við núverandi byggð til að tryggja hagkvæma nýtingu innviða og til að stuðla að góðu aðgengi íbúa að þjónustu. Miðað er við að nýta vel svæði sem ekki eru fullbyggð, styrkja götumyndir með uppbyggingu óbyggðra lóða eða vannýtttra svæða innan núverandi byggðar og að viðhalda byggðarmynstri.

Leiðarljós aðalskipulags eru að í sveitarfélaginu verði félagslegt öryggi, fjölbreytt félagslíf og öflug atvinna. Sveitarfélagið leggur áherslu á að viðhalda og auka við fjölbreytt

⁹ Byggðasafn Skagfirðinga. Rannsóknarskýrslur 2018/200 og Veðurstofa Íslands, 2015, Drög að ofanflóðahættumati fyrir Sauðárkrók.

atvinnulíf, efla ferðapjónustu, styrkja framleiðslu, efla sjávarútveg og standa vörð um landbúnaðarsvæði.

Í skipulaginu eru tekin frá stór atvinnusvæði í sveitarfélaginu. Það er hins vegar ljóst að þau muni ekki verði fullbyggð á skipulagstímabilinu, en ákveðið hefur verið að afmarka þau svæði sem eru ákjósanleg til uppbyggingar. Annars vegar eru skilgreind atvinnusvæði sem stefnt er að byggist upp á skipulagstímabilinu og hins vegar eru afmörkuð framtíðaratvinnusvæði.

Til að stuðla að gæðum íbúa er gert ráð fyrir að í skipulagi nýrra svæða eða endurmótun eldri svæða verði gert ráð fyrir opnum svæðum, sem m.a. geta verið almenningsgarðar, torg og leiksvæði.

4.2 Íbúðarbyggð (ÍB)

Íbúðarbyggð eru svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins.

Mesta uppbygging undanfarinna ára hefur verið í suðurjaðri þéttbýlisins, í Hlíðum og Túnnum. Hlíðar eru fullbyggð íbúðasvæði. Í Túnnum eru nokkrar óbyggðar lóðir við byggðar götur en líka landrými fyrir fjölgun íbúðarlóða.

Norðan Faxatorgs, Skólastígs og Knarrarstígs er gamli bærinn með íbúðarbyggð í bland við miðbæjarstarfsemi, verslun og þjónustu. Byggðin einkennist af lágreistri og fíngerðri byggð og þar eru mörg hús sem njóta verndar vegna aldurs. Í gamla bænum er að finna óbyggðar lóðir og vannýtt svæði þar sem tækifæri eru til að þróa nýja byggð og fylla inn í og bæta götumyndir. Stærst slíkra þróunarsvæða er götureitur milli Freyjugötu og Strandveggar, þar sem atvinnuhúsnæði hefur vikið og töluvert landrými losnað til uppbyggingar íbúða. Einnig má nýta lóðir og land betur við norðurenda Aðalgötu.

Skoðaðir hafa verið ýmsir valkostir í uppbyggingu í samræmi við fyrrgreind leiðarljós.

Markmið um íbúðarbyggð

Ný íbúðarbyggð sé í góðum tengslum við núverandi byggð og innviði og þéttbýlið þróist sem samfelld og heildstæð byggð.

Lögð er áhersla á að ljúka uppbyggingu íbúðahverfa sem ekki eru fullbyggð áður en ný svæði eru tekin til íbúðauppbyggingar. Forgangsröðun nýrrar íbúðabyggðar taki mið af hagkvæmri nýtingu innviða, þannig að fyrst byggist upp götur og svæði sem liggja nærri núverandi götum, veitukerfum og þjónustustofnunum.

Gera skal ráð fyrir um 200-250 nýjum íbúðum á Sauðárkróki á gildistíma áætlunarinnar.

Almenn stefna fyrir íbúðarbyggð á Sauðárkróki

- Nánara fyrirkomulag byggðar er útfært í deiliskipulagi. Í deiliskipulagi er leyfilegt að auka eða minnka nýtingarhlutfall á einstökum lóðum svo framarlega sem heildarbyggingarmagn sé í samræmi við það sem fram kemur í aðalskipulagi.
- Rík áhersla er lögð á vandað yfirbragð hverfa og bygginga.
- Við deiliskipulagsvinnu skal áhersla lögð á að undirstrika og efla sérstöðu Sauðárkróks og fallega bæjarmynd.
- Sauðárkrókur á sér rúmlega 140 ár byggðasögu og þar eru fjölmörg friðuð hús og söguleg byggð sem skilgreind hefur verið sem verndarsvæði í byggð. Áhersla er lögð á að vernda og styrkja miðbæinn, með hæfilegum byggingarheimildum til að

koma í veg fyrir stöðnun og til að tryggja jákvæða framþróun miðbæjarins á forsendum hinnar sögulegu byggðar.

- Minniháttar atvinnustarfsemi er heimil í íbúðarbyggð sem ætla má að valdi ekki nágrönnum óþægindum t.d. vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að heimagisting samkvæmt skilgreiningu reglugerðar og gististaðir í flokki II með allt að 5 herbergjum og rými fyrir allt að 10 gesti verði heimilir innan íbúðarbyggðar í sveitarfélaginu.

4.3 Íbúðarsvæði og heimildir

Stefnt er að því að fjöldi íbúða á íbúðarsvæðum á Sauðárkróki verði um 1.150 í lok skipulagstímabilsins. Til viðbótar eru íbúðir á miðsvæðum. Gert er ráð fyrir að svæðin geti verið í uppbyggingu á öllu skipulagstímabilinu.

Tafla 4.1 Íbúðarsvæði og fjöldi íbúða á Sauðárkróki


Nr.	Staður	Stærð [ha]	Fjöldi nýrra íbúða	Núverandi íbúðir	Fjöldi íbúða	Íb/ha
ÍB-401	Norðan Hlíðarstígs, vestan Aðalgötu	4,6	5	44	49	10,7
ÍB-402	Skógargata sunnan Hlíðarstígs og vestan Suðurgötu	1,9	5	22	27	14,2
ÍB-403	Freyjugata norðan Knarrarstígs	4,5	58 ¹⁰	22	62	13,8
Samtals í gamla bænum		11	68	88	90	8,2
ÍB-404	Ránarstígur - Hegrabraut	21,4	10	260 ¹¹	270	13,2
ÍB-405	Sauðármýri, Víðimýri.	3,8	30	44	74	19,5
Samtals í syðri bænum		25,2	40	304	344	13,7
ÍB-406	Sauðárlíð	13,9	0	86	86	6,1
ÍB-407	Raftahlíð	11,0	0	111	111	10,0
ÍB-408	Lerkihlíð / Grenihlíð	12,0	4	68	72	6,0
ÍB-409	Túnin og Sæti	36,5	19	305	324	9,4
Samtals sunnan Sauðár		73,4	23	570	593	8,1
ÍB-410	Milli Borgargerðis og Sauðárkróksbrautar	7,9	50	0	50	6,5
ÍB-411	Sauðárkíll	2,9	30	0	30	10,4
Samtals austan Borgargerðis		10,8	80	0	80	7,4
Samtals á Sauðárkróki		120,4	241	962	1.035	10

4.3.1 Gamli bærinn

Lögð er áhersla á að nýta lausar lóðir í gamla bænum til að byggja ný íbúðarhús, sem falla vel að yfirbragði núverandi byggðar, hvað varðar umfang og hæðir húsa. Ný hús styrki götumyndir.

¹⁰ Eftir auglýsingu var fjöldi nýrra íbúða á þessum reit uppfærður í 58 úr 40 í auglýstri tillögu vegna samnings við uppbyggingaraðila á árinu 2021.

¹¹ 70 íbúðir í 5 fjölbýlishúsum við Víðgrund og 178 íbúðarhús, sem flest eru einbýli en eitthvað um tvíbýli og fjórbýli.



Mynd 4-2 Íbúðarbyggð ÍB-401, ÍB-402 og ÍB-403 í gamla bænum á Sauðárkróki

ÍB-401 Norðan Hlíðarstígs, vestan Aðalgötu

- Forsendur gildandi deiliskipulags gamla bæjarins á Sauðárkróki frá 1987 um umfang og útfærslu uppbyggingar hafa breyst með gildistöku áætlunar um Verndarsvæði í byggð. Stefnt er að endurskoðun deiliskipulags gamla bæjarins með hliðsjón af breyttum forsendum.
- Við ákvarðanir um uppbyggingu á svæðinu skal líta til skilmála í staðfestri stefnu um Verndarsvæði í byggð, sbr. kafla 5 í verndaráætluninni og húsakönnunar (sjá kafla 4.13).
- Á óbyggðum lóðum er heimilt að byggja nýtt íbúðarhúsnæðis til að fylla inn í og styrkja götumynd.
- Í deiliskipulagi skal áhersla lögð á að uppbygging húsa, mannvirkja og umhverfi þeirra og almenningsrýma stuðli að því að styrkja heildarásýnd svæðisins. Nýbyggingar skulu miða að því að styrkja heildarásýnd svæðisins. Þær skulu falla vel að umhverfi og staðhátum og virða menningarsöguleg einkenni byggðarinnar og samræmast henni eins og kostur er hvað varðar umfang, útlit og efnisval.
- Gert er ráð fyrir að á þéttingarreitum innan ÍB-401 megi bæta við um 5 nýjum íbúðum í sérbýli.
- Hluti lóða ÍB-401 er innan hættusvæðis A samkvæmt hættumati vegna ofanflóða. Um skilyrði sem gilda um byggingar innan A-svæðis er vísað til kafla 4.17.1 Náttúruvá.



Mynd: RG

ÍB-402 Skógargata sunnan Hlíðarstígs og vestan Suðurgötu

- Á óbyggðum lóðum er heimilt að byggja nýtt íbúðarhúsnæðis til að fylla inn í og styrkja götumynd.
- Í deiliskipulagi skal áhersla lögð á að uppbygging húsa, mannvirkja og umhverfi þeirra og almenningsrýma stuðli að því að styrkja heildarásýnd svæðisins.
- Gert er ráð fyrir að á þéttingarreitum innan ÍB-402 megi bæta við um 5 nýjum íbúðum í sérbýli.
- Hluti lóða ÍB-402 er innan hættusvæðis A samkvæmt hættumati vegna ofanflóða. Um skilyrði sem gilda um byggingar innan A-svæðis er vísað til kafla 4.17.1 Náttúruvá.

ÍB-403 Freyjugata norðan Knarrastígs

- Gert er ráð fyrir að á svæðinu megi byggja allt að 58 nýjar íbúðir í sérbýli eða litlum fjölbýlishúsum.
- Ný íbúðarhús skulu vera í góðu samræmi við yfirbragði og stærðarhlutföll nærliggjandi byggðar, að jafnaði 1-2 hæðir og ris.
- Við ákvarðanir um uppbyggingu á svæðunum skal líta til staðfestrar stefnu um Verndarsvæði í byggð, sem tekur til norðurhluta íbúðarsvæðisins, og húsakönnunar (sjá kafla 4.13). Öll uppbygging húsa, mannvirkja og umhverfi þeirra og almenningsrýma skal stuðla að því að styrkja heildarásýnd svæðisins. Sögulegum einkennum skal viðhaldið og nýbyggingar skulu falla vel að umhverfi og virða menningarsöguleg einkenni byggðarinnar og samræmast henni eins og kostur er hvað varðar umfang, útlit og efnisval.
- Við endurskoðun deiliskipulags svæðisins verði lagt mat á hugsanlega sjávarflóðahættu. Samráð verði haft við Vegagerðina um fjarlægð bygginga frá Strandvegi.

Aðgerðir á skipulagstímabilinu


- Á skipulagstímabili Aðalskipulags Skagafjarðar 2020-2035 verði gildandi *Deiliskipulag gamla bæjarins frá 1987* endurskoðað í heild sinni. Við endurskoðun deiliskipulagsins skal tekið mið af fyrirbyggjandi húsakönnunum útgefnum 2018 og 2019 og verndarmarkmiðum í stefnu um Verndarsvæði í byggð, staðfestri af ráðherra 10. febrúar 2021.

4.3.2 Syðri bær

Syðri bærinn er afmarkaður frá Knarrarstíg og Skólastíg að Sauða. Innan þess er skilgreind íbúðarbyggð frá Ránarstíg að Hegrabraut sem er að mestu fullbyggt svæði og fastmótuð byggð 178 íbúðarhúsa, mest sérbylí auk þriggja hæða fjölbýlishúsa við Víðigrund þar sem eru 70 íbúðir.

Við Sæmundargötu austanverða er um 2.000 m² óuppbyggt svæði þar sem er tækifæri á íbúðauppbyggingu sem til stendur að nýta. Milli Skagfirðingabrautar og Víðigrundar eru fjölbýlishús á mjög stórum lóðum og þar er rými til þéttingar byggðar.

Innan íbúðarbyggðar við Víðimýri og Sauðarmýri eru þrjú fjölbýlishús með samtals 44 íbúðum. Svæðið er í góðum tengslum við núverandi gatnakerfi og innviði, og þar er gott aðgengi að verslun og þjónustu við Ártorg og stutt í leik- og grunnskóla.



Mynd 4-3 Íbúðarbyggð IB-404 og IB-405 í syðri bænum á Sauðárkróki

ÍB-404 Ránarstíg að Hegrabraut

- Austan við Sæmundargötu nr. 15 er heimilt að afmarka nýjar íbúðarlóðir milli Sæmundargötu og Strandvegur, að undangengnu áhættumati vegna sjávarflóðahættu.
- Milli Skagfirðingabrautar og Víðihlíðar er rými til fjölga íbúðum, svo sem með raðhúsum eða litlu fjölbýlishúsum.

ÍB-405 Víðimýri – Sauðármýri

- Áhersla er því lögð á hagkvæma uppbyggingu í góðum tengslum við miðsvæðið við Ártorg.
- Þéttleiki byggðar á svæðinu verði um 20 íbúðum á hektara að meðaltali, þar sem um er að ræða miðlægt íbúðarsvæði með gott aðgengi að verslun- og þjónustu á miðsvæðinu við Ártorg. Fullbyggt verði svæðið um 75 íbúðir og miðað við að heimilt verði að bæta við 30 nýjum íbúðum.
- Húsgerðir verði blandaðar, minni fjölbýlishús, raðhús og einbýli.

4.3.3 Sunnan Sauðár Hlíðahverfi og Tún

Hlíðahverfi er að mestu fullbyggt innan ÍB-406, ÍB-407 en innan ÍB-408 stendur til að bæta við lóðum innst í Kvistahlíð samhliða því sem spennustöð verður lögð niður (Mynd 4-4). Á skipulagstímabilinu er gert ráð fyrir að uppbyggingu síðustu óbyggðu íbúðarlóðanna í Túnnum ljúki.

ÍB-409. Við núverandi götur í Túnnum eru örfáar lóðir óbyggðar. Til stendur að leggja nýja götu, Nestún efst í hverfinu meðfram Sæmundarhlíð á skipulagstímabilinu.



Mynd 4-4 Íbúðarbyggð ofan Sauðár á Sauðárkróki.

4.3.4 Ný íbúðarbyggð austan Borgargerðis og við Sauðárkíl

Gert ráð fyrir nýrri íbúðarbyggð austan við Borgargerði og einnig við Sauðárkíl. Þar verði allt að 80 íbúðir.



Mynd 4-5 Ný íbúðarbyggð austan Borgargerðis og við Sauðárkíl

ÍB-410 Íbúðarbyggð milli Borgargerðis og Sauðárkróksbrautar

- Þar verði þéttleiki byggðar allt að 10 íbúðir á hektara í samræmi við þéttleika og yfirbragð Túnahverfis og gert ráð fyrir allt að 50 íbúðum í einbýlishúsum og raðhúsum.

ÍB-411 Íbúðarbyggð Sauðárkíl

- Þéttleiki byggðar á svæðinu verði allt að 15 íbúðir á hektara. Þar er gert ráð fyrir einbýlishúsum og raðhúsum, samkvæmt deiliskipulagi.

4.3.5 Helstu breytingar á stefnu um íbúðarbyggð á Sauðárkróki

Íbúðarbyggð ofan við Nafir, sem gert var ráð fyrir í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021, svæði ÍB-3.12 og ÍB-3.13, eru tekin út af aðalskipulagi. Svæðin eru fjarri ýmsum innviðum þéttbýlisins, svo sem skólum og veitum. Það er hagkvæmara að þetta byggð og byggja á svæðum sem geta nýtt betur fyrirliggjandi innviði. Með hliðsjón af íbúaspá og markmiðum um íbúafjölgun er ljóst að til næstu ára litið er ekki þörf fyrir uppbyggingu heildstæðs íbúðahverfis uppá Nöfum. Engu að síður er gert ráð fyrir að Nafirnar geti byggst upp sem íbúðarbyggð síðar ef forsendur um byggðarþróun breytast. Í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2009-2021 var skilgreint 4,3 ha miðsvæðis frá Sauða að Skagfirðingabraut og Borgargerði. Á svæðinu er starfræktur leikskóli en að öðru leyti er það óbyggt. Í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035 er gert er ráð fyrir að helmingur svæðisins eða um 2 ha verði skilgreindir fyrir nýja íbúðarbyggð, ÍB-411 (Mynd 4-5).

Fallið er frá uppbyggingu við Hásæti vegna verndar fornminja.

4.4 Miðsvæði (M)


Miðsvæði eru svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.

Á Sauðárkróki er miðstöð stjórnsýslu sveitarfélagsins ásamt fjölbreyttri verslun og þjónustu. Verslun og þjónusta fléttast saman við fingerða íbúðarbyggðina í gamla bænum, meðfram Aðalgötu og við Faxatorg, en við Ártorg er að finna stærri verslanir og skrifstofuhúsnæði og í Sauðármýri er gert ráð fyrir miðsvæði fyrir framtíðaruppbyggingu. Hótelbygging er hluti af framtíðaruppbyggingu og er miðað við að hún verði á miðsvæði.

Tafla 4.2 Miðsvæði á Sauðárkróki og byggingarmagn (m²)

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)	Tími*
M-401	Aðalgata - Faxatorg	10,0	n.a.	40.000	1, 2
M-402	Ártorg	5,0	18.050	32.900	1, 2
M-403	Sauðármýri - Sauðárkíll	2,8	1.120	15.000	2
Samtals		17,8		87.900	

* 1: 2020-2027, 2: 2028-2035. Áætluð áfangaskipting uppbyggingar.



Mynd 4.6 Miðsvæði á Sauðárkróki

Skipulagsákvæði fyrir miðsvæði á Sauðárkróki

- Á svæði M-401 skal við hönnun húsa og viðbygginga taka tillit til verndargildis gamla bæjarins og taka mið af markmiðum um verndarsvæði í byggð. Sérstaklega skal hugað að vandaðri hönnun og yfirbragði og laga sig að fingerðri byggð í umhverfinu. Leyfilegt er að byggja 1-2 hæðir.

- Á verndarsvæði í byggð innan miðsvæðis M-401, sbr. kafla 4.13, skal öll uppbygging húsa, mannvirkja og umhverfi þeirra og almenningsrýma stuðla að því að styrkja heildarásýnd svæðisins. Sögulegum einkennum skal viðhaldið og nýbyggingar skulu falla vel að umhverfi og virða menningarsöguleg einkenni byggðarinnar og samræmast henni eins og kostur er hvað varðar umfang, útlit og efnisval.
- Við deiliskipulag miðsvæða skal áhersla lögð á þægilegar og öruggar aðstæður fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur með aðlaðandi og skjólgóðum götu- og almenningsrýmum. Þar sem götur eru þröngar, svo sem í Aðalgötu og gamla bænum, skal hafa þarfir gangandi í forgangi við ráðstöfun og útfærslu göturýma og leitast við að draga úr fyrirferð bílastæða og bílaumferðar.
- Á miðsvæði M-401, á milli Freyjugötu og Sæmundargötu er gert ráð fyrir allt að 11 nýjum íbúðum í Gamla barnaskólanum. Auk þess er heimilt að byggja á sama götoreit allt að 7 íbúðir við Freyjugötu og Ránarstíg samkvæmt deiliskipulagi.
- Á svæði M-402 við Ártorg er gert ráð fyrir uppbyggingu verslunar- og þjónustu og atvinnustarfsemi sem fellur að yfirbragði og eðli miðbæjar. Þar er heimilt að byggja allt að 4 hæðir. Við deiliskipulags svæðisins skal lögð áhersla á að skapa vistlegt og fallegt miðbæjarumhverfi, gott umhverfi fyrir fótgangandi
- Á svæði M-403 er gert ráð fyrir uppbyggingu verslunar- og þjónustu og atvinnustarfsemi. Við deiliskipulag svæðisins skal áhersla lögð á að atvinnustarfsemi og uppbygging svæðisins falli vel aðliggjandi íbúðarbyggð á Sauðárkíl og á fallega ásýnd og gott og öruggt umhverfi fyrir fótgangandi.

Aðgerðir á skipulagstímabilinu

- Innan gamla bæjarins verði gerð greining á staðarvali og möguleikum til hótelluppbyggingar.

Stefna um gistipjónustu

Horft er til miðsvæðis í gamla bænum (M-401) fyrir þróun og uppbyggingu starfsemi tengdri ferðapjónustu, einkum veitinga- og gististarfsemi.

Um veitinga- og gististaði gilda lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 m.s.br. og samnefnd reglugerð nr. 1277/2016. Í löggjöfinni eru gististaðir flokkaðir með eftirfarandi hætti:

Flokkur I:	Heimagisting.
Flokkur II:	Gististaður án veitinga.
Flokkur III:	Gististaður með veitingum, þó ekki áfengisveitingum.
Flokkur IV:	Gististaður með áfengisveitingum.

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að heimagisting samkvæmt skilgreiningu reglugerðar á og gististaðir í flokki II með allt að 5 herbergjum og rými fyrir allt að 10 gesti verði heimilir innan íbúðarbyggðar í sveitarfélaginu.

Umfangsmeyri gististarfsemi í flokki II, III og IV, nánar tiltekið stærri gististaðir með 6 eða fleiri herbergi til útleigu og hótél skulu vera á miðsvæðum eða á svæðum fyrir verslun og þjónustu. Ef á skipulagstímabilinu koma fram áform um uppbyggingu hótels skal hótelinu fundinn staður á miðsvæðum.

4.5 Verslun og þjónusta (VP)

Verslun og þjónusta eru svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótélum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.

Á Sauðárkróki er skilgreint eitt verslunar- og þjónustusvæði þar sem er nærþjónusta fyrir Hlíða- og Túnahverfi.

Á verslunar- og þjónustusvæðinu VP-401 við Akurhlíð er gert ráð fyrir nærþjónustu fyrir Hlíða- og Túnahverfi, s.s. matvöruverslun og þjónustustarfsemi sem fellur vel að aðliggjandi íbúðarbyggð.

Tafla 4.3 Verslunar- og þjónustusvæði á Sauðárkróki og byggingarmagn (m²)

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)	Tími*
VP-401	Akurhlíð	0,4	583	2.000	1, 2

* 1: 2020-2027, 2: 2028-2035. Áætluð áfangaskipting uppbyggingar.

4.6 Athafnasvæði (AT)

Athafnasvæði eru fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaíðnaður.

Núverandi athafnasvæði Sauðárkróki eru í annars vegar ofan við hafnarsvæðið í norðanverðum bænum og hins vegar í austurjaðri bæjarins. Mögulegt er að auka nýtingu allra svæðanna.


Til að bjóða upp á svigrúm og fjölbreytta aðstöðu fyrir atvinnustarfsemi er lagt að til að stækka atvinnusvæði og bæta við einu nýju. Mikilvægt er fyrir sveitarfélagið að bjóða upp á lóðir og stærri svæði fyrir atvinnustarfsemi, sem byggir á styrkleikum sveitarfélagsins. Því er boðið upp á fjölbreytt svæði með talsverða uppbyggingarmöguleika í fyrstu áföngum. Þeir munu síðan aukast í samræmi við þörf.

Gert er ráð fyrir að athafnasvæðið AT-403 stækki til austurs í áföngum eftir því sem þörf krefur. Við deiliskipulag atvinnulóða á AT-403 austan Sauðárkróksbrautar þarf að taka tillit til nálægðar við íþróttasvæði hestamanna og tryggja viðunandi hljóðvist. Aftur á móti er AT-404 minnkað frá fyrra skipulagi til að koma til móts við náttúruverndarsjónarmið. Þá er afmarkað nýtt svæði AT-406 austan Þverárfjallsvegur, þar sem gert er ráð fyrir framleiðslu t.d. á koltrefjum.

Tafla 4.4 Athafnasvæði á Sauðárkróki og byggingarmagn (m²)

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)	Tími*
AT-401	Skarðseyri	7,6	9.500	20.000	1, 2
AT-402	Eyraryvegur, lóð olíugeyma	0,6	300	2.000	1, 2
AT-403	Borgarmýrar (1. áfangi).	48,6	21.000	60.000	1, 2
AT-404	Athafnasvæði	7,8	446	20.000	2
AT-405	Gránumóar	6,4	8.500	20.000	1, 2
AT-406	Austan Þverárfjallsvegur (1. áfangi)	32	0	25.000	1, 2
Samtals		102,2	39.746	147.000	

* 1: 2020-2027, 2: 2028-2035. Áætluð áfangaskipting uppbyggingar.



Mynd 4-6 Athafnasvæði (AT) á Sauðárkróki

Skipulagsákvæði fyrir athafnasvæði

- Í deiliskipulagi skal setja fram áfangaskiptingu uppbyggingar athafnasvæða. Leita skal leiða til að ná fram jákvæðum samlegðaráhrifum með því að staðsetja skylda atvinnustarfsemi í klösum eða innan sérhæfðra athafnasvæða eins og kostur er.
- Í deiliskipulagi skal áhersla lögð á góðan frágang lóða og ásýnd athafnasvæða. Heimilt er að gera kröfu um góða umgengni á lóðum. Ekki er heimilt að nýta almenningsvæði fyrir geymslu lausamuna. Óheimilt er að láta lausamuni standa til langframa innan lóðar, s.s. gáma, bíla, hjólhýsi, vinnuskúra, vélahluti, byggingarefni eða álíka muni. Lóðarhafi skal ávallt huga að lóð sinni og halda henni sem hreinlegastri svo engin hætta stafi af búnaði og munum innan hennar né sé öðrum til ama.
- Við jaðra athafnasvæða sem snúa að íbúðarbyggð skal gera ráðstafanir til að milda ásýnd athafnasvæða s.s. með trjágróðri og landmótun og tryggja að íbúðarbyggð og nærliggjandi hesthúsahverfi stafi ekki ónæði af atvinnustarfsemi á athafnasvæðum.
- Athafnasvæði í útjaðri opinna svæða skulu taka mið af vatnafari og náttúru. Vanda skal til verka við hönnun fráveitu og umhverfisfrágang.
- Huga skal að því að fjölbreytt framboð verði af lóðum fyrir athafnastarfsemi, s.s. hvað varðar stærð og staðsetningu.

4.7 Iðnaðarsvæði (I)

Iðnaðarsvæði eru fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólþælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar,


sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.

Á Sauðárkróki eru skilgreind fimm iðnaðarsvæði, sem tengjast veitum, orkuvinnslu og meðhöndlun á úrgangi. Almenn er heimilt að stækka mannvirki og byggja við á þessum svæðum í samræmi við þarfir. Ekki er lögð fram áfangaskipting uppbyggingar.

Ekki er gert ráð fyrir annarri almennri iðnaðarstarfsemi í þéttbýli Sauðárkróks, en fram kemur í töflu (Tafla 4.5).

Tafla 4.5 Iðnaðarsvæði á Sauðárkróki og byggingarmagn (m²)

Nr.	Staður / lýsing	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)
I-401	Vatnsveita og borholusvæði hitaveitu	15,0	170	10.000
I-402	Nýjar hreinsistöðvar fráveitu við Strandveg	2,0	0	1.500
I-403	Gönguskarðsárvirkjun 2. Orkuvinnsla. Uppsett afl 1,8 MW.	0,4	141	300
I-404	Sorpmóttaka og endurvinnsla	2,0	1.443	2.500
I-405	Svæði vatnsveitu	1,2	578	1.500
Samtals		20,6	2.332	15.800



Mynd 4-7 Iðnaðarsvæði á Sauðárkróki

4.8 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

Afþreyingar- og ferðamannasvæði eru fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.


Á Nöfum sunnan við kirkjugarðinn og ofan við íþróttasvæðið er tjaldstæði (AF-401). Gert er ráð fyrir að það verði styrkt og fest í sessi sem tjaldsvæði með þjónustuhúsi og öðrum innviðum til að taka við gestum. Stutt er frá tjaldsvæðinu að sundlaug, fjölbreyttum íþróttasvæðum og í miðbæinn eftir göngustígum. Á Flæðum norðan við sundlaugina hefur

verið rekið tjaldsvæði, en gert er ráð fyrir að svæðið byggst upp í samræmi við stefnu miðsvæði M-401 og tjaldsvæðið víki.

Gert er ráð fyrir nýju tjaldsvæði milli Sæmundarhlíðar og Sauðár. Þar er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir húsbíla og hjólhýsi. Með tveimur tjaldsvæðum verður sköpuð mjög góð aðstaða fyrir ferðamenn á Sauðárkróki, sem styður við þá stefnu að gera sveitarfélagið að áfangastað ferðamanna.

Tafla 4.6 Afþreyingar- og ferðamannastaðir (AF) á Sauðárkróki

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Lýsing
AF-401	Tjaldsvæði á Nöfum, sunnan kirkjugarðsins	9,4	Mannvirki sem tengjast tjaldsvæði. Heimilt að byggja allt að 150 m ² þjónustuhús.
AF-402	Milli Sæmundarhlíðar og Sauðár	3,2	Mannvirki sem tengjast útivist og afþreyingu þ.á m. veitingaþjónusta. Heimilt að byggja allt að 150 m ² þjónustuhús.
Samtals		12,6	




Mynd 4-8 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF) á Sauðárkróki

4.9 Hafnir (H)

Hafnarsvæði eru fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþega og smábátahafnir.

Sauðárkrókshöfn er meðalstór fiski- og flutningahöfn með alla algenga hafnarþjónustu. Á öllum viðleguköntum er hægt að afgreiða vatn og rafmagn nema á viðlegum minni báta, þar er einungis hægt að afgreiða rafmagn.¹²

Sauðárkrókshöfn er hluti af grunnneti samgönguáætlunar. Unnið er að heildstæðu deiliskipulagi Sauðárkrókshafnar.



Mynd 4-9 Hafnarsvæðið á Sauðárkróki

Markmið fyrir hafnarsvæðið

- Sauðárkrókshöfn þjóni þrjúþættu hlutverki sem fiski-, flutninga- og ferðamannahöfn.
- Fyrirtæki á hafnarsvæðinu í fiskvinnslu, flutninga- og ferðapjónustu hafi möguleika til að vaxa og dafna, að höfnin sé ákjósanlegur möguleiki fyrir flutningaskip og tenging við gamla bæinn sé góð.
- Unnið verði að rafvæðingu hafnarinnar svo skip geti tengst rafmagn í landi.
- Á hafnarsvæðinu verði góð aðstaða fyrir smábáta og tómsundaiðkun tengda sjónum.
- Stefnt er að því að höfnin geti tekið á móti skemmtiferðaskipum og skilgreind verði móttökusvæði fyrir ferðamenn.

Tafla 4.7 Sauðárkrókshöfn og byggingarmagn (m²)

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)
H-401	Sauðárkrókshöfn	32	25.000	45.000

¹² <https://hafnir.skagafjordur.is/is/upplýsingar/thjonusta-hafnarinnar>

4.10 Flugvellir (FV)

Flugvellir eru afmarkaðir fyrir tiltekið svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum, flugbrautum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri.

Sauðárkróksflugvöllur er flokkaður sem skráður lendingarstaður.¹³ Þar er flugstöð, flugskýli og tækjahús og er afmörkun flugvallarsvæðisins FV-401 dreginn umhverfis þær. Flugvallarlóðin (Lnr. 143928) er 94,1 ha og tekur einnig til flugbrautarinnar.¹⁴ Flugbrautin er með bundnu slitlagi og um 1.900 metrar að lengd. Ekkert í nágrenninu þrengir að flugvallarstæðinu. Um Sauðárkróksflugvöll hefur verið reglubundið áætlunarflug og er þjónusta árstíðabundin.

Stefnt er að því að flugvöllurinn uppfylli kröfur til að þjóna hlutverki varaflugvallar í áætlunarflugi innanlands, sbr. reglugerð um flugvelli (464/2007). Kröfurnar lúta að búnaði og rekstri flugvalla. Til að ná þeim markmiðum er nauðsynlegt að gera nokkrar umbætur á flugvöllinum á skipulagstímabilinu. Á flugvallarsvæðinu er því gert ráð fyrir uppbyggingu í tengslum við flugvöllinn.

Aðgerðir


- Yfirborð flugbrautar verði styrkt og burðarþol hennar aukið, svo sem með tjörubundnu grús í stað malar. Flugvallarbúnaður, svo sem ljósa- og fjarskiptabúnaður, fullnægi kröfum fyrir áætlunarflug innanlands.
- Þjónustustig flugvallarins verði skilgreint með hliðsjón af hlutverki hans sem varaflugvallar. Tryggt verði að opna megi flugvöllinn með skömmum fyrirvara.

Tafla 4.8 Flugvellir (FV) á Sauðárkróki

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)
FV-401	Sauðárkróksflugvöllur	80,3	994,5	2.000

¹³ Flugmálhandbók AIP á vef Samgöngustofu: <http://eaip.samgongustofa.is/27-Mar-2020-NA/>

¹⁴ Fasteignaskrá, skra.is



Mynd 4-10 Flugvöllur á Sauðárkróki 1

4.11 Samfélag

Stefna sveitarfélagsins er að tryggja verði að íbúar sveitarfélagsins hafi aðgang að góðri heilbrigðis- og félagsþjónustu og fjölbreyttum menntunartækifærum. Mikilvægt er að allir íbúar hafi góðan aðgang að samfélagsþjónustu. Í því felst öruggt og greitt aðgengi allra.

Aðalskipulagið leggur því fram stefnu um að áfram verði fjölpætt samfélagsþjónusta á Sauðárkróki og þjónustustofnanir hafi gott rými til að þróast og auka við starfsemi sína þar, í samræmi við þarfir og þróun í sveitarfélaginu og landshlutanum.

4.11.1 Samfélagsþjónusta (S)

Samfélagsþjónusta er svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningar-stofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustu-stofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Á Sauðárkróki er ein af sex megin starfstöðvum Heilbrigðisstofnunar Norðurlands (HSN) við Sauðárhæð. Á HSN er heilsugæsla, sjúkrahúsþjónusta með sjúkradeild og 7 sjúkrarými, göngudeild og öldrunarþjónusta í formi hjúkrunar- og dvalarrýma. eru þar 45 hjúkrunarrými og 9 dvalarrými.¹⁵

Lóð Heilbrigðisstofnunar Norðurlands er stór (S-404) og þar eru möguleikar á þróun og frekari uppbyggingu. Unnið er að fjölgun einstaklingsrýma, þar sem mikilvægt er að heildarfjöldi hjúkrunarrýma aukist í takt við vaxandi þörf samfélagsins fyrir hjúkrunarrými. Einnig er mikilvægt að önnur þjónusta geti vaxið að umfangi eftir því sem fjöldi íbúa vex og þarfir samfélagsins breytast.

¹⁵ Ársskýrsla HSN, 2018.

Neðan við Heilbrigðisstofnunina við Sauðárhæð og við bakka Sauðár er Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra (S-402 / S-403). Skólinn býður fram bóknám, verknám, starfsnám og heimavistarþjónustu. Nemendum hafa verið um 500 talsins að jafnaði undanfarin ár. Heimavistin rúmar allt að 150 manns. Starfsemi skólans er í tveimur byggingum; bóknámshúsi og verknámshúsi og heimavist er við Skagfirðingabraut 24 ofan íþróttahússins og Árskóla. Rými er til stækkunar við byggingar Fjölbrautaskólans og heimavistina.

Fjölbrautarskóli Norðurlands vestra hefur sett sér markmið um að bjóða upp á fjölbreytt bók-, iðn- og starfsnám í takt við þarfir íbúa og atvinnulífs á svæðinu. Horft er til sóknar á sviði matvælaframleiðslu, plastiðna, ferðamennsku og annarra þeirra sviða sem eftirspurn er eftir hverju sinni til viðbótar hefðbundnu námi til stúdentsprófs og námi í einstökum iðngreinum. Með hliðsjón af því er talin þörf á að byggja upp fjölnota húsnæði sem auðvelt er að breyta með mismunandi þarfir einstakra námsleiða í huga.¹⁶



Mynd 4-11. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra. Mynd af heimasíðu skólans fnv.is

Grunnskólinn Árskóli er við Skagfirðingabraut (S-401). Í Árskóla starfa um 420 manns, þar af stunda um það bil 340 nemendur nám. Á lóð grunnskólans er rými til viðbygginga.

Leikskólinn Ársalir er rekinn í tveimur húsum, sem annars vegar hýsir eldra stig og hins vegar yngra stig. Eldra stig hefur aðsetur við Árkíl. Yngra stig er staðsett við Víðigrund. Ekki er skilgreind landnotkun samfélagsþjónustu fyrir lóðir leikskólans heldur er hann hluti íbúðarbyggðar (ÍB-404) og miðsvæðis (M-403).

Uppbygging samfélagsþjónustu mun fylgja þróun og ekki er sett fram sérstök áfangaskipting í aðalskipulaginu.

Tafla 4.9 Samfélagsþjónusta á Sauðárkróki og byggingarheimildir

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)
S-401	Árskóli og Heimavist fjölbrautarskóla Norðurlands	2,8	11.890	15.000
S-402	Fjölbrautarskóli Norðurlands vestra – verknámshús	1,4	1.594	3.000
S-403	Fjölbrautarskóli Norðurlands -bóknámshús	1,0	2.796	4.500
S-404	Heilbrigðisþjónusta	4,7	9.186	15.000
Samtals		9,9	25.466	37.500

¹⁶ <https://www.fnv.is/is/skolinn/skolanamskra/skipurit-saga-og-syn-skolans>



Mynd 4-12 Samfélagsþjónustusvæði á Sauðárkróki

- Gert er ráð fyrir mögulegri viðbótaruppbyggingu til að þróa áfram starfsemi þjónustustofna á Sauðárkróki; Árskóla og Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra og Heilbrigðisstofnun Norðurlands.
- Við hönnun og uppbyggingu þjónustustofnana skal lögð áhersla á öruggt og gott aðgengi allra, sbr. kröfur um algilda hönnun. Einnig skal stutt við sjálfbæra ferðamáta með góðum tengslum við stígakerfi og hjólastæði við byggingar.
- Helstu mennta- og heilbrigðisstofnanir sveitarfélagsins eru staðsettar miðlægt á Sauðárkróki og eru áberandi kennileiti í bænum. Vanda skal til hönnunar nýbygginga, viðbygginga og umhverfisfrágangs á lóðum stofnanna.

4.11.2 Kirkjugarðar og grafreitir (K)

Á Nöfum er Sauðárkróskirkjugarður. Gert er ráð fyrir að hann stækki til vesturs og heimild er fyrir uppbyggingu aðstöðu í tengslum við kirkjugarðinn.

Tafla 4.10 Kirkjugarðar á Sauðárkróki

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)
K-401	Nafir	4,0	59	1.000

4.11.3 Íþróttasvæði (ÍÞ)

Íþróttasvæði eru fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingarsvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar.

Á Sauðárkróki er fjölbreytt aðstaða til íþróttaiðkunar og þar er mikið íþrótt- og tómstundastarf eins og annars staðar í sveitarfélaginu. Það er sundlaug, íþróttahús og


Íþróttaleikvangur til alhliða íþróttaiðkunar (Íþ-401). Gert er ráð fyrir að á íþróttasvæðunum á Sauðárkróki geti byggist upp góð aðstaða fyrir fjölbreyttar íþróttir t.d. brettabraut.

Stórt hesthúsasvæði er á Flæðunum og þar er reiðhöll (Íþ-404). Golfvöllur er á Nöfunum (Íþ-402). Í skipulaginu er golfvöllur stækkaður og jafnframt er hesthúsasvæði stækkað til vesturs.

Gert er ráð fyrir nýju akstursíþróttasvæði fyrir vélhjól á fyrrum efnistökusvæði ofan við Gönguskarðsá (Íþ-404). Heimildir eru fyrir uppbyggingu mannvirkja í tengslum við starfsemina.

Tafla 4.11 Íþróttasvæði á Sauðárkróki

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)
Íþ-401	Íþróttasvæði Sauðárkróks, Skagfirðingabraut	4,8	n.a.	10.000
Íþ-402	Golfvöllur að Hlíðarenda	64	150	500
Íþ-403	Motocross-svæði	4,8	0	200
Íþ-404	Hesthús, reiðskemma, samkomuhús og skeiðvöllur á Flæðum við Tjarnartjörn	33,4	6.030	10.500
Samtals		124,7	6.180	10.700



Mynd 4-13 Íþróttasvæði á Sauðárkróki

Skipulagsákvæði fyrir íþróttasvæði

- Við deiliskipulagsgerð á svæði golfvallarins að Hlíðarenda skal hafa samráð við Minjastofnun Íslands. Á svæðinu eru skráðar fornminjar, gamla bæjarstæði Hlíðarenda, Hæringsbúðir og líklegt að minjar liggi undir sverði víða á svæðinu.

4.12 Götur, stígar og reiðleiðir

Megin markmið fyrir samgöngur á Sauðárkróki eru að tryggja öryggi allra vegfarenda og styðja sérstaklega við sjálfbæra ferðamáta með góðu stíganeti og aðlaðandi umhverfi fyrir gangandi og hjólandi.

Á Sauðárkróki er gert ráð fyrir að núverandi vegakerfi haldist óbreytt, en fallið er frá fyrri stefnu um nýja tengibraut yfir Sauða upp á Nafir. Reiðleiðir um þéttbýlið eru endurskoðaðar.

Stefna um hönnun gatna

Götur innan þéttbýlis og umhverfi þeirra eru mikilvæg almenningsrými. Sveitarfélagið er veghaldari gatna á Sauðárkróki. Með vandaðri hönnun gatna er hægt að ná miklum ávinningi í umferðaröryggi og jafnframt móta aðlaðandi almenningsrými sem bæta bæjarbrag og lífsgæði.

Vönduð hönnun gatna felur í sér að nota lausnir sem eru viðeigandi með tilliti hlutverks gatna og staðsetningar. Í húsagötum, miðbæjargötum og annars staðar þar sem gert er ráð fyrir rólegri umferð (< 30km/klst) er nauðsynlegt að umgjörð gatna hvetji ekki til hraðaksturs.

Miðbæjargötur eru umferðaræðar fyrir bíla, eru almenningsrými þar sem fólk gengur um, staldrar við og sækir þjónustu. Viðeigandi breidd akreina og gangstétta, yfirborðsfrágangur, fyrirkomulag bílastæða og gróður eru þættir sem þarf að útfæra með tilliti til markmiða um aðlaðandi bæjarumhverfi og öruggar götur sem þægilegt er að fara um óháð ferðamátum.



Mynd 4-14 Við Aðalgötu á Sauðárkróki eru gangstéttar víða mjóar og þrep við húsdýr sem ná út á þær.
Mynd: ja.is 2020.

Í Aðalgötu er göturýmið nokkuð þröngt eins og oft einkennir gamla bæjarhluta, en slík lágreist og þétt byggð er jafnan skjólgóð og gönguvænleg í eðli sínu. Við Aðalgötu standa fjölmörg gömul og falleg hús og þar er fjölbreytt þjónusta. Tækifæri eru til að gera göturými þessarar lykilstötu í gamla bænum meira aðlaðandi og vistlegra fyrir gangandi með breiðari gangstéttum og gróðri þar sem rými er. Gangstéttar við Aðalgötu eru mjóar og þrep við húsdýr taka yfir hluta þeirra. Gangstéttar þurfa að vera nægilega breiðar til að auðvelt sé að ganga um þær með barnavagn og mæta öðrum vegfarendum. Með slíkum aðgerðum og hönnunarlausnum má jafnframt draga úr umferðarhraða.

Aðgerðir á skipulagstímabilinu

- Stefnt er að því að vinna markvisst í umbótum á umhverfi og hönnun gatna á Sauðárkróki samhliða reglubundnum viðhaldsfrákvæmdum og endurnýjun slitlags.

- Áhersla verði lögð á að gefa gangandi vegfarendum aukið rými og vægi í samgöngukerfi bæjarins s.s. með breikkun gangstétta þar sem þörf er á, t.d. í gamla bænum og meðfram Skagfirðingabraut.
- Gönguleiðir barna að skóla og frístundastarfi verði gefinn sérstakur gaumur hvað varðar öryggi, aðgengi og upplifun.
- Á miðsvæðinu frá Kirkjutorgi norður Aðalgötu verði lögð áhersla á vistleg göturými, breikkun gangstétta, gróðurreit og vandaðan yfirborðsfrágang. Fjöldi og staðsetning bílastæða þarf að byggja á þarfagreiningu og rökstyðja sérstaklega í deiliskipulagi með hagkvæma nýtingu lands að leiðarljósi.
- Við helstu þjónustuvæði þarf að gera ráð fyrir rafhleðslustöðvum á hentugum og aðgengilegum stöðum. Í deiliskipulagi skal staðsetning og fyrirkomulag rafhleðslustöðva útfært.

4.12.1 **Göngu- og hjólaleiðir**

Á Sauðárkróki er meginhluti íbúðarbyggðar í þægilegu göngufæri frá miðsvæðum og þeirri þjónustu og vinnustöðum eða innan við 5 mínútna göngufjarlægð (um 500 m) sem þar eru (Mynd 4-16).

Meðfram Skagfirðingabraut og öðrum tengibrautum eru aðgreindir göngustígar, en hefðbundnar gangstéttir eru meðfram öðrum götum. Þörf er á endurbótum á gangstéttum á nokkrum stöðum innan Sauðárkróks og huga þarf að breikkun gangstétta samhliða viðhaldi þeirra, sbr. stefnu um hönnun gatna í kafla hér að framan.




Mynd 4-15 Göngustígur meðfram Skagfirðingabraut. Mynd: ja.is 2020. Já hf.

Sérstakir hjólastígar eru ekki innan Sauðárkróks, heldur eru stígar sameiginlegir fyrir gangandi og hjólandi. Í húsagötum þar sem umferðarhraði undir 30 km/klst og umferð er lítil eru aðstæður ágætar til hjólreiða.

Tækifæri til að auka hlutdeild sjálfbærra samgöngumáta eru mikil á Sauðárkróki vegna tiltölulega stuttra vegalengda innan bæjarins. Mikil lífsgæði felast í því að geta sinnt daglegum erindum, sótt vinnu eða þjónustu í göngufæri við heimili.

Aðgerðir til að efla vistvæna og heilsusamlega ferðamáta felast fyrst og fremst í uppbyggingu og viðhaldi vandaðra stíga og umhverfis fyrir gangandi og hjólandi, svo sem skjólmyndun með trjágróðri og runnum meðfram götum og stígum.

Göngustígurinn vestan Skagfirðingabrautar frá Árskóla og íþróttasvæðinu að Ráðhúsi er mikilvæg gönguleið sem þarf að breikka og betrubæta með skjólgróðri meðfram götu.



Mynd 4-16 Myndin sýnir svæði sem eru í um 5 mínútna (500 m) göngufjarlægð frá Kirkjutorgi og Árskóla.


Skipulagsákvæði um göngu- og hjólaleiðir

- Meginleiðir gangandi og hjólandi verði skilgreindar og göngustígar og hjólaleiða myndi heildstætt, öruggt og vandað stígakerfi innan Sauðárkróks. Yfirborðsfrágangur stíga verði bættur og nýjar tengingar gerðar þar sem þörf er á.
- Gangstéttar og stígar verði breikkaðir þar sem umferð fótgangandi er alla jafna mikil, svo sem við Skagfirðingabraut og Aðalgötu í gamla bænum.
- Áhersla verði á öruggar þveranir stíga yfir götur.
- Aukið verði við trjágróður meðfram stígum og götum til skjólmyndunar og fegrunar.

4.12.2 **Reiðleiðir**

Gert er ráð fyrir reiðleið frá svæði hestamanna austan þéttbýlisins sem liggur sunnan byggðar í Hlíðahverfi, upp á Sauðárháls og norður yfir Sauða og þaðan eftir vegi með háspennulínu, norður yfir Gönguskarðsá.

Ofan golfvallar við Hlíðarendu er að finna Hæringsbúðir, fornar tóftir. Hafa þarf samráð við Minjastofnun Íslands um framkvæmdir við stígagerð í grennd við minjarnar.



Mynd 4-17 Reiðleiðir á Sauðárkróki

Helstu breytingar sem snúa að samgöngum

- Í endurskoðuðu aðalskipulagi er fallið frá vegtengingunni yfir Sauðá og uppá Nafir, en áfram gert ráð fyrir vegtengingum af Nöfum um Hlíðarstíg inn í miðbæinn og til norðurs að Gönguskarðsá.

4.13 Minjavernd (MV)

Minjavernd eru svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar.

Innan gamla bæjarins á Sauðárkróki eru allmörg hús sem njóta verndar samkvæmt lögum um menningarminjar. Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð.

Samkvæmt húsakönnun fyrir Suðurgötu eru sex hús við götuna aldursfriðuð og fimm hús byggð á tímabilinu 1920 til 1925 og því umsagnarskyld, sbr. mynd 4.19.¹⁷

Í norðurhluta gamla bæjarins á Sauðárkróki sem tekur til svæðisins norðan við Hlíðarstíg og Kirkjutorg eru 39 hús hundrað ára eða eldri og þar af leiðandi friðuð.


Tvö hús á Sauðárkróki eru friðlýst, Sauðárkróskirkja og Villa Nova (Aðalgata 23). Í húsakönnun eru jafnframt Aðalgata 2 (gamli barnaskólinn) og Lindagata 13 (Hallshús) metin með svo hátt verndargildi að mælt er með því að friðlýsa þau.¹⁸

Tafla 4.12 Minjavernd á Sauðárkróki, friðlýstar fornleifar, hús og mannvirki

¹⁷ Húsakönnun Sauðárkróks, Suðurgata. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga 2019.

¹⁸ Húsakönnun Sauðárkróks, Norðurhluti gamla bæjarins, Héraðsskjalasafn Skagfirðinga 2018.

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Lýsing
MV-401	Gamli bærinn	4,6	Verndarsvæði í byggð, staðfest 25.2.2021. Friðlýstar minjar: Aðalgata 23 (Villa Nova). Friðlýst bygging. Timburhús, flutt tilsníðið til landsins frá Noregi. Byggt 1903. Friðað af menntamálaráðherra 15. desember 1999 Sauðárkróskirkja. Friðlýst bygging. Bygð 1892. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.



Mynd 4-18 Varðveislugildi húsa. Gamli bærinn - norðurhluti Sauðárkróks. Kort, SOS, 2018. Úr Húsakönnun Sauðárkróks. Norðurhluti gamla bæjar. 2018.

Gamli bærinn á Sauðárkróki – norðurhluti (Mynd 4-18) hefur verið skilgreindur sem verndarsvæði í byggð sbr. 4. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015.¹⁹ Tillaga sveitarstjórnar að verndaráætlun var staðfest af mennta- og menningarmálaráðherra 25. febrúar 2021.

Í gildi er deiliskipulag fyrir gamla bæinn frá 1987, sem tekur meðal annars yfir verndarsvæðið.

Við deiliskipulagsgerð og leyfi til framkvæmda innan gamla bæjarins skal taka mið af verndaráætluninni, sbr. eftirfarandi:

- Við allar framkvæmdir innan verndarsvæðisins skal leggja áherslu á gæði byggingarefna og vandaðan frágang. Öll uppbygging húsa, mannvirkja og umhverfi þeirra og almenningsrýma skal stuðla að því að styrkja heildarásýnd svæðisins. Sögulegum einkennum skal viðhaldið og þau dregin fram og samræma skal umfang og útlit bygginga og mannvirkja.
- Nýbyggingar skulu falla vel að umhverfi og staðháttum og virða menningarsöguleg einkenni byggðarinnar og samræmast henni eins og kostur er hvað varðar umfang, útlit og efnisval.
- Heimilt er að flytja eldri hús á auðar lóðir og eiga sömu skilmálar við þau og nýbyggingar hvað varðar útlit, eins og fram kemur hér að framan.
- Viðbygging skal að gerð, stærð og efnisvali falla vel að húsinu og ekki breyta ríkjandi svipmóti þess og þess gætt að viðbyggingar verði ekki ríkjandi húshlutar.

Við deiliskipulagsgerð og áður en leyfi eru gefin út til framkvæmda skal haft samráð við Minjastofnun Íslands. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsóknna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi, sbr. 1. mgr. 16. gr. laga um menningarminjar.

Aðrar skráðar minjar innan þéttbýlisins á Sauðárkróki

Ýmsar búsetuminjar er að finna í og við þéttbýlið sem spanna frá elstu Íslandsbyggð og allt fram á 20. öld. Gerð er grein fyrir þeim í fornleifaskrá fyrir Sauðá sem unni var árið 2005²⁰. Meðal helstu minjastaða inn þéttbýlismarkna Sauðárkróks eru:

- **Sauðá.** Bæjarhóll gamla Sauðarbæjarins, kirkjustæði og grafreitir. Staðsett milli lóðanna Hásætis 6 og 12 í Túnahverfi.
- **Hlíðarendi.** Bæjarstæði. Staðsett við golfskála.
- „**Hæringsbúðir**“. Tóftir vestan golfvallarins undir Hálsum.

4.14 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)

Efnistöku- og efnislosunarsvæði eru þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram


¹⁹ Tillaga að verndarsvæði í byggð. Sauðárkrókur. 2018. <https://www.minjastofnun.is/verndarsvaedi-i-byggd/samthykkt-verndarsvaedi/saudarkrokur/>

²⁰ Sauðá í Borgarsveit – fornleifaskráning vegna aðalskipulags. Rannsóknarskýrsla Bygðasafns Skagfirðinga (2005/42)

fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómenguð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda.

Á Sauðárkróki hefur efni verið tekið af svæði austan Gönguskarðsár. Þar er gert ráð fyrir áframhaldandi efnistöku til austurs. Þar sem efnistöku er lokið verði aðstaða fyrir efnislosun fyrir hrein og ómenguð jarðefni (E-401, Mynd 4.20). Miðað er við að efnistöku ljúki á fyrri hluta skipulagstímabils.

Ný náma er skilgreind, E-402, nyrst á þéttbýlismörkum. Náman er ætluð til viðhalds og nýframkvæmda í vegagerð, auk þeirrar uppbyggingar sem fyrirhuguð er í þéttbýlinu.



Mynd 4-19 Efnistöku- og losunarsvæði á Sauðárkróki

Tafla 4.13 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E) á Sauðárkróki

Nr. i	Staður	Stærð [ha]	Lýsing / heimildir
E-401	Efnistöku- og efnislosunarstaður við Gönguskarðsá	13	Efnistaka 20.000 m ³ . Efnislosun fyrir hrein og ómenguð jarðefni. Magn efnis til losunar verði minna en 150.000 m ³ . Raskað svæði.
E-402	Efnistökusvæði	2,3	Malanáma. Allt að 100.000 m ³ efnistaka.
E-403	Efnistökusvæði, Borgarsandur	2,0	Setnáma í sjávarkambi, allt að 80.000 m ³
Samtals		17,5	

Skipulagsákvæði fyrir efnistöku- og losunarsvæði

- Sveitarfélagið mun vinna áætlun um magn sem losunarstaður getur tekið við. Í samræmi við þær áætlanir skal tekin ákvörðun um það hvort deiliskipuleggja þurfi efnislosunarsvæðin. Eingöngu er heimilt að losa ómengaðan jarðveg á E-401, m.a. vegna grunnvatnsmála.


- Frágangur og staðsetning efnishauga á E-401 þarf að taka mið af því hversu varanlegur hluti umhverfisins efnið verður. Jarðvegstippa þarf að fella að landslagi og gróðurfari nánasta umhverfis, því þeir verða hluti landslags að frágangi loknum.
- Efnistaka og efnislosun er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar og fellur undir málmeðferð laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana 111/2021. Efnislosunarstaðir eru jafnframt háðir starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands, sem setur starfseminni skilyrði og hefur eftirlit með henni.
- Ganga þarf frá öllum efnistökusvæðum strax og efnistöku lýkur. Almenna reglan við frágang efnistökusvæðis er sú að ganga þarf þannig frá svæði að það falli aftur að umhverfi sínu og líkist sem mest landformum í nágrenni þess. Ef efnistökusvæði er gróið áður en efnistaka hefst, þarf að græða það upp þegar efnistöku lýkur.

4.15 Opin svæði (OP)

Opin svæði: Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar

Talsvert er af opnum svæðum á Sauðárkróki, sem er mikilvægur þáttur í að tryggja íbúum og gestum aðgengi að fjölbreyttum útivistarsvæðum. Svæðin eru mismunandi að stærð og eðli. Heimilt er að reisa mannvirki í tengslum við þjónustu við opna svæðin, enda skerði það ekki gæði eða notkun svæðis, svo sem stíga, áningarstaði og leiksvæði.

Lögð er áhersla á skynsamlega nýtingu opinna svæða með það að markmiði að svæðin séu nytsamleg til leikjaiðkunar og útivistar.



Mynd 4.20 Opin svæði á Sauðárkróki

Tafla 4.14 Opin svæði (OP) á Sauðárkróki


Nr.	Staður	Stærð [ha]	Lýsing
OP-401	Leiksvæði í Túnahverfi (tvö svæði)	4,2	Leiksvæði og skrudgarðar.
OP-402	Tún	4,3	Fristundabúskapur. Þar er fjárhús og ræktarland.
OP-403	Sunnan Sauðár, milli Borgargerðis og Skagfirðingabrautar	13	Til framtíðar litið er þetta vel staðsett uppbyggingarsvæði í grennd við miðsvæði og þjónustu. Svæðið er nokkur raskað eftir jarðvinnu og losun efna. Óheimilt er að losa efni á svæðinu. Stefnt er að því að bæta ásýnd svæðisins og frágang.
OP-404	Upp með Sauðá	13,2	Útivistarsvæði. Fyrst og fremst gönguleiðir.
OP-405	Ofan Sauðár og byggðar	90	Tún og svæði fyrir fristundabúskap, hlíðin milli Nafa og byggðar. Útivistarsvæði.
OP-406	Sauðá vestan Tjarnar	23,5	Útivistarsvæði. Reiðleiðir / göngustígar. Viðkvæmt svæði.
OP-407	Austan Tjarnar, Borgarsandur	160,0	Svæðið kringum Tjörn og flugvöllinn. Viðkvæmt svæði.
OP-408	Gönguskarðsá	16	Meðfram Gönguskarðsá ofan við virkjun. Útivistarsvæði og gönguleiðir.
OP-409	Vestan Gönguskarðsár	38	Svæðið meðfram Þverárfjallsvegi að Gönguskarðsá, umhverfis athafnasvæði.
OP-410	Blandað útivistarsvæði	35	Svæði sunnan við Hlíðarendavöll og vestan við skógræktarsvæði
OP-411	Gránúmóar	12,6	Svæði kringum athafnasvæði.
Samtals		409,8	



Mynd: RG

4.16 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)

Skógræktar- og landgræðslusvæði eru fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu.



Mynd 4-21 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) á Sauðárkróki

Tafla 4.15 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) á Sauðárkróki

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Lýsing
SL-401	Undir Háls	72,4	Í brekkunni undir Háls er töluvert skóglendi og um það liggja gönguleiðir sem tengja það Sauðárgili. Huga þarf að varnarlínunum, brunahólfum og aðgengi að vatni.
SL-402	Skógræktarsvæði	1,4	Heimild fyrir skógrækt. Huga þarf að varnarlínunum og aðgengi að vatni.
Samtals		73,8	

Skipulagsákvæði fyrir skógræktarsvæði

- Við skógrækt og stígagerð skal haft samráð við minjavörð um skráningu menningarminja.
- Huga skal að varnarlínunum og brunahólfum alls staðar þar sem skógur er ræktaður. Þegar skógi er plantað er mikilvægt að hann sé ekki of samfelldur og hafa skal í huga hólfun með varnarlínunum. Skipta má skóginum upp með því að planta ákveðnum - tegundum lauftrjáa í beltum sem brenna síður. Hægt er að nýta misfellur í landslaginu og slóðir sem varnarlínur. Huga þarf að flóttaleiðum út úr skóginum og hafa fleiri en einn möguleika ef eldur lokar útgönguleið. Aðgengi að vatni er mikilvægt.²¹
- Felling skóga eða hluta þeirra er óheimil nema með leyfi Skógræktarinnar, Árleg felling í skógum landsins skal að jafnaði ekki vera meiri en árlegur vöxtur þeirra.

²¹ Skipulag skóga - Gróðureldar (grodueldar.is)

Skógræktin veitir leiðbeiningar um grisjun skóga, sbr. lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.



Mynd: RG

4.17 Takmarkanir á landnotkun

4.17.1 Náttúruvá (NV)

Náttúruvá er fyrir svæði þar sem hættu er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari.

Ofanflóð

Hættumat vegna ofanflóða á Sauðárkróki var unnið af Veðurstofu Íslands á vegum hættumatsnefndar Skagafjarðar og var það staðfest með undirritun Umhverfis- og auðlindaráðherra þann 3. mars 2016. Við hættumatið er litið til ofanflóðahættu í núverandi þéttbýli á Sauðárkróki og á svæðum sem gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir að lögð verði undir byggð.

Snjóflóðahætta er undir Nöfunum á Sauðárkróki. Undir Nöfunum háttar þannig til að hús standa nærri allbröttum bökkum og eru nokkur húsanna nær brekkunni en sem svarar 25° úthlaupshorni og heimildir um snjóflóð og aurskriður gefa einnig tilefni til athugunar.

Samkvæmt reglugerð um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða (505/2000) skal afmarka þrens konar hættusvæði, þ.e. A-, B- og C-hættusvæði, þar sem hættan er minnst á A-svæðum en mest á C-svæðum.

Gilda eftirfarandi skilyrði um uppbyggingu á hættusvæðum:


- Á hættusvæðum A er heimilt að reisa nýtt íbúðar- og atvinnuhúsnæði, svo og skála sem ætlaðir eru til næturgistingar á skíðasvæðum. Skóla, leikskóla, sjúkrahús,

samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús er heimilt að reisa enda séu þau styrkt til að standast ástreymisþrýsting, sbr. töflu II.

- Á hættusvæðum B er heimilt að reisa ný einbýlishús og fjölbýlishús með allt að 4 íbúðum, svo og byggja við skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús enda séu húsin og/eða viðbyggingarnar styrktar til þess að standast ástreymisþrýsting, sbr. töflu II. Heimilt er að reisa atvinnuhúsnæði svo og skála á skíðasvæðum, sem ekki eru ætlaðir til næturgistingar, án kvaða um styrkingar. Nýja skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús er óheimilt að reisa.
- Á hættusvæði C er einungis heimilt að reisa ný mannvirki þar sem ekki er búist við stöðugri viðveru fólks til búsetu eða til vinnu, s.s. dælu- og spennistöðvar, línumöstur og önnur sambærileg mannvirki enda skapist ekki frekari hætta gagnvart annarri byggð ef mannvirkið yrði fyrir áraun af völdum ofanflóða. Heimilt er að breyta íbúðar- og atvinnuhúsnæði þó þannig að heildaráhætta á viðkomandi svæði aukist ekki, t.d. með fjölgun íbúða eða fjölgun starfsmanna.²²

Hættan á Sauðárkróki er tiltölulega lítil miðað við ofanflóðahættu á flestum öðrum þéttbýlisstöðum hér á landi þar sem talin er hætta á ofanflóðum og eru því eingöngu skilgreind A- og B-hættusvæði.

- Alls eru 25 hús og ein kartöflugeymsla á A-svæði en engar byggingar á B-svæði samkvæmt hættumatinu. Ellefu íbúðarhúsanna eru við Skógargötu, fjögur við Kambastíg, fjögur við Suðurgötu, þrjú við Brekkugötu, eitt við Lindargötu og loks eru tvö íbúðarhús og ein kartöflugeymsla við Hlíðarstíg (Mynd 4-20).²³



Mynd 4-20 Hættumat Veðurstofunnar fyrir ofanflóð á Sauðárkróki. Afmörkuð A og B svæði.

²² <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/505-2000>

²³ https://www.vedur.is/gogn/snjoflod/haettumat/saudarkrokur/hmat_undirritad.pdf

Ekki er talin vera hættu á stórfelldum skriðuföllum eða hruni, en á skipulagstímabilinu er stefnt að því kortleggja jarðlagagerð, þykkt og eðli setlaga undir Nöfum svo hægt sé að meta áhættu af völdum aurskriða með meiri vissu.²⁴

Sjávarflóð

Í skýrslu Vegagerðarinnar (2020)²⁵ kemur fram sú niðurstaða að hækka beri sjóvarnargarð við Strandveg um 40-60 cm. Þannig þurfi hæð þeirra að vera á bilinu +4,2 til 4,3 m, lægst vestast næst höfninni en hærri austar.

- Gert er ráð fyrir að sjóvarnargarðurinn við Strandveg verði hækkaður til að uppfylla viðmiðunarmörk fyrir ásættanlega ágjöf, sbr. ofangreint.

Jafnframt kemur fram að setja þurfi strangari kröfur fyrir aðstæður eins og á eyrinni á Sauðárkróki þar sem sjór safnast fyrir á landi og afrennsli á ekki greiðan aðgang út í sjó. Til að meðalágjöf í atburðum svipuðum þeim og orðið hafa í vetur verði einn tíundi hluti þess sem í raun varð þá þarf að hækka sjóvörnina norðan á Skarðseyrinni um tæpan metra í hæðina +4,9 m. Þannig er verið að breyta tíðni atburða sem nú koma að jafnaði á árs fresti, yfir í það að koma á um 10 til 30 ára fresti.

- Gert er ráð fyrir að sjóvörn á norðanverðri eyrinni verði hækkuð til að uppfylla viðmiðunarmörk fyrir ásættanlega ágjöf, sbr. ofangreint.

4.17.2 Hindranafletir flugvalla (HF)

Hindranafletir flugvalla: Svæði í nágrenni flugvallarsvæðis og á áhrifasvæði flugvallar sem háð er takmörkunum á hæð mannvirkja og gróðurs vegna flugtaks og lendingar sem settar eru í skipulagsreglum flugvalla, sbr. lög um loftferðir.

Ekki liggur fyrir afmörkun á hindranafötum flugvallarins. Hins vegar eru ekki byggingar og mannvirki í grennd við flugbrautarendana. En huga þarf að því að heimila ekki mannvirki í ákveðinni fjarlægð og hæð frá flugbrautarendum.

Sauðárkróksflugvöllur er flokkaður sem skráður landingarstaður. Um Sauðárkróksflugvöll er ekki reglubundið áætlunarflug og þjónusta mögulega árstíðabundin skráningu í Flugmálahandbók AIP á vef Samgöngustofu.²⁶

Í reglugerð um flugvelli nr. 464/2007 eru settar kröfur um skráða landingarstaði, aðbúnað og reiknireglur um hindrunarfleti.

Sjá stefnumörkun um Sauðárkróksflugvöll í kafla 4.10.

²⁴ Veðurstofa Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Háskóli Íslands. *Skriður: Þekkingaruppbygging, vöktun og hættumat*. Minnisblað til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis dags. 5.2.2021.

²⁵ Vegagerðin, 2020. [Sauðárkrókur – Sjávarflóð – Mat á sjóvörnum og hættu á sjávarflóðum](#).


²⁶ Flugmálahandbók AIP á vef Samgöngustofu: <http://eaip.samgongustofa.is/27-Mar-2020-NA/>

VARM AHLÍÐ

5 Varmahlíð

Í Varmahlíð bjuggu 123 í ársbyrjun 2020. Í Varmahlíð er miðsvæðis í sveitarfélaginu og þar er nokkuð fjölbreytt atvinnulíf, samfélagsþjónusta og menningarstarfsemi.

Nýbýlið Varmahlíð var stofnað árið 1930 á spildu lands austan í Reykjarhólum, en Varmahlíðarhverfið nær nú yfir allan Reykjarhólinn. Vísað er í skilgreiningar á landnotkunarflokkum í kafla 4.2 til 4.17.



Mynd 5-1 Þéttbýlið í Varmahlíð

5.1 Leiðarljós

Leiðarljós fyrir þróun byggðar í Varmahlíð er að bjóða upp á íbúðarsvæði til að mæta aukinni eftirspurn. Ný íbúðarsvæði þróist í góðu samhengi og tengslum við núverandi byggð til að tryggja hagkvæma nýtingu innviða og til að stuðla að góðu aðgengi íbúa að þjónustu.

Miðað er við að íbúðarbyggðin þróist til vesturs við Birkimel og íþróttasvæðið og þéttleiki og yfirbragð byggðar verði í samræmi við núverandi byggðamynstur í Varmahlíð.



Mynd 5-2 Íbúðabyggð og atvinnusvæði í Varmahlíð

5.2 Íbúðarbyggð (ÍB)

Íbúðarbyggðin í Varmahlíð samanstendur af einbýlis-, tvíbýlis- og parhúsum við Laugaveg, Norðurbrún og Skógar og Birkimel.

Til að styðja við leiðarljós sveitarfélagsins og mæta þörfum íbúa er gert ráð fyrir talsvert af nýjum íbúðum í Varmahlíð. Nýjar íbúðir verði í góðum tengslum við núverandi byggð og nálægt þjónustu bæjarins, s.s. skólanum. Skilgreind íbúðarsvæði eru tvö, en annað þeirra ÍB-501 er nánast fullbyggt.

Gert ráð fyrir að ný íbúðauppbygging verði að mestu í sunnanverðu þéttbýlinu í framhaldi af Birkimel til suðurs og vesturs. Svæðið mun byggjast upp í áföngum á skipulagstímabilinu.

Tafla 5.1 Íbúðarsvæði í Varmahlíð og fjöldi íbúða

Nr. i	Staður	Stærð [ha]	Nýjar íbúðir	Núverandi íbúðir	Alls íbúðir	Tími
ÍB-501	Laugavegur og Norðurbrún Skógarstígur	6,2	1	25	26	1, 2
ÍB-502	Birkimelur - Furulundur	19,0	50	20	70	1, 2
Samtals		25,2	51	45	96	

* 1: 2020-2027, 2: 2028-2035. Áætluð áfangaskipting uppbyggingar.

Skipulagsákvæði fyrir íbúðarbyggð

- Gert er ráð fyrir að ný íbúðarbyggð verði svipuð að yfirbragði og þéttleika og núverandi byggð. Húsagerðir verði fyrst og fremst einbýli, tvíbýli og raðhús á einni til tveimur hæðum.

- Við skipulagningu ÍB-502 þarf að huga vel að aðkomu að svæðinu, gæðum og fjarlægð frá hringveginum. Á svæðinu rúmast vel 50 nýjar íbúðir sem jafngilda um 8,2 íbúðum á hektara, en á skipulagstímabilinu er gert ráð fyrir að fyrri áfangi með um 25 íbúðum byggist upp.
- Minniháttar atvinnustarfsemi er heimil í íbúðarbyggð sem ætla má að valdi ekki nágrönnum óþægindum t.d. vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að heimagisting samkvæmt skilgreiningu reglugerðar á og gististaðir í flokki II með allt að 5 herbergjum og rými fyrir allt að 10 gesti verði heimilir innan íbúðarbyggðar í sveitarfélaginu.

Helstu breytingar á stefnu um íbúðarbyggð

Stærð og afmörkun íbúðarsvæðis ÍB-502 við Birkimel er breytt og gert ráð fyrir uppbyggingu til vesturs. Fjölgun íbúða.



Mynd: SB

5.3 Verslun og þjónusta (VP)

Megin verslunarsvæði Varmahlíðar (VP-501) er við Sauðárkróksbraut við vegamót Hringvegarins. Þar er verslun, veitingasala, upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn og fleira. Rými er til aukinnar uppbyggingar á svæðinu, einkum við norðurhluta þess en einnig í nágrenni við upplýsingamiðstöðina.

Neðan við vegamót Hringvegarins og Sauðárkróksbrautar er svæði VP-502, þar sem er vélaverslun á rúmgóðri lóð og svæði til frekari uppbyggingar sunnan hennar. Svæði VP-503 er ekki byggt, en þar er gert ráð fyrir ýmis konar verslun og þjónustu, sem nýtur góðs af nálægð við aðliggjandi atvinnusvæði og þjóðvegi.

Gert er ráð fyrir hliðrun Sauðárkróksbrautar (nr. 75) til austurs hjá vegamótunum við Hringveginn, sem kallar á breytingu á vegamótunum. Hliðrun Sauðárkróksbrautar er nauðsynlega til að gefa byggðinni aukið svigrúm.

Tafla 5.2 Verslunar- og þjónustusvæði í Varmahlíð og byggingarmagn (m²)

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)	Tími*
VP-501	Varmahlíð, verslun og þjónusta	2,2	1.744	11.000	1, 2
VP-502	Vélaverslun v. Hringveginn	1,2	339	6.000	1, 2
VP-503	Við vegamót Skagafjarðavegar	0,4	0	2.500	1, 2
Samtals		3,8	2.083	19.500	

* 1: 2020-2027, 2: 2028-2035. Áætluð áfangaskipting uppbyggingar.

Skipulagsákvæði fyrir verslun- og þjónustu

- Áhersla skal lögð á hagkvæma nýtingu lóða og vandaða ásýnd bygginga og lóðafrágang á verslunar- og þjónustulóðum. Til að ná þeim áherslum er lögð áhersla á að í deiliskipulagi verði markmið að stuðla að góðri ásýnd svæðisins með vandaðri hönnun bygginga, lóðaskipulagi og fyrirkomulagi bílastæða. Öruggt og gott aðgengi allra að starfsemi svæðisins verði tryggt og leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum bílaumferðar.

5.4 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

Sunnan við Reykjarhól er skjólgott tjaldsvæði umlukið trjágróðri. Þar er salernisaðstaða og snyrting, vatn og rafmagn og góð aðstaða fyrir gesti í tjöldum og hjólhýsum. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu þjónustu í tengslum við rekstur tjaldsvæðisins.

Tafla 5.3 Afþreyingar- og ferðamannastaðir (AF) í Varmahlíð

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Lýsing
AF-501	Tjaldsvæðið Reykjarhóll	5	Gert er ráð fyrir 250 m ² þjónustuhúsi.

5.5 Athafnasvæði (AT)

Við Skagafjarðarveg er athafnasvæði. Gert er ráð fyrir að á svæðinu austan Skagafjarðarvegjar verði sorpmóttaka ásamt lóðum fyrir léttan iðnað og starfsemi sem almennt er heimil á athafnasvæðum.

Um er að ræða mikið landrými, en til að byrja með verða þó byggingarheimildir takmarkaðar en þær rýmkaðar í samræmi við þróun á svæðinu.

Með skipulaginu verður gott framboð af lóðum sem hentar fjölbreyttri atvinnustarfsemi, sem styrkir byggðakjarnann í Varmahlíð.

Gert er ráð fyrir að uppbygging verði í áföngum og verði áfangaskipting þess ákveðin í deiliskipulagi.

Tafla 5.4 Athafnasvæði í Varmahlíð og byggingarmagn (m²)

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)
AT-501	Víðimelur við Skagafjarðarveg sunnan Hringvegjar	30	354	25.000

Skipulagsákvæði fyrir athafnasvæði

- Í deiliskipulagi skal áhersla lögð á góðan frágang lóða og ásýnd athafnasvæða. Við jaðra athafnasvæðis skal sérstaklega gera ráðstafanir í til að milda ásýnd athafnasvæða með trjágróðri og landmótun og tryggja að íbúðar- og frístundabyggð stafi ekki ónæði af atvinnustarfsemi á athafnasvæðum.
- Heimilt er að gera kröfu um góða umgengni á lóðum. Ekki er heimilt að nýta almenningssvæði fyrir geymslu lausamuna. Óheimilt er að láta lausamuni standa til langframa innan lóðar, s.s. gáma, bíla, hjólhýsi, vinnuskúra, vélahluti, byggingarefni eða álíka muni. Lóðarhafi skal ávallt huga að lóð sinni og halda henni sem hreinlegastri svo engin hætta stafi af búnaði og munum innan hennar né sé öðrum til ama.

5.6 Iðnaðarsvæði (I)

Í Varmahlíð eru þrjú lítil iðnaðarsvæði, sem tengjast hitaveitu og sorpmóttöku. Almenn er heimilt að stækka mannvirki og byggja við á þessum svæðum í samræmi við þarfir. Á þessum iðnaðarsvæðum er aðeins gert ráð fyrir veitumannvirkjum og sorpmóttöku, en ekki annarri almennri iðnaðarstarfsemi.

Tafla 5.5 Iðnaðarsvæði í Varmahlíð og byggingarmagn (m²)

Nr.	Staður / lýsing	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)
I-501	Reykjarhóll, borholusvæði hitaveitu	1,8	n.a.	1.000
I-502	Vestan við Norðurbrún, dæluhús hitaveitu	0,4	50	100
I-503	Sorpmóttökusvæði með tilheyrandi mannvirkjum	0,6	0	200
Samtals		2,8	>50	1.300

* 1: 2020-2027, 2: 2028-2035. Áætluð áfangaskipting uppbyggingar.

5.7 Landbúnaðarsvæði (L)

Innan þéttbýlismarka Varmahlíðar afmarkað landbúnaðarsvæði, L-501, Reykjarhóll upp með Víðimýrará. Ekki er heimild fyrir þaueldi eða landbúnaðarstarfsemi sem kann að hafa neikvæð áhrif á íbúðarbyggð í Varmahlíð.

Tafla 5.6 Landbúnaðarsvæði í Varmahlíð

Nr.	Staður	Stærð [ha]
L-501	Víðimelur tún	9

5.8 Samfélagsþjónusta (S)

Í Varmahlíð eru leikskóli við Furulund (S-503) og grunnskólinn Varmahlíðarskóli (S-502). Varmahlíðarskóli er grunnskóli fyrir 1.-10. bekk og rekinn af Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi. Nemendur eru að jafnaði rúmlega 100 og koma úr Varmahlíð og dreifbýli í framanverðum Skagafirði og Akrahreppi en auk þess koma nemendur skólans frá öðrum svæðum. Allir nemendur utan göngufæris er boðið skólaakstur.²⁷

Við Varmahlíðarskóla er íþróttahús og sundlaug. Félagsheimilið Miðgarður er skammt sunnan Varmahlíðarskóla. Slökkvi- og björgunarmiðstöð er staðsett við Sauðárkróksbraut. Til að svigrúm sé til að taka á móti íbúafjölgun er gert ráð fyrir að stækkun bygginga fyrir samfélagsþjónustu á skipulagstímabilinu.

²⁷ Úr starfsáætlun Varmahlíðarskóla af heimasíðu. <https://www.varmahlidarskoli.is/static/files/2018-2019/vhl-starfsaaetlun-2018-2019.pdf>

Tafla 5.7 Samfélagsþjónusta (S) í Varmahlíð og byggingarmagn (m³)

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)
S-501	Félagsheimilið Miðgarður, Varmahlíðarskóli, íþróttahús og sundlaug	1,9	5.671	12.500
S-502	Furulundur 3, leikskóli	0,4	185	500
S-503	Slökkvistöð, björgunarmiðstöð	0,3	365	1.000
Samtals		2,6	6.221	14.000

5.9 Göngu- og hjólaleiðir

Stefnt er að því að bæta aðstæður fyrir gangandi innan þéttbýlisins í Varmahlíð með því skýrari afmörkun gönguleiða meðfram götum og góðum yfirborðsfrágangi gönguleiða.

Áhersla er lögð á skýrar, öruggar og þægilegar gönguleiðir úr íbúðargötum að grunnskóla, leikskóla og verslunar- og þjónustusvæðinu við þjóðveginn.

Í lokuðum húsgötum þar sem alla jafna er lítil og hægfara bílaumferð getur göturýmið verið sameiginlegt fyrir alla ferðamáta. Með yfirborðmerkingum skal til að tryggja gangandi meira rými og gefa öikumönnum skýr skilaboð um að taka tillit til gangandi vegfarenda.

Malarstígar og tröppur eru milli gatna í hlíðinni, þ.e. Laugavegar, Norðurbrúnar og Birkimels og einnig eru malarstígar frá skólanum að íþróttasvæðinu.

5.10 Íþróttasvæði (ÍÞ)

Sunnan við Reykjarhól er grasvöllur, hlaupabraut og battavöllur. Þar er ekki önnur aðstaða eða íþróttamannvirki. Á svæðinu er gert ráð fyrir uppbyggingu aðstöðu í tenglum við íþróttastarf.

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Lýsing / heimildir
ÍÞ-501	Íþróttasvæði	4	Íþróttasvæði sunnan við Reykjarhól. Grasvöllur, battavöllur og hlaupabraut. Heimilt að byggja upp aðstöðu í tengslum við íþróttastarfsemi.

5.11 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)

Á Reykjarhól er skógræktarsvæði og útivistarsvæði. Um svæðið liggja gönguleiðir og áningarstaðir s.s. útsýnisskífa og minningarreitir.

Innan skógræktarsvæðisins á Reykjarhól (SL-501) eru heimilar framkvæmdir sem þjóna notkun svæðisins sem skógræktarsvæðis og almenns útivistarsvæðis, s.s. gerð stíga, áningarstaða og leiksvæða.

Tafla 5.8 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Lýsing
SL-501	Reykjarhóll	39,6	Á Reykjarhóll er skóglendi og um það liggja gönguleiðir. Innan þess er að finna minningarreit og útsýnisstað með skífu. Huga að varnarlínunum, brunahólfum og aðgengi að vatni.
SL-502	Norðan við Furulund	1,5	Skógrækt. Huga að varnarlínunum og aðgengi að vatni.
SL-503	Norðan við Hof	1,8	Skógrækt. Huga að varnarlínunum og aðgengi að vatni.
Samtals		42,9	

Skipulagsákvæði fyrir skógræktarsvæði

- Huga skal að varnarlínunum og brunahólfum alls staðar þar sem skógur er ræktaður. Þegar skógi er plantað er mikilvægt að hann sé ekki of samfelldur og hafa skal í huga hólfun með varnarlínunum. Skipta má skóginum upp með því að planta ákveðnum - tegundum lauftrjáa í belti sem brenna síður. Hægt er að nýta misfellur í landslaginu og slóðir sem varnarlínur. Huga þarf að huga að flóttaleiðum út úr skóginum og hafa fleiri en einn möguleika ef eldur lokar útgönguleið. Aðgengi að vatni er mikilvægt.²⁸
- Felling skóga eða hluta þeirra er óheimil nema með leyfi Skógræktarinnar, Árleg felling í skógum landsins skal að jafnaði ekki vera meiri en árlegur vöxtur þeirra. Skógræktin veitir leiðbeiningar um grisjun skóga, sbr. lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.

5.12 Náttúruvá

Sumarið 2021 féll aurskriða á tvö hús við Laugaveg úr vegstæði Norðurbrúnar. Með hliðsjón af því er tilefni til athugunar á skriðuhættu innan byggðar í Varmahlíð. Sjá einnig kafla 26.2 Náttúruvá og markmið um kortlagningu jarðlaga undir hlíðum í þéttbýli með tillit til skriðuhættu.

²⁸ [Skipulag skóga - Gróðureldar \(groureltar.is\)](http://skopulag.skoga-groureltar.is)

HOF SÓ S

6 Hofsós

Á Hofsósi voru íbúar 158 talsins í árbyrjun 2020²⁹ og skráðar íbúðir voru 108.³⁰ Núverandi íbúðarbyggð nær að meginhluta frá Hofsá til suðurs að Kirkjugötu.

Ýmis afþreying og þjónusta er í boði fyrir ferðamenn á Hofsósi; verslun, veitingahús, gisting, tjaldstæði, verkstæði, sundlaug, sparkvöllur og ærslabelgur. Vísað er í skilgreiningar á landnotkunarflokkum í kafla 4.2 til 4.17.



Mynd 6-1 Þéttbýlið á Hofsósi


6.1 Leiðarljós

Leiðarljós fyrir þróun byggðar á Hofsósi ný íbúðarbyggð þróist í góðu samhengi og tengslum við núverandi byggð til að tryggja hagkvæma nýtingu innviða og til að stuðla að góðu aðgengi íbúa að þjónustu. Miðað er við að nýta vel svæði sem ekki eru fullbyggð og að viðhalda byggðarmynstri. Aðdráttarafli bæjarins fyrir ferðamenn verði viðhaldið og aukið.

Leiðarljós aðalskipulags eru að í sveitarfélaginu verði félagslegt öryggi, fjölbreytt félagslíf og öflug atvinna. Sveitarfélagið leggur áherslu á að viðhalda og auka við fjölbreytt atvinnulíf, efla ferðaþjónustu, styrkja framleiðslu, efla sjávarútveg og standa vörð um landbúnaðarsvæði.

²⁹ Hagstofa Íslands, 2020.

³⁰ Íbúðarlánasjóður, 2017



Mynd 6-2 Íbúðabyggð og atvinnusvæði

6.2 Íbúðarbyggð (ÍB)

Markmið um íbúðarbyggð

- Ný íbúðarbyggð verði í góðum tengslum við núverandi byggð og innviði og þéttbýlið þróist sem samfelld og heildstæð byggð.
- Lögð er áhersla á að ljúka uppbyggingu íbúðahverfa sem ekki eru fullbyggð áður en ný svæði eru tekin til íbúðauppbýggingar. Forgangsröðun nýrrar íbúðarbyggðar taki mið af hagkvæmri nýtingu innviða, þannig að fyrst byggist upp götur og svæði sem liggja nærri núverandi götum, veitukerfum og þjónustustofnunum. Rík áhersla er lögð á vandað yfirbragð hverfa og bygginga.
- Minniháttar atvinnustarfsemi er heimil í íbúðarbyggð sem ætla má að valdi ekki nágrönnum óþægindum t.d. vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að heimagisting samkvæmt skilgreiningu reglugerðar og gististaðir í flokki II með allt að 5 herbergjum og rými fyrir allt að 10 gesti verði heimilir innan íbúðarbyggðar í sveitarfélaginu.



Mynd: SB

Áherslan er á að ljúka við uppbyggingu á íbúðarsvæðum ÍB-601 og 602. Á síðari hluta skipulagstímabilsins og til lengri tíma litið er gert ráð fyrir að íbúðarbyggð þróist til austurs og suðurs frá núverandi íbúðarbyggð. Einnig er gert ráð fyrir að fjölga megi íbúðarhúsum á Brekkunni.

Tafla 6.1 Íbúðarbyggð á Hofsósi og fjöldi íbúða

Nr. i	Staður	Stærð [ha]	Fjöldi nýrra íbúða	Núverandi íbúðir	Tími
ÍB-601	Karástígur, Hvassafell, Suðurbraut	2,8	3	19	1, 2
ÍB-602	Túngata, Austurgata, Kirkjugata, Sætún og Hátún. Suðursvæði.	13,5	54-59	42	1, 2
ÍB-603	Brekkann	7,2	6	12	2
Samtals		23,5	63-68	73	

* 1: 2020-2027, 2: 2028-2035. Áætluð áfangaskipting uppbyggingar.

ÍB-6.1 Kárástígur, Suðurbraut og Hvassafell

Svæðið er nær fullbyggt með 19 einbýlishúsum. Við Kárástíg eru 3 lóðir óbyggðar.

- Við Kárástíg er heimilt að byggja ný íbúðarhús á lausum lóðum.

ÍB-6.2 Túngata, Austurgata, Kirkjugata, Sætún og Hátún. Suðursvæði.

Á íbúðarsvæðinu eru 42 íbúðir og óbyggðar lóðir fyrir sex einbýlishús og eitt raðhús með þremur íbúðum.

- Lokið verði við uppbyggingu lausra íbúðalóða við Kirkjugötu, Hátún og Samtún, þar sem gert er ráð fyrir 9 íbúðum í einbýlis- og raðhúsum.
- Í framhaldi af Austurgötu og Kirkjugötu og austan við Hátún er gert ráð fyrir um 10 til 15 íbúðum í einbýlishúsum eða raðhúsum í samræmi við þéttleika og yfirbragð núverandi íbúðarbyggðar. Þéttleiki byggðar verði um 10 íbúðir á hektara.

- Að lokinni uppbyggingu ofangreindra svæða, er gert ráð fyrir uppbyggingu á suðurhluta ÍB-602. Þar er áætlað að byggja megi um 35 íbúðir til viðbótar.

ÍB-603 Brekkan

Á Brekkunni eru 12 íbúðarhús, en ekki er föst búseta í þeim öllum. Önnur hús eru skemmur og geymslur. Byggðin er dreifð og ber einkenni þorps. Húsin þar standa við ónefnda götu en bera öll nöfn. Elstu tvö húsin eru byggð um aldamótin 1900 en flest hinna sem standa ofar og nær Norðurbraut eru frá miðri síðustu öld eða yngri.

Í áætlun um verndarsvæði í byggð á Hofsósi fyrir elstu byggðina neðan við Brekkuna, sem nefnd eru Sandurinn og Plássíð, er sett fram hugmynd um að færa út mörk verndarsvæðisins síðar svo það nái yfir Brekkuna.³¹

- Gert er ráð fyrir að landnotkun svæðisins verði skilgreind íbúðarbyggð í samræmi við núverandi notkun. Þar má gera ráð fyrir viðbyggingum og nýjum íbúðarhúsum í samræmi við deiliskipulag, allt að 5 íbúðir/ha eða 6 nýjum íbúðum.
- Við deiliskipulagsgerð skal gerð krafa um vandaða hönnun húsa og fallega ásýnd nýrrar byggðar á Brekkunni. Leitast við að viðhalda byggðarmynstrinu og legu vegslóðanna í meginatriðum. Svæðið er áberandi innan bæjarins og ofan við elstu byggðina á Hofsósi, Sandinn og Plássíð. Taka skal tillit til aðliggjandi verndarsvæðis í byggð og markmiðum þess.

Helstu breytingar á stefnu um íbúðarbyggð á Hofsósi

Dregið er úr umfangi nýrrar íbúðarbyggðar til suðurs með hliðsjón af íbúðarþróun og markmiðum um að forgangsraða uppbyggingu og tryggja samfellda þróun íbúðarbyggðar.

Brekkan ásamt Bakka, sem tekur til lóðanna við Kárástígur 9 til 14 voru í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2009-2021 skilgreind sem hluti miðsvæðis. Þessi svæði eru nú skilgreind sem íbúðarbyggð.

6.3

Miðsvæði (M)

Á miðsvæðinu frá Lindargötu að Suðurbraut og milli Túngötu og Skólagötu er gert ráð fyrir uppbyggingu verslunar- og þjónustu og atvinnustarfsemi sem fellur að yfirbragði og eðli miðbæjar. Þar er heimilt að byggja allt að 3 hæðir. Uppbygging verði útfærð í heildstæðu deiliskipulagi fyrir götueitinn ásamt lóðunum við Suðurbraut 2-12.

Miðsvæði M-601 tekur samkvæmt Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035 til Plássins neðan við Bakka og svæðis milli Skólabrautar og Túngötu, sem áður var skilgreint verslunar- og þjónustusvæði.

Plássíð er skilgreint miðsvæði og þar er gert ráð fyrir blandaðri starfsemi, verslun- og þjónustu í bland við íbúðir. Plássíð telst næstum fullbyggt og fyrst og fremst gert ráð fyrir viðhaldi húsa og umhverfisumbótum. Plássíð er hluti af verndarsvæði í byggð og gilda um það skilmálar verndaráætlunar, sem staðfest var af mennta- og menningarmálaráðherra 10. febrúar 2021. Sjá einnig kafla 6.15 Minjavernd.

Tafla 6.2 Miðsvæði á Hofsósi og byggingarmagn (m³)

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)	Tími*
M-601	Höfðaborg, Suðurbraut og Plássíð	3	3.990	6.000	1, 2

* 1: 2020-2027, 2: 2028-2035. Áætluð áfangaskipting uppbyggingar.

³¹ Verndarsvæði í byggð. Hofsós. Tillaga og greinargerð, 2018. Staðfest af mennta- og menningarmálaráðherra 24. febrúar 2020. <http://www.minjastofnun.is/verndarsvaedi-i-byggd/>



Skipulagsákvæði á miðsvæði á Hofsósi

- Við deiliskipulag svæðisins skal lögð áhersla á að skapa vistlegt og fallegt miðbæjarumhverfi, gott umhverfi fyrir fótgangandi.
- Heimilt er að byggja allt að 3 hæðir. Nýtingarhlutfall innan lóða skal vera á milli 0,2-0,5.

Verndarsvæði í byggð

Æskilegt að unnið verði heildstætt deiliskipulag fyrir Plássíð. Við deiliskipulagsgerð og útgáfu leyfa vegna framkvæmda, svo sem viðbygginga við hús, skal hafa eftirfarandi viðmið að leiðarljósi:

- Nýbyggingar skulu falla vel að umhverfi og staðháttum og virða menningarsöguleg einkenni byggðarinnar og samræmast henni eins og kostur er hvað varðar umfang, útlit og efnisval.
- Viðbygging skal að gerð, stærð og efnisvali falla vel að húsinu og ekki breyta ríkjandi svipmóti þess og þess gætt að viðbyggingar verði ekki ríkjandi húshlutar.
- Heimilt er að flytja eldri hús á auðar lóðir og eiga sömu skilmálar við þau og nýbyggingar hvað varðar útlit, eins og fram kemur hér að framan, sjá nánar kafla 6.13 um Minjavernd.

6.4 Verslun og þjónusta (VP)

Afmarkað er nýtt verslunar- og þjónustusvæði við vegamót Hofsósbrautar og Siglufjarðarvegur (VP-601). Svæðið er ætlað fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi sem ekki er hentugt að koma fyrir á miðsvæðinu á Hofsósi. Þar getur verið um að ræða rýmisfreka verslun sem kallar á stórar lóðir, heildsölur og þrífalegur léttur iðnaður svo sem verkstæði. Á VP-601 er ekki heimilt að vera með matvöruverslun eða gistipjónustu, því það kann að draga úr tækifærum fyrir slíkan rekstur á miðsvæðum.

Tafla 6.3 Verslunar- og þjónustusvæði á Hofsósi og byggingarmagn (m³)

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)	Tími*
VP-601	Vegamót Hofsósbrautar og Siglufjarðarvegur	4,5	0	15.000	1, 2

* 1: 2020-2027, 2: 2028-2035. Áætluð áfangaskipting uppbyggingar.

Skipulagsákvæði fyrir verslun og þjónustu

- Óheimilt er að reka matvöruverslun á svæðinu.
- Nýtingarhlutfall innan lóða er allt að 0,5.

6.5 Athafnasvæði (AT)

Við Norðurbraut ofan við höfnina er athafnasvæði AT-601 þar sem er frystihús og aðstöðuhús. Rými er til uppbyggingar á svæði AT-601 og þar er fyrst og fremst gert ráð fyrir athafnastarfsemi sem tengist sjósókn og hafnsækinni starfsemi þar sem á hafnarsvæðinu sjálfu er ekki landrými fyrir atvinnuhúsnæði.

Gert er ráð fyrir athafnasvæði AT-602 í suðurjaðri þéttbýlisins fyrir almennan léttan iðnað. Þar er rými fyrir talsverðri uppbyggingu. Svæðið mun líklega ekki verða fullbyggt á skipulagstímabilinu.

Tafla 6.4 Athafnasvæði á Hofsósi og byggingarheimildir

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)
AT-601	Norðurbraut	4	2.000	12.400
AT-602	Hofsósbraut – Siglufjarðarvegur	13,7	1.734	25.000
Samtals		17,7	3.734	37.400

Skipulagsákvæði fyrir athafnasvæði

- Í deiliskipulagi athafnasvæða skal setja fram áfangaskiptingu uppbyggingar.
- Í deiliskipulagi skal áhersla lögð á góðan frágang lóða og ásýnd athafnasvæða. Við jaðra athafnasvæða sem snúa að íbúðarbyggð skal sérstaklega gera ráðstafanir til að milda ásýnd athafnasvæða með trjágróðri og landmótun og tryggja að íbúðarbyggð stafi ekki ónæði af atvinnustarfsemi á athafnasvæðum. Heimilt er að gera kröfu um góða umgengni á lóðum. Ekki er heimilt að nýta almenningsvæði fyrir geymslu lausamuna. Óheimilt er að láta lausamuni standa til langframa innan lóðar, s.s. gáma, bíla, hjólhýsi, vinnuskúra, vélahluti, byggingarefni eða álíka muni. Lóðarhafi skal ávallt huga að lóð sinni og halda henni sem hreinlegastri svo engin hættu stafi af búnaði og munum innan hennar né sé öðrum til ama.

6.6 Hafnir (H)

Hofsóshöfn er bátahöfn. Á hafnarsvæðinu er starfsemi Vesturfarasetursins, á Sandi. Þar framan við hefur verið gerð lítil trébryggja. Á hafnarsvæðinu er takmarkað landrými til uppbyggingar, að undanskilinni lóð við Hafnarbraut norðan við húsið Nöf, sem er skráð 1.189 m² að stærð.

Gert er ráð fyrir að lóðir fyrir fiskvinnslufyrirtæki verði áfram á athafnasvæði, norðan við hafnarsvæðið.

Á hafnarsvæðinu er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir fiskibáta og siglingar með ferðamenn. Heimilt er að byggja allt að 1.500 m² á hafnarsvæðinu eða alls um 550 m² til viðbótar við núverandi byggingarmagn. Nýbyggingar eru aðeins heimilar utan marka verndarsvæðis í byggð, svo sem á lóðinni við Hafnarbraut norðan við Nöf.

Markmið

- Áfram verði stunduð útgerð og fiskvinnsla á Hofsósi og leitað leiða til að efla þá starfsemi enn frekar. Hofsóshöfn nýttist í þágu ferðaþjónustu.

Tafla 6.5 Hafnir á Hofsósi og byggingarmagn (m³)

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)	Tími*
H-601	Hofsóshöfn	2,1	944 m ²	1.500	1, 2

* 1: 2020-2027, 2: 2028-2035. Áætluð áfangaskipting uppbyggingar.

Skipulagsákvæði fyrir Hofsóshöfn

- Hafnarsvæðið er að hluta skilgreint verndarsvæði í byggð og um það gilda verndarskilmálar sbr. kafla 6.13 um minjavernd.

6.7 Opin svæði (OP)

Á Hofsósi er stutt í náttúruleg útivistarsvæði. Innan þéttbýlisins eru skilgreind opin svæði. Á OP-601 er svæði til útfærslu sem almenningsgarður í tengslum við síðari uppbyggingu íbúðarbyggðar í suðurbænum. Heimilt er að reisa mannvirki í tengslum við þjónustu við opnu svæði, enda skerði það ekki gæði eða notkun svæðis, svo sem stíga, leiksvæði, garðskála.

Einnig eru skilgreind opin svæði, sem nýtast til útivistar, þar sem lögð er áhersla á náttúrulega framvindu vistgerða. Almennt er ekki gert ráð fyrir mannvirkjagerð, en heimild er fyrir gerð stíga sem tengjast útivist svæðisins. Slík svæði innan þéttbýlismarkna Hofsóss eru m.a. hvammar og árbakkar meðfram Hofsá og Grafará. Sunnan vegar að Lyngholti, innan marka (OP-602), er nú hesthús og hlaða. Ekki er gert ráð fyrir öðrum byggingum eða viðbyggingum við núverandi hús.

Tafla 6.6 Opin svæði (OP) á Hofsósi

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Lýsing
OP-601	Árbakkar Hofsár, að sjó	42,5	Á svæðinu er gras- og mólendi og nokkurt votlendi. Innan þess eru vistgerðir með hátt verndargildi s.s. snarrótavist og starungsmýravist. Stígagerð heimiluð.
OP-602	Svæði milli íbúðarbyggðar og Siglufjarðarvegur og meðfram veginum	11,3	Reiðvegur meðfram Siglufjarðarvegi
OP-603	Strandlengjan frá Grafará að Hofsá	10	Hverfisvernd
OP-604	Almenningsgarður sunnan kirkjugarðs	0,7	Garðsvæði í tengslum við aðliggjandi íbúðarbyggð.
Samtals		64,5	

6.8 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

Við Skólagötu er tjaldsvæði bæjarins með þjónustuhúsi. Á skipulagstímabilinu er heimilt að auka við aðstöðu á tjaldsvæðinu til að styrkja þjónustu við ferðamenn. Áhersla er lögð á að umgjörð og útfærsla tjaldsvæðisins verði til fyrirmyndar og ræktun trjágróðurs aukin til skjólmyndunar.

Tafla 6.7 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF) á Hofsósi

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Lýsing
AF-601	Tjaldsvæði við Skólagötu	3,4	Tjaldsvæði og þjónustuhús. Heimilt að reisa mannvirki í tengslum við þjónustu, allt að 1.000 m ² .
AF-602	Norðurbakki Grafará	7,6	Tjaldsvæði.
Samtals		11	

6.9 Samfélagsþjónusta (S)

Á Hofsósi eru þrjú svæði skilgreind fyrir samfélagsþjónustu, það eru svæði grunnskólans og slökkvistöðvar við Skólagötu (S-601), sundlaugarinnar (S-603) og Hofsóskirkju (S-602). Gert er ráð fyrir að samfélagsþjónusta á Hofsósi hafi rými til stækkunar.

Heilsugæslan á Hofsósi er staðsett við Suðurbraut 15 innan íbúðarbyggðar.

Áhersla skal lögð á gott aðgengi allra að samfélagsþjónustu. Húsnæði stofnanna og lóðafrágangur skal tryggja gott aðgengi fatlaðra og fólks með skerta færni og gott aðgengi gangandi, hjólandi og akandi.

 Tafla 6.8 Samfélagsþjónusta (S) á Hofsósi og byggingarmagn (m³)

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)	Tími*
S-601	Skólasvæði við Skólagötu og slökkvistöð**	3,2	1.670	2.000	1, 2
S-602	Hofsóskirkja	0,8	366	800	1, 2
S-603	Sundlaug	1,0	378	1.000	1, 2
Samtals		5	2.414	3.800	

* 1: 2020-2027, 2: 2028-2035. Áætluð áfangaskipting uppbyggingar.

** Ekki nákvæm tala um núverandi byggð. Stærð slökkvistöðvar er 371. Stærð grunnskólans er ekki birt í fasteignaskrá, en er um 1.300 m²

Aðgerðir á skipulagstímabilinu

- Lokið verði við lóðafrágang þjónustustofnanna. Malarborin svæði við stofnanir verði betrubætt með malbikun eða hellulagningu bílastæða og gangstétta og gróðursetningu. Fyrirkomulag og fjöldi bílastæða skilgreindur nánar með hliðsjón af áætlaðri þörf.
- Malarborið svæði framan við Hofsóskirkju verði frágengið og fegrað. Fyrirkomulag bílastæða útfært. Skoðuð verði samnýting bílastæða við Hofsóskirkju og sundlaug.

6.10 Kirkjugarðar og grafreitir (K)

Austan við Hofsóskirkju er kirkjugarðinn. Hann er um 1.700 m² innan girðingar. Milli kirkjugarðs og kirkju er stórt tún. Gert er ráð fyrir að stækka kirkjugarð til vesturs eftir þörfum til lengri tíma litið. Heimilt er að byggja mannvirki í tengslum við kirkjugarðinn.

Tafla 6.9 Kirkjugarðar á Sauðárkróki

Nr. i	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)
K-601	Hofsóskirkjugarður	1,2	0	200

Aðgerðir á skipulagstímabilinu

- Æskilegt er að heildstætt deiliskipulag verði unnið fyrir Hofsóskirkju, kirkjugarðinn auk opna svæðisins sunnan kirkjugarðs.

6.11 Íþróttasvæði (ÍÞ)

Á íþróttasvæði norðan Skólabrautar er góð aðstaða. Til að styrkja svæðið enn frekar er heimilt að byggja upp íþróttamannvirki og mannvirki fyrir tengda starfsemi.

Tafla 6.10 Íþróttasvæði á Hofsósi og byggingarmagn (m³)

Nr. i	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)	Tími*
ÍÞ-601	Íþróttasvæði norðan Skólabrautar	8	100	2.500	2

* 1: 2020-2027, 2: 2028-2035. Áætluð áfangaskipting uppbyggingar.

6.12 Göngu- og hjólastígar

Aðstæður fyrir gangandi og hjólandi innan Hofsós eru ágætar. Á Hofsósi eru gangstéttar meðfram flestum götum bæjarins. Göngustígur liggur frá grunnskólanum að íþróttasvæðinu og þverar Hofsósbrautar með merktri gangbraut. Ekki eru sérstakar hjólaleiðir og ekki þörf á því þar sem umferð er alla jafna létt innanbæjar.

- Áhersla er lögð á góðan yfirborðsfrágang gangstétta og göngustíga og reglubundið viðhald þeirra eins og þörf kallar á.

6.13 Minjavernd (MV)

Húsakönnun sem tekur til elsta hluta bæjarins, Hofsóss, Plássíð og Sandurinn var gefin út 2018 í tengslum við tillögu um verndarsvæði í byggð. Verndargildi svæðisins er hátt. Þar eru 15 hús og af þeim eru 10 háð verndarákvæðum laga um menningarminjar. Pakkhúsið sem byggt er árið 1773 er friðlýst en ekki eru aðrar friðlýstar minjar á Hofsósi. Fjögur húsanna eru yfir hundrað ára og því friðuð vegna aldurs, en fimm eru byggð árið 1925 eða fyrr.

Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, er skylt að leita áhlits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.



Mynd 6-3 Varðveislugildi húsa og heilda. Kort unnið fyrir Verndarsvæði í byggð - Hofsós. SOS, 2018. Úr Húsaskrá Hofsóss, Plássíð og Sandurinn, 2018.

Gerð var fornleifaskráning fyrir Grafarós og Hofsós árið 2001. Í henni eru skráðar 99 minjar á Hofsósi, þar af um 40 sem greinanlegar voru enn á yfirborði.³²

Tafla 6.11 Minjavernd (MV) á Hofsósi

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Lýsing
MV-601	Plássíð og Sandurinn	3,5	Verndarsvæði í byggð, staðfest 25.2. 2021. Friðlýstar minjar: Pakkhúsið (1773)

³² Grafarós og Hofsós. Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir febrúar 2001. Byggðasafn Skagfirðinga. <http://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsoknarskyrslur/bsk-2001-5-grafaros-og-hofsos.-fornleifaskraning.pdf>

Skipulagsákvæði innan verndarsvæðis í byggð

Vísað er til verndaráætlunarinnar *Verndarsvæði í byggð*. Hofsós, staðfestri af mennta- og menningarmálaráðherra 10. febrúar 2021, sbr. eftirfarandi skilmála:

- Innan verndarsvæðisins er ekki gert ráð fyrir nýbyggingum enda svæðið fullnýtt. En skapist þær aðstæður skulu þær hafa sterka sögulega skírskotun til bygginga í nágrenni hvað varðar útlit, stærð, hlutföll og byggingarefni.
- Við allar framkvæmdir innan svæðisins skal leggja áherslu á gæði byggingarefna og vandaðan frágang. Öll uppbygging húsa, mannvirkja og umhverfi þeirra almenningsrýma skal stuðla að því að styrkja heildarásýnd svæðisins. Sögulegum einkennum skal viðhaldið og þau dregin fram og samræma skal umfang og útlit bygginga og mannvirkja.
- Nýbyggingar skulu miða að því að styrkja heildarásýnd svæðisins. Þær skulu falla vel að umhverfi og staðháttum og virða menningarsöguleg einkenni byggðarinnar og samræmast henni eins og kostur er hvað varðar umfang, útlit og efnisval.
- Heimilt er að flytja eldri hús á auðar lóðir og eiga sömu skilmálar við þau og nýbyggingar hvað varðar útlit, eins og fram kemur hér að framan.
- Viðbygging skal að gerð, stærð og efnisvali falla vel að húsinu og ekki breyta ríkjandi svipmóti þess og þess gætt að viðbyggingar verði ekki ríkjandi húshlutar.
- Við allar framkvæmdir innan svæðisins skal leggja áherslu á gæði byggingarefna og vandaðan frágang.

6.14 Hverfisvernd (HV)

Hverfisvernd verði á stuðlabergsklettum í Staðarbjargavík, brekkunum við hana og fjörunni frá Naustavík suður undir athafnasvæði við fiskverkunarhús.

Innan svæðanna eru heimilar minniháttar framkvæmdir á forsendum útivistar, til dæmis stígagerð, enda skerði það ekki gildi hverfisverndarsvæðanna.

Tafla 6.12 Hverfisvernd (HV) á Hofsósi

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Lýsing
HV-601	Naustavík	5,2	Óröskuð fjara og jarðmyndanir.
HV-602	Staðarbjargavík	5,1	Stuðlabergsklettur í Staðarbjargavík
Samtals		10,3	

HÓLAR

7 Hólar

Íbúar að Hólum voru 104 í ársbyrjun 2020. Að Hólum hefur frá fornu fari verið skólastarf. Stefna aðalskipulags skal stuðla að hagkvæmri nýtingu lands og landgæða og tryggja nýtingu auðlinda sé sjálfbær. Innan þéttbýlismarka Hóla eru stór svæði nýtt til skógræktar, útivistar og þar eru vatnsverndarsvæði.



Mynd 7-1 Þéttbýlið á Hólum

7.1 Leiðarljós

Leiðarljós fyrir þróun byggðar á Hólum er að þar sé skólastarf á háskólastigi sem endurspegli þarfir og menningararf svæðisins. Hólar endurspegli hlutverk sitt sem alþjóðleg miðstöð þekkingar og fræðslu um íslenska hestinn.

Á Hólum er yfirbragð byggðar og byggðarmynstur mjög heildstætt og samræmt. Þar er landrymi innan núverandi íbúðarbyggðar fyrir fjölgun íbúða til að mæta fyrirsjáanlegri þörf á skipulagstímabilinu. Miðað er við að nýta svæði sem skilgreind eru undir íbúðarbyggð og ekki eru fullbyggð og að viðhalda byggðarmynstri.

Leiðarljós aðalskipulags eru að í sveitarfélaginu verði félagslegt öryggi, fjölbreytt félagslíf og öflug atvinna. Sveitarfélagið leggur áherslu á að viðhalda og auka við fjölbreytt atvinnulíf, efla ferðaþjónustu, styrkja framleiðslu, efla sjávarútveg og standa vörð um landbúnaðarsvæði. Með tilkomu jarðganga munu Hólar verða í alfaraleið, sem mun styrkja starfsemi og byggð á Hólum.



Mynd 7-2 Íbúðabyggð og samfélagsþjónusta á Hólum

7.2 Íbúðarbyggð (ÍB)

Á Hólum eru skráðar um 100 íbúðir, þar af 3 einbýlishús en aðrar íbúðir eru námsmannaíbúðir í raðhúsum og tveggja hæða fjölbýlishúsum.

Meginmarkmið um íbúðarbyggð á Hólum

- Gert er ráð fyrir að íbúðarbyggðin þróist áfram í beinu framahaldi af núverandi byggð við Nátthaga og í góðum tengslum við núverandi byggð og innviði og þéttbýlið þróist sem samfelld og heildstæð byggð.
- Lögð er áhersla á að ljúka uppbyggingu íbúðahverfa sem ekki eru fullbyggð áður en ný svæði eru tekin til íbúðauppbyggingar. Forgangsröðun nýrrar íbúðabyggðar taki mið af hagkvæmri nýtingu innviða, þannig að fyrst byggist upp götur og svæði sem liggja nærri núverandi götum, veitukerfum og þjónustustofnunum.
- Nánara fyrirkomulag byggðar er útfært í deiliskipulagi.
- Rík áhersla er lögð á vandað yfirbragð og að nýjar byggingar falli að heildstæðri bæjarmynd á Hólum.
- Við deiliskipulagsvinnu skal sérstaklega taka mið af verndarákvæðum sem gilda fyrir umhverfi Hóladómkirkju.



Mynd: RG

Í töflu 7.1 er gerð grein fyrir íbúðarbyggð á Hólum. Íbúðarsvæðið Prestssæti (ÍB-701) er lítið og unnt að bæta við tveimur íbúðum.

Við Náthaga og Geitagerði eru nemendagarðar og íbúðarbyggð (ÍB-702). Þar eru lítil fjölbýli með nemendaíbúðum (50 til 100 m²) til útleigu meðan á námsdvöl stendur. Rými er til viðbótaruppbyggingar nemendagarða við göturnar tvær. Heimilt er að byggja þar íbúðarhús af sambærilegri gerð og núverandi íbúðarhús, þ.e. parhús, raðhús eða fjölbýli á einni til tveimur hæðum. Gert ráð fyrir þéttleika allt að 10 íbúðir á hektara.

Áfram er gert ráð fyrir tveimur svæðum fyrir íbúðarbyggð austan og vestan við grunnskólann á Hólum.

Til greina kemur að fresta íbúðarbyggð ofan við Hólaveg (ÍB-704) fram á næsta aðalskipulagstímabil, þar sem íbúðarbyggðin á Hólum hefur töluvert rými til vaxtar innan núverandi íbúðarbyggðar og meðfram Biskupssetursvegi (ÍB-703).

Tafla 7.1 Íbúðarbyggð á Hólum og fjöldi íbúða

Nr. i	Staður	Stærð [ha]	Fjöldi nýrra íbúða	Núverandi íbúðir	Tími
ÍB-701	Prestssæti	1,3	2	3	1, 2
ÍB-702	Náthagi, Geitagerði**	6,3	20	95	1, 2
ÍB-703	Biskupssetursvegur	1,6	10	0	2
ÍB-704	Ofan við Hólaveg	3,4	30	0	2
Samtals		12,6	62	98	

* 1: 2020-2027, 2: 2028-2035. Áætluð áfangaskipting uppbyggingar.

** Nemendaíbúðir

Skipulagsákvæði fyrir íbúðarbyggð

- Við Prestssæti er heimilt að byggja ný íbúðarhús samkvæmt deiliskipulagi. Við deiliskipulag svæðisins.
- Áhersla skal lögð á að ný íbúðarhús falli vel að yfirbragði eldri byggðar á Hólum og vandað hönnun húsa. Sérstaklega skal taka tillit til nærliggjandi minjavernd og hverfisverndarákvæðum svæðisins umhverfis Hóladómkirkju

- Svæði ÍB-703 og ÍB-704 skulu ekki tekin til uppbyggingar fyrr en núverandi íbúðarbyggð er fullbyggð og þá skal áfangaskipting vera þannig að svæðið Biskupsseturvegur (ÍB-703) verði byggt upp áður en svæðið við Hólaveg (ÍB-704).

Helstu breytingar á stefnu um íbúðarbyggð

Stefna aðalskipulags um hámarksþéttleika byggðar á svæðum fyrir íbúðarbyggð úr 15 íbúðum á hektara í 10 íbúðir á hektara. Sett er fram áfangaskipting fyrir uppbyggingu íbúðarbyggðar á Hólum.

7.3 Samfélagsþjónusta (S)

Á Hólum er meginstarfsemin í þéttbýlinu tengd háskólanum á Hólum. Tvö svæði samfélagsþjónustu eru afmörkuð, annars vegar við Hólaskóla og Hóladómkirkju og hins vegar grunnskólann. Áhersla er lögð á þróun þéttbýlisins á Hólum sem háskólasamfélags og miðstöðvar menntunar. Háskólinn á Hólum hafi svigrúm til uppbyggingar og þróunar. Þá þarf grunnskólinn rými til að stækka og þróa sitt skólastarf.

Áhersla er lögð á að hlúð verði að starfsemi Hóladómkirkju og henni tryggt gott starfsumhverfi sem biskups- og menningarsetur. Hóladómkirkja er friðlýst, sbr. kafla 0 um minjavernd

Tafla 7.2 Samfélagsþjónusta (S) á Hólum og byggingarmagn (m³)

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)	Tími*
S-701	Hólaskóli og Hóladómkirkja	4,7	9.352	12.000	1, 2
S-702	Grunnskólinn	2,8	743	2.000	1, 2
Samtals		7,5	10.095	14.000	

* 1: 2020-2027, 2: 2028-2035. Áætluð áfangaskipting uppbyggingar.

7.4 Íþróttasvæði (ÍÞ)

Sunnan við byggðina á Hólum er félagssvæði hestamanna. Þar eru reiðhallir, reiðvellir og hesthús. Aðgengi er gott að svæðinu og ágætt framboð bílastæða. Þar er gert ráð fyrir möguleikum á frekari uppbyggingu og þróun svæðisins sem hestaíþróttasvæði.

Á íþróttasvæði ÍÞ-701 er gert ráð fyrir uppbyggingu aðstöðu fyrir hestamennsku og hestaíþróttir í samræmi við deiliskipulag. Þar verði góð aðstaða fyrir hestamót og móttöku mótsgesta, svo sem bílastæði, hestagerði og svæði fyrir kerrustæði.

Tafla 7.3 Íþróttasvæði á Hólum og byggingarmagn (m³)

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)	Tími
ÍÞ-701	Félagssvæði hestamanna á Hólum	21,8	5.072	8.000	1, 2
ÍÞ-702	Íþróttasvæði	1,6	0	200	1, 2
Samtals		23,4	5.072	8.200	

* 1: 2020-2027, 2: 2028-2035. Áætluð áfangaskipting uppbyggingar.

7.5 Minjavernd (MV)

Hóladómkirkja er friðlýst samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Tafla 7.4 Minjavernd á Hólum

Nr.	Staður	Lýsing
MV-701	Hóladómkirkja	Umhverfi dómkirkjunnar og kirkjugarðsins, allt umhverfi gamla bæjarstæðisins og gamla torfbæjarins. Hóladómkirkja er friðlýst bygging, byggð á árunum 1757–1763. Steinsteyptur turn var reistur norðan við kirkjuna 1950.

Í fornleifaskrá Hóla eru skráðar heimildir um 91 fornleif í landi Hóla.³³ Flestar þeirra eru innan þéttbýlismarka.

Skipulagsákvæði minjaverndar

- Við endurbætur og viðhald friðlýstra húsa og mannvirkja skal leita leyfis Minjastofnunar Íslands.
- Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

7.6 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

Hólar eru viðkomustaður ferðamanna til að upplifa söguna og náttúruna á svæðinu. Staðurinn allur má því flokka sem ferðamannasvæði.

Innan þéttbýlismarka Hóla, eru stutt í náttúruleg útivistarsvæði og Hólaskógur er vinsælt útivistarsvæði með stígakerfi. Í Hólaskógi er tjaldsvæði með aðstöðu, AF-701.

Heimilt er að reisa mannvirki í tengslum við þjónustu við opnu svæðin, enda skerði það ekki gæði eða notkun svæðis, svo sem stíga, leik- og/eða dvalarsvæði með bekkjum, garðskála og þess háttar.

Lögð er áhersla á skynsamlega nýtingu opinna svæða með það að markmiði að svæðin séu nýtsamleg til leikjaiðkunar og útivistar.

Tafla 7.5 Afþreyingar- og ferðamannasvæði á Hólum

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Lýsing
AF-701	Tjaldsvæði í Hólaskógi	2,4	Aðstaða fyrir gesti tjaldsvæðisins. Heimilt að byggja upp allt að 150 m ² aðstöðuhús tengdu tjaldsvæðinu.

7.7 Opin svæði (OP)

Opið svæði að Hólum er ætlað til útivistar fyrir íbúa og gesti.

Tafla 7.6 Opin svæði

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Lýsing
OP-701	Við Biskupssetursveg og neðan þjóðveggar	20,4	Opið svæði til útivistar.

7.8 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)

Skógræktarsvæði sem tengir þéttbýlið og skógræktarsvæði ofan við byggðina. Innan svæðisins er tjaldsvæði, sbr. kafla 7.6.

³³Hólar í Hjaltadal – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000. Byggðasafn Skagfirðinga.
<http://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsóknarskýrslur/bsk-2000-2-holar-i-hjaltadal.-fornleifaskraning.pdf>

Tafla 7.7 Skógræktarsvæði (SL) á Hólum

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Lýsing
SL-701	Skógræktarsvæði	18,7	Skógur- og skógræktarsvæði. Gönguleiðir og akfær slóði liggja um svæðið. Huga að varnarlínunum, brunahólfum og aðgengi að vatni.

Skipulagsákvæði fyrir skógræktarsvæði

- Skógrækt ofan við Hóla verði haldið áfram og skógræktar- og landgræðslusvæðið nýttist almenningi til útivistar. Mannvirkjagerð í þágu útivistar er heimil svo sem stígar og salerni og aðstöðuhús fyrir skógræktarstarfsemi. Framkvæmdir sem styðja við þróun frístundabyggðar eru einnig heimilar, svo sem aðkomuleiðir og veitur.
- Huga skal að varnarlínunum og brunahólfum alls staðar þar sem skógur er ræktaður. Þegar skógi er plantað er mikilvægt að hann sé ekki of samfelldur og hafa skal í huga hólfun með varnarlínunum. Skipta má skóginum upp með því að planta ákveðnum - tegundum lauftrjáa í belti sem brenna síður. Hægt er að nýta misfellur í landslaginu og slóðir sem varnarlínur. Huga þarf að huga að flóttaleiðum út úr skóginum og hafa fleiri en einn möguleika ef eldur lokar útgönguleið. Aðgengi að vatni er mikilvægt.³⁴
- Felling skóga eða hluta þeirra er óheimil nema með leyfi Skógræktarinnar, Árleg felling í skógum landsins skal að jafnaði ekki vera meiri en árlegur vöxtur þeirra. Skógræktin veitir leiðbeiningar um grisjun skóga, sbr. lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.³⁵

7.9 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)

Innan þéttbýlismarka Hóla er eitt efnistökusvæði. Náman er ætluð til viðhalds og nýframkvæmda í vegagerð, auk þeirrar uppbyggingar sem fyrirhuguð er í þéttbýlinu.

Tafla 7.8 Efnistökusvæði (E) á Hólum

Nr. i	Staður	Stærð [ha]	Lýsing / heimildir
E-701	Efnistökuastaður Hólum í Hjaltadal	2,4	Efnistaka 40.000 m ³ , jökulruðningur.
Samtals			

Skipulagsákvæði fyrir efnistöku- og losunarsvæði

- Efnistaka og efnislosun er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar og fellur undir málmeðferð laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana 111/2021. Efnislosunarstaðir eru jafnframt háðir starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands, sem setur starfseminni skilyrði og hefur eftirlit með henni.
- Ganga þarf frá öllum efnistökusvæðum strax og efnistöku lýkur. Almenna reglan við frágang efnistökusvæðis er sú að ganga þarf þannig frá svæði að það falli aftur að umhverfi sínu og líkist sem mest landformum í nágrenni þess. Ef efnistökusvæði er gróið áður en efnistaka hefst, þarf að græða það upp þegar efnistöku lýkur.

³⁴ Skipulag skóga - Gróðureldar (grodueldar.is)

³⁵ Lagfært eftir auglýsingu tillögu sbr. umsögn Skógræktarinnar dags. 13.9.2021



7.10 Takmarkanir á landnotkun

Ofanflóð

Ljóst er að víða geta fallið snjóflóð ofan byggðarinnar og líklegt að stærstu flóðin komi úr giljunum sunnan Gvendarskálar. Snjóflóð falla oft úr fyrsta gilinu sunnan Gvendarskálar og hafa stundum náð niður í skógræktina fyrir neðan. Þar eru tré orðin nokkurra metra há og gætu því eitthvað dregið úr mætti snjóflóða. Ekki er líklegt að snjóflóð ógni byggðinni norðan til, ofan gamla Hólastaðar, en flóð gætu þó fallið úr upptakasvæðum Gvendarskálar og valdið tjóni á skógræktinni fyrir neðan.

Hættumat skv. reglugerð nr. 505/2000 hefur ekki verið unnið fyrir Hóla, en fyrir liggur skýrsla Veðurstofu Íslands; *Könnun á ofanflóðaaðstæðum í Skagafirði austan Vatna utan Akrahrepps* þar sem útlínur þekktra ofanflóða eru kortlögð.³⁶ Talið er að syðstu og efstu hús í byggðinni á Hólum geti verið í snjóflóðahættu við aftakaaðstæður sem og hesthúsin þar sunnan við.

³⁶ Könnun á ofanflóðaaðstæðum í Skagafirði austan Vatna utan Akrahrepps. Veðurstofa Íslands.2019.

STEINSSTAÐIR

8 Steinsstaðir

8.1 Leiðarljós

Leiðarljós aðalskipulags eru að í sveitarfélaginu verði félagslegt öryggi, fjölbreytt félagslíf og öflug atvinna. Sveitarfélagið leggur áherslu á að viðhalda og auka við fjölbreytt atvinnulíf, efla ferðaþjónustu og standa vörð um landbúnaðarsvæði.



Mynd 8-1 Þéttbýlismörk Steinsstaða

8.2 Íbúðarbyggð (ÍB)

Leiðarljós fyrir þróun íbúðarbyggðar á Steinsstöðum er að skilgreina hana sem samstæða heild í góðu samhengi við núverandi byggð til að stuðla að hagkvæmri nýting innviða. Á Steinsstöðum eru 12 íbúðarhús, þar af eru 6 við íbúðargötuna Lækjabakka. Aukin uppbygging á svæðinu styrkir grundvöll búsetu og nýtir innviði betur.

Miðað er við að íbúðarbyggðin þróist einkum við Lækjabakka og meðfram Merkigarðsvegi að Laugarmýri. Heimilt er að fjölga íbúðarhúsnæði um helming á forsendum deiliskipulags. Byggð við Lækjarbakka taki mið af byggð sem fyrir er við götuna. Byggð við Merkigarðsveg geti verið með stærri lóðum.

Við Lækjabakka er einbýlishúsabyggð en við Laugarhvamm er jörð með íbúðarhúsum auk gróðurhúsa, smiðju og aðstöðuhúsa.

Tafla 8.1 Íbúðarbyggð á Steinsstöðum og fjöldi íbúða

Nr. i	Staður	Stærð [ha]	Fjöldi nýrra íbúða	Núverandi íbúðir	Tími
ÍB-801	Lækjarbakki - Steinaborg	4,6	10	9	1, 2
ÍB-802	Laugarhvammur	0,4	2	2	1, 2
Samtals		5,0	12	11	

* 1: 2020-2027, 2: 2028-2035. Áætluð áfangaskipting uppbyggingar.



Mynd 8-2 Íbúðabyggð og atvinnusvæði á Steinsstöðum

8.3 Landbúnaðarsvæði (L)

Laugamýri er bújörð. Þar er m.a. stunduð ylrækt. Austan Merkigarðsvegar við Lambeyri er ræktað tún. Vísað er í stefnu og skilmála sem gilda um landbúnaðarland í kafla 12.

Tafla 8.2 Landbúnaðarsvæði innan þéttbýlismarka Steinsstaða

Nr.	Staður	Stærð [ha]
L-801	Laugamýri, Lambeyri	4,6

8.4 Verslun og þjónusta (VP)

Á Steinsstöðum er ferðaþjónusta rekinn á þremur stöðum sem eru skilgreindir fyrir verslun- og þjónustu. Mikilvægt er að sú atvinnustarfsemi fái að þróast og byggjast upp.

Áhersla skal lögð á hagkvæma nýtingu lóða og vandaða ásýnd bygginga og lóðafrágang á verslunar- og þjónustulóðum.

Miðað er við að svæðin haldi áfram að byggjast upp jafnt og þétt upp á skipulagstímabilinu.

Tafla 8.3 Verslunar- og þjónustusvæði á Steinsstöðum og byggingarmagn (m³)

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)
VP-801	Bakkafliót, gisting, ferðaþjónusta	1,9	1.145	3.600
VP-802	Laugarból, ferðaþjónusta	0,3	390	600
VP-803	Fyrrum Steinsstaðaskóli, ferðaþjónusta, gisting	0,7	537	800
Samtals		2,9	2.072	5.000

8.5 Athafnasvæði (AT)

Við Lambeyri er lóð með trésmíðaverkstæði og léttum iðnaði ásamt íbúð. Markað er nýtt athafnasvæði, AT-802, sem er fyrir þrífalega starfsemi, s.s. ylrækt, sem nýtir auðlindir svæðisins. Þar getur verið rýmisflek starfsemi.

Miðað er við að svæðin byggist upp jafnt og þétt upp á skipulagstímabilinu.

Tafla 8.4 Athafnasvæði á Steinsstöðum og byggingarmagn (m³)

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)
AT-801	Lambeyri, verkstæði	0,3	692	1.200
AT-802	Vegamót Héraðsdalsvegur og Merkigarðsvegur	5,2	0	9.000
Samtals		5,5	692	10.200

Skipulagsákvæði fyrir athafnasvæði

- Í deiliskipulagi skal áhersla lögð á góðan frágang lóða og ásýnd athafnasvæða. Heimilt er að gera kröfu um góða umgengni á lóðum. Ekki er heimilt að nýta almenningsvæði fyrir geymslu lausamuna. Óheimilt er að láta lausamuni standa til langframa innan lóðar, s.s. gáma, bíla, hjólhýsi, vinnuskúra, vélahluti, byggingarefni eða álíka muni. Lóðarhafi skal ávallt huga að lóð sinni og halda henni sem hreinlegastri svo engin hætta stafi af búnaði og munum innan hennar né sé öðrum til ama.
- Við jaðra athafnasvæðisins skal sérstaklega gera ráðstafanir í til að milda ásýnd með trjágróðri og landmótun og tryggja að íbúðar- og frístundabyggð stafi ekki ónæði af atvinnustarfsemi á athafnasvæðum.

8.6 Vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó (VS).

Almenn skilyrði skipulagsreglugerðar gilda um að tryggja skuli umferð almennings meðfram ám.

8.7 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

Á Steinsstöðum eru ekki skipulögð útivistarsvæði en þar er aðgengi gott að náttúrulegum opnum svæðum og leiksvæðum innan um íbúðarbyggð. Á Steinsstöðum eru tjaldsvæði með aðstöðu.

Heimilt er að reisa mannvirki í tengslum við þjónustu við svæðin, enda skerði það ekki gæði eða notkun svæðis. Lögð er áhersla á skynsamlega nýtingu opinna svæða með það að markmiði að svæðin séu nytsamleg til leikjaldkunar og útistarar.

Tafla 8.5 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF) á Steinsstöðum og byggingarmagn (m³)

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Lýsing
AF-801	Tjaldsvæði við Steinsstaðaskóla og Ásgarð	2,9	Tjaldsvæði. Heimilt að byggja allt að 250 m ² þjónustuhús.
AF-802	Tjaldsvæði við Bakkaföt	1,2	Tjaldsvæði. Heimilt að byggja allt að 250 m ² þjónustuhús.
Samtals		4,1	

8.8 Samfélagsþjónusta (S)

Á svæðum fyrir samfélagsþjónustu er gert ráð fyrir mögulegri viðbótaruppbyggingu til að þróa áfram starfsemi þjónustustofnana á Steinsstöðum.

Tafla 8.6 Samfélagsþjónusta (S) á Steinsstöðum og byggingarmagn (m³)

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)
S-801	Árgarður samkomuhús, sundlaug	1,3	686	2.500

8.9 Helstu breytingar

- Þéttbýlismörkum er breytt og þau afmörkuð umhverfis byggðina.
- Bætt við nýju athafnasvæði.
- Ýmsar uppfærslur á heiti og afmörkun landnotkunarflokka.
- Íbúðarbyggð að Steinsstöðum er ekki skilgreind sem mörg lítil afmörkuð svæði heldur sem samstæð íbúðarbyggð sem nær frá Lækjabakka að Steinaborg.
- Tvö stök íbúðarsvæði eru skilgreind sem frístundabyggð í samræmi við skráningu núverandi húsa á lóðunum.

INNVIÐIR

Stefnumörkun og ákvæði um innviði í
sveitarfélaginu

9 Innviðir í sveitarfélaginu: Samgöngur og veitur

Sérkenni vegakerfisins í Skagafirði eru hinir löngu vegir frá norðri til suðurs, beggja vegna við fjörðinn og Vötnin, frá Skaga inn í Vesturdal að vestan og úr Fljótum inn á Kjálka og Norðurárdal að austan. Þeir tengjast aðeins á tveim stöðum, fyrir botni fjarðarinn og um Vallhólm. Þrátt fyrir að þessir löngu vegir liggja í önnur héruð er umferðarkerfið innanhéraðs með langa vegenda eða botnlanga sem dregur úr hagkvæmni þess miðað við hringtengt kerfi.

Aðalskipulag tekur til samgöngumannvirkja, s.s. vegir og götur, þ.m.t. brýr, göngubrýr, undirgöng og jarðgöng, göngu-, hjólréiða- og reiðstígar, flugvellir og flugbrautir, komustaðir farþegaferja og önnur samgöngumannvirki.

Á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulags skal gera grein fyrir þjóðvegum og almennum vegum. Einnig skal gera grein fyrir gömlum þjóðbrautum og göngu-, hjólréiða- eða reiðstígum, þegar til staðar eða fyrirhuguðum.

Markmið

- Stuðla að greiðfæru og öruggu samgöngukerfi.
- Tengja betur saman samfélag og atvinnusvæði í Skagafirði við Tröllaskaga og Eyjafjörð.
- Tryggja að vegakerfið styðji við ferðaþjónustu og þau tækifæri sem felast í henni, t.d. með tengingu við Kjálka.
- Áfram verði unnið að uppbyggingu innanhéraðsvega að innstu og ystu bæjum. Virkni eins þjónustu-, atvinnu- og félagssvæðis í Skagafirði verði aukin með nýjum veltengingum.
- Bundið slitlag verði á öllum tengivegum í lok skipulagstímabils.
- Reiðvegir verði meðfram aðalvegum. Gamlar reiðleiðir verði opnar áfram eins og kostur er.
- Gönguleiðir í Skagafirði og milli Skagafjarðar og aðliggjandi svæða verði kortlagðar.
- Skagafirðingum verði áfram tryggt gott aðgengi að öruggum flugsamgöngum. Hafnaraðstaða útgerðar og strandflutninga verði trygg.

9.1 Þjóðvegir í sveitarfélaginu

Fjöldi vega eru í sveitarfélaginu, sem flokkast í stofnvegi, tengivegi, héraðsvegi og landsvegi. Vegagerðin er veghaldari í flestum tilvikum.

Tafla 9.1 [Flokkun vegakerfisins](#)

Stofnvegir	Stofnvegir eru hluti af grunnkerfi samgangna eins og það er skilgreint í samgönguáætlun hverju sinni. Til stofnvega teljast vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með um það bil 100 íbúa eða fleiri. Til stofnvega teljast einnig umferðarmestu vegir sem tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Einnig vegir á hálendinu sem mikilvægir eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu. Þar sem stofnvegur endar í þéttbýli skal hann ná að fyrstu þvergötu sem tilheyrir gatnakerfi þéttbýlisins og enda þar. Þó er heimilt að láta stofnveg ná til flugvallar og hafnar sem mikilvæg eru fyrir ferðaþjónustu og flutninga.
Tengivegir	Tengivegir eru vegir utan þéttbýlis sem liggja af stofnvegi á stofnveg eða af stofnvegi á tengiveg og eru a.m.k. 10 km langir, vegir sem tengja landsvegi við stofnvegi, vegir sem ná til þéttbýlisstaða með færri en 100 íbúa og tengja þá við stofnvegakerfið, vegir að helstu flugvöllum og höfnum sem mikilvægir eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu, og vegir að ferjuhöfnum ef þeir eru ekki stofnvegir, vegir að þjóðgörðum og innan þeirra og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis. Þar sem tengivegur endar í þéttbýli skal tengja hann fyrstu þvergötu sem tilheyrir vegakerfi þéttbýlisins og enda þar.
Héraðsvegir	Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, atvinnustarfsemi, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis sem ákveðnir eru á staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.
Landsvegir	Landsvegir eru vegir yfir fjöll og heiðar sem ekki tilheyra neinum af framangreindum vegflokkum og aflagðir byggðavegir á eyðilendum. Á vegum þessum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum
Sveitarfélagsvegir Almennir stígar Einkavegir	Sveitarfélagsvegir eru vegir innan þéttbýlis sem ekki teljast þjóðvegir skv. 8. gr., eru í umsjá sveitarfélaga og ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar. Almennir stígar eru reiðstígar, göngu- og hjólreiðastígar sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar og haldið er við af fé ríkis eða sveitarfélaga. Einkavegir eru vegir sem hvorki teljast þjóðvegir né sveitarfélagsvegir og eru í eigu einstaklinga, fyrirtækja eða opinberra aðila.

Stofn- og tengivegir eru alls um 367 km að lengd í sveitarfélaginu. Almennt er gert ráð fyrir breytingum á þeim. Þó er gert ráð nokkrum afmörkuðum breytingum:

- Hliðrun Sauðárkróksbrautar (nr. 75) í Varmahlíð til austurs hjá vegamótunum við Hringveginn, sem kallar á breytingu á vegamótunum. Framkvæmdaraðili er Vegagerðin.
- Lagt er til að breyta gatnamótum Siglufjarðarvegar við Hofsós til að auka umferðaröryggi. Gert er ráð fyrir að gatnamót breytist í svokölluð T-gatnamót. Framkvæmdaraðili er Vegagerðin.

- Ráðist verður í uppsetningu götulýsingar á Hofsósbraut upp að Þjóðvegi. Um er að ræða samstarfsverkefni sveitarfélagsins og Vegagerðarinnar.


Tafla 9.2 Stofn- og tengivegir í sveitarfélaginu Skagafirði

Nr.	Vegur	Veg-flokkur	Lengd [km]	Umferð ¹	Veghelgun [m] ²
1	Hringvegur	S	14,3	1.300	30
74	Skagastrandarvegur	S	2,5	2.600	30
75	Sauðárkróksbraut	S	38,0	930	30
76	Siglufjarðarvegur	S	76,0	280	30
77	Hofsósbraut	S	0,7		30
744	Þverárfjallsvegur	S	26,2	510	30
749	Flugvallarvegur	S	0,5	55	30
767	Hólavegur	S	10,7	200	30
77-03	Hofsósbraut (Pardus)	T	0,6		15
82	Ólafsfjarðarvegur	T	17,6	70	15
745	Skagavegur	T	44,5	60	15
746	Tindastólsvegur	T	4,0		15
748	Reykjastrandarvegur	T	14,3	130	15
751	Efribyggðarvegur	T	12,3	30	15
752	Skagafjarðarvegur	T	40,8	210	15
753	Vindheimavegur	T	7,0	25	15
758	Austurdalsvegur	T	8,0	5	15
764	Hegransvegur	T	20,6	35	15
767-02	Hólavegur - Hjaltadalsvegur	T	2,6		15
768	Hjaltadalsvegur	T	5,8	10	15
769	Ásavegur	T	7,1	40	15
783	Höfðastrandarvegur	T	6,7	40	15
789	Sléttuvegur	T	6,6	20	15
Alls			367,4		

* Frá miðlínu vegar.

1 Ársdagsumferð árið 2018. Ársdagsumferð er meðalumferð á dag yfir árið.

2 Veghelgun skv. vegalögum nr. 80/2007.



Mynd 9-1 Stofn-, tengi og aðrir vegir í sveitarfélaginu

9.2 Héraðs- og landsvegir

Fjöldi lands- og héraðsvega er í sveitarfélaginu, sem eru samtals um 245 km að lengd.

Tafla 9.3 Helstu lands- og héraðsvegir í Sveitarfélaginu Skagafirði og helgunarsvæði

Nr.	Vegheiti	Vegflokkur
F752	Skagafjarðarleið	Landsvegur
754	Héraðsdalsvegur	Héraðsvegur
755	Svartárdalsvegur	Héraðsvegur
756	Mælifellsdalsvegur	Landsvegur
757	Villinganesvegur	Héraðsvegur
758	Austurdalsvegur	Landsvegur
762	Sæmundarhlíðarvegur	Héraðsvegur
768	Hjaltadalsvegur: Hólavegur – Reykir	Héraðsvegur
781	Deildardalsvegur	Héraðsvegur
786	Sléttuhlíðarvegur	Héraðsvegur
787	Flókadalsvegur	Héraðsvegur
788	Haganesvíkurvegur	Héraðsvegur



Mynd: SB

9.3 Tengibrautir í þéttbýli

Sveitarfélagið er veghaldari tengibrauta í þéttbýli. Tengibrautir eru sýndar á skipulagsuppdráttum.

Sauðárkrókur

Skagfirðingabraut og Aðalgata eru megin samgönguásinn í norður-suður gegnum bæinn. Hegrabraut tengir Strandveg við Ártorg og Skagfirðingabraut. Borgargerði og

Sæmundarhlíð mynda hringtengingu um Hlíða- og Túnahverfi frá Skagfirðingabraut. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á legu tengibrauta innan Sauðárkróks.

Varmahlíð

Gert er ráð fyrir nýrri vegtengingu við Hringveginn sunnan við byggðina og vestan við vegamótin við Skagafjarðarveg (nr. 752), sem tengir annars vegar frístundabyggð og aðra byggð í Varmahlíð norðan Hringvegar og hins vegar nýtt athafnasvæði (AT-501) sunnan við Þjóðveginn. Sveitarfélagið Skagafjörður leggur til að útfærslan með hringtorgi, þar sem hringtorg markar skýr skil á Þjóðveginum við innkomu að þéttbýlinu og umferðarhraðinn er lækkaður.

9.4 Tillögur að nýjum vegum

9.4.1 Jarðgöng

Í stefnu aðalskipulagsins er gert ráð fyrir tveimur jarðgöngum.

- Milli Siglufjarðar og Fljóta, sem hafa verið á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Veggöngin verða mikilvæg fyrir að tryggja öruggar samgöngur við Fjallabyggð, en nyrsti hluti Siglufjarðarvegar uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til samgangna.
- Milli Hjaltadals og Hörgárdals til að sameina þjónustu- og atvinnusvæði þéttbýlisstaða á Norðurlandi. Með göngunum verði stytur vegur milli Akureyrar og Reykjavíkur og talsverð stytting á vegalengd milli Akureyrar og Sauðárkróks eða 30 km. Sveitarfélagið leggur til stefnu um þessi göng til að fylgja eftir annars vegar áskorun sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar og bæjarstjórnar Akureyrarbæjar til stjórnvalda og hins vegar samgöngu- og innviðaáætlun Norðurlands vestra. Áskorun sveitarfélaganna til stjórnvalda var um að tryggja í nýrri samgönguáætlun fjármögnun grunnrannsókna og samanburðar á bestu kostum á legu mögulegra jarðganga undir Tröllaskaga, auk rannsókna á samfélags- og efnahagslegum áhrifum sem leiða af nýjum Tröllaskagagöngum. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hafa í samgöngu- og innviðaáætlun svæðisins³⁷ sett jarðgöng í gegnum Tröllaskaga fremst í forgangsroð jarðganga á svæðinu. Í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024³⁸ er lögð áhersla á að: „Í öllum landshlutum verði blómlegar byggðir og öflugir byggðakjarnar þar sem stuðlað verði að bættum lífskjörum landsmanna með sem jöfnustu aðgengi að grunnþjónustu og atvinnutækifærum óháð efnahag og búsetu. Grunnþjónusta verði veitt sem mest í nærsamfélagi.“ Í kafla byggðaáætlunar um aðgengi að þjónustu er hnykkt á þessu þegar sagt er að „aðgengi landsmanna að grunnþjónustu verði jafnað“. Þá fjallar áætlun um öruggar samgöngur á grundvelli vinnu- og þjónustusóknarsvæða og stækkunar þeirra.

Í samgöngu- og innviðaáætlun kemur fram að jarðgöng um Tröllaskaga falla að stefnumótandi byggðaáætlun 2018-2024. Göngin munu stækka vinnusóknarsvæði Eyjafjarðar og Skagafjarðar og bæta aðgengi íbúa á Norðurlandi vestra að grunnþjónustu. Fjallvegurinn um Öxnadalshéiði getur verið verulegur farartálmi yfir vetrarmánuðina. Göng koma til með að stuðla að mun öruggara aðgengi íbúa Norðurlands vestra að heilbrigðisþjónustu, en verulega hallar á íbúa landshlutans varðandi aðgengi að sérhæfðu sjúkrahúsi samanborið við aðra landshluta. Jafnframt munu jarðgöng á þessum stað hafa mikil áhrif á vöxt og þróun ferðaþjónustu í landshlutanum. Unnið er að uppfærðri samgöngu- og innviðaáætlun, þar sem lögð verður fram ítarlegri umfjöllun um Tröllaskagagöng.

³⁷ Samgöngu- og innviðaáætlun Norðurlands vestra. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Júní 2019.

³⁸ [Byggðaáætlun 2018-2024, Alþingi.](#)

Með ákvörðun um að setja jarðgöng í Hjaltadal í aðalskipulag er gefinn skýr ásetningur sveitarfélagsins í samgöngumálum, sem ber að taka tillit til við nýtingu lands í nágrenni fyrirhugaðra jarðganga. Áform um jarðgöng um Tröllaskaga hafa verið til umræðu í langan tíma og fyrir liggja ýmsar greiningar og áætlanir. Sveitarstjórn telur rétt að tekið verði næsta skref í nauðsynlegum undirbúningi að jarðgöngum og er aðalskipulag sveitarfélagsins hluti af slíku skrefi.

Á skipulagstímabilinu mun sveitarfélagið fylgja eftir því að undirbúningsrannsóknir hefjist sem fyrst og taki m.a. úttektar á:

- Legu jarðganga sem uppfylla markmið.
- Samfélags- og efnahagslegum áhrifum jarðganga og færslu Hringvegjar.
- Öryggimálum í löngum jarðgöngum.
- Snjóþyngslum á vegum að jarðgöngum.
- Kostum og göllum þess að færa Hringveginn og samanburði við jarðgöng undir Öxnadalshéiði.

Fyrirvari um ákvörðun um jarðgöng

Eðlilegir fyrirvarar fylgja ákvörðun sveitarfélagsins um að setja fram staðbundna landnotkun um jarðgöng í Hjaltadal, s.s. að jarðgöngin verði hluti af samgönguáætlun, samráð og samstaða sveitarfélaga verði um jarðgöngin, að unnið verði að undirbúningsrannsóknum og umhverfismati. Þegar niðurstöður rannsókna, athugana og/eða umhverfismats liggja fyrir um jarðgögn um Tröllaskaga, mun sveitarfélagið taka afstöðu til þeirra. Sú afstaða kann að leiða til breytinga á skipulagi.

Framkvæmdir vegna jarðganga eru háðar lögum um umhverfismat áætlana og framkvæmda nr. 111/2021. Í umhverfismati þarf m.a. að fjalla um áhrif á samfélag, umhverfisáhrif efnistöku og haugsetningar, landbúnaðarland, hljóðvist og loftslagsmál.

9.4.2 Tenging yfir Héraðsvötn við Villinganes

Nýr vegur verði lagður í veglínu Kjálka- og Villinganesvega, frá hringveginum í Norðurárdal á Skagafjarðarveg við Tunguháls, með brú yfir Héraðsvötn. Lengd vegar verður um 4 km. Tilgangur tengingar er að styðja við ferðaþjónustu í sveitarfélaginu og útbúa hringtengingu innan sveitarfélagsins.

Á skipulagstímabilinu verði unnið að undirbúningi að tengingu í samráði við Vegagerðina og Akrahrepp.

9.5 Göngu- og hjólaleiðir

Frá fornu fari lágu margar leiðir að Skagafirði um dali og skörð, sumar kunnar af atburðum sem áttu sér stað þegar þær voru alfaravegir s.s. Hólmannavegur, Hjaltadalshéiði og Heljardalsheiði að ekki sé minnst á Kjalveg. Aldagamlar alfaraleiðir um héraðið hafa lagst af sem slíkar s.s. leiðin fram með Vestari-Héraðsvötnum. Þessar leiðir liggja þó enn á sínum stað, fjallaleiðirnar sumar varðaðar. Þær eru ekki fjölfarnar lengur en áhugi ferðamanna fyrir þeim fer þó vaxandi. Sumar þessar leiðir hafa hestamenn merkt inn á reiðleiðakort, einkum þær sem liggja um Staðarfjöll og dalina milli Langadals og Skagafjarðar.

Áhersla er lögð á að byggja upp hjólaleiðir á milli þéttbýlisstaða í sveitarfélaginu. Sú uppbygging verður áfangaskipt. Fyrsti áfanginn felur í sér tengingu milli Sauðárkróks og Hofsóss.



9.6 Reiðleiðir

Í aðalskipulaginu er í fyrsta sinn lagt fram heildstætt kerfi reiðleiða innan sveitarfélagsins (Mynd 9-2).


Reiðleiðir liggja milli þéttbýlistaða meðfram þjóðvegum. Í kringum þéttbýlisstaðina verða reiðleiðir út frá hesthúshverfum um nágrenni.

Reiðleiðir liggja nú um aflagða akvegi og undanfarin ár hafa reiðvegir verið lagðir meðfram þjóðvegum þar sem bílaumferð er mest. Áhugi hefur verið mikill fyrir reiðvegagerð enda mikið riðið út í Skagafirði og nokkrir hafa atvinnu af að fara með fólk í hestaferðir. Þá fara tamningar að einhverju leyti fram á reiðvegum.

Aðalreiðleið um miðhéraðið, milli Sauðárkróks og Vindheimamela, er meðfram Hegranesvegi og yfir Vestari-Héraðsvötn á brú og fram bakka Héraðsvatna að þjóðvegi nr. 1. Þaðan fylgi reiðvegur akvegi að Vindheimamelum.

Reiðleiðir verði meðfram aðalvegum og öðrum vegum eftir því sem kostur er.

Reiðleiðir og gönguleiðir milli Skagafjarðar og aðliggjandi svæða verði um gömlu leiðirnar um fjallaskörð á Tröllaskaga og dali vesturfjallanna og meðfram aðalfjallvegi fram á Sprengisand og Eyfirðingaleið norðan Hofsjökuls.



Mynd 9-2 Reið- og gönguleiðir í sveitarfélaginu Skagafjörður

Aðgerðir

Á skipulagstímabilinu verður unnið að því að skipta reiðleiðum í tvo flokka:

A	Rekstur er leyfilegur á þessum leiðum og notkunartími almennt án takmarkana.
B	Eingöngu er leyfilegt að vera með tvo hesta til reiðar og er reiðleið/umferð háð leyfi að undangengnu samráði við landeigendur. B- leiðir flokkast sem viðkvæmar leiðir, svo sem vegna votlendis, viðkvæms gróðurs, friðlands, verndarsvæða, varpsvæða eða þáatíðar. B- leiðir geta verið opnar hluta úr ári vegna aðstæðna.

9.7 Vegir í náttúru Íslands

Með náttúruverndarlögum nr. 60/2013 og reglugerð nr. 260/2018 er kveðið á um að gerð skuli skrá um vegi í náttúru Íslands, annarra en þjóðvega. Með vegskránni verður til skrá fyrir vegi í náttúru Íslands þar sem leyfð er umferð vélknúinna ökutækja og verður þessi skrá grundvöllur fyrir útgáfu vegkorta og stafrænna vegkorta fyrir leiðsögutæki.

Skráning vega í vegskránni felur ekki í sér ótakmarkaðan og óheftan aðgang, né að vegir séu færir öllum vélknúnum farartækjum á öllum tímum ársins. Einnig felur skráning ekki í sér ábyrgð sveitarfélagsins á viðhaldi vega. Með skránni gefst sveitarfélaginu tækifæri til að hafa yfirsýn yfir þá vegi sem eru nýttir í sveitarfélaginu og þær takmarkanir sem eru á þeim vegum.

Sveitastjórn skal hafa í huga þegar vegir eru skráðir í þessa vegskrá:

- Ekki er um að ræða veg í þéttbýli eða vega í byggð, svo sem heimreiðar eða vinnuvegi innan ræktaðs landbúnaðarlands.
- Greinilegir og varanlegir vegir sem löng hefð er fyrir að aka um
- Er akstur viðkomandi vegar líklegur til að hafa neikvæð áhrif á landslag og víðerni
- Er akstur um viðkomandi veg líklegur að valda raski á viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsprofi eða hafa í för með sé önnur náttúruspjöll

Sveitarfélög eiga að vinna að skrá um vegi í náttúru Íslands samhliða gerð nýs aðalskipulags. Við tillögugerðina skal hafa samráð við Umhverfisstofnun, önnur stjórnvöld þjóðgarða þar sem það á við, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarfélaga, náttúru og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Ísland og Samtök ferðaþjónustunnar. Í reglugerði nr. 260/2018 eru vegir flokkaðir í fjóra flokka (Tafla 9.4).

Tafla 9.4 Yfirlit yfir flokkun vega

Kóði	Skilgreining
F0	Greiðfærir vegir, færir allri almennri umferð að sumarlagi. Oft lokaðir á veturna vegna snjóá og vegna aurbleytu á þáatíð.
F1	Seinfærir vegir, færir allri almennri umferð að sumarlagi. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Stórir lækir og ár brúaðar. Oftar lokaðir á veturna vegna snjóá og vegna aurbleytu á þáatíð.
F2	Lakfærir vegir, færir fjórhjóladrifnum bílum, mjög öflugum fólksbílum, jepplingum og vélhjólum. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Lækir og smáár óbrúaðar. Oft lokaðir á veturna vegna snjóá og aurbleytu á þáatíð.

F3	Torfærir vegir, einungis færir stórum og vel búnum fjórhjóladrifnum bílum, ofurjeppum og vélhjólum. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Getur verið ójafnir, grýttir og með bleytuíhlaupum. Breidd 4 m. Oft lokaðir á vegturna vegna snjóa og aurbleytu á þátið.
----	--


Á skipulagstímabilinu verður unnið áfram með kortlagningu og flokkun á vegum í náttúru Íslands innan sveitarfélagsins.

Tafla 9.5 Vegir í náttúru Íslands í sveitarfélaginu

Flokkun	Nafn	Athugasemd	Takmarkanir
F2	Aravatn	Veiðivegur	
F1	Ásbjarnarvötn	Slóði	
F1	Áskot	Vötn	
F1	Biskupalaug	Reykir í Hjaltadal, borholusvæði	
F1	Borgarey veiðivegur	Veiðivegur	
F1	Borgarsandur	Gamli vegurinn	
F3	Bugaskáli	Skáli	
F1	Deildardalsá	Vegur meðfram ánni	
F2	Eggjar	Mastur	
F3	Eyfirðingavegur	Leið liggur að Ingólfsskála, stikuð	
F2	Fossakvíslarleið	Fjallvegur	
F3	Fossakvíslarleið	Fjallvegur	
F1	Garðskrókur	Vegur að sjó	
F1	Geitaberg	Mastur	
F1	Gilhagadalur	Fjallvegur	
F2	Gönguskarðsá	Slóði upp á fjall	
F1	Haganes	Vegur að sjó	
F1	Hlíðarstaðarrétt	Rétt	
F1	Hof	Rétt	
F3	Hofsjökull	Leið upp að Hofsjökli	
F2	Hólar skógrækt	Skógrækt	
F1	Hraun	Veiðihús	
F2	Hraunlækur	Skáli	
F2	Hróarsgötur	Slóði upp á fjall	
F2	Húseyjarkvísl veiðivegur	Veiðivegur	
F1	Höfðavatn	Frá Siglufjarðarvegi	
F3	Höfðavatn	Út á Bæjarmöl	
F1	Ingólfsskáli	Skáli ferðafélags Skagfirðinga	
F2	Kárahnjúkur	Slóði meðfram Sellæk	
F1	Keldur	Mastur	
F1	Kolbeinsdalur	Vegur að Fjalli	
F1	Kolkuós	Vegur að sjó	
F2	Miðja Íslands	Vegur í átt að miðju Íslands	
F1	Hvammsá	Gömul náma	
F1	Reykjafoss veiðivegur	Veiðivegur	
F1	Sauðá	Slóð meðfram Sauðá	
F1	Sjávarborg	Aflagður tengivegur	
F1	Skarðsá hestarétt	Rétt	
F2	Skiptabakkaskáli	Leið að skála að norðan	
F3	Skiptabakkaskáli	Leið að sunnan, stikuð að mestu	
F3	Skiptabakkaskáli	Önnur leið að skálanum, stikuð, erfiðari	
F2	Stafhólsöxi	Tengivegur um Hrísháls	



F1	Straumsnesvíti	Víti	
F2	Strompleið	Fjallvegur	
F2	Svartárdalur	Vegur upp með Svartá	
F2	Sölvanes	Vegur að á	
F1	Tjarnir í Hjaltadal	Tjarnir	
F2	Unadalur	Vegur inn dalinn	
F1	Valadalur	Vatnshlíðarvatn	
F1	Vatnsskarðsá	Gamli þjóðvegurinn	
F1	Veiðivegur Hjaltadalsá	Náma	
F1	Veiðivegur Hjaltadalsá	Veiðivegur	
F1	Veiðivegur Hjaltadalsá	Veiðivegur	
F1	Veiðivegur Hjaltadalsá	Veiðivegur	
F1	Veiðivegur Hjaltadalsá	Veiðivegur	
F1	Veiðivegur Hjaltadalsá	Veiðivegur	
F1	Veiðivegur Hjaltadalsá	Veiðivegur	
F2	Veiðivegur Hjaltadalsá	Veiðivegur	
F1	Veiðivegur Hraunsvatn	Veiðihús	
F2	Veiðivegur Hraunsvatn	Slóði	
F1	Veiðivegur Húseyjarkvísl	Veiðivegur	
F2	Vestari-Jökulsá	Vatnamælingakofi	
F1	Vindheimamelar	Veiðivegur	
F2	Þórðarhöfði	Höfðamöl frá Siglufjarðarvegi	
F2	Þröngagil	Syðri hluti	
F2	Þröngagil	Nyrðri hluti	
F1	Ölvesvatn	Veiðihús	



Mynd 9-3 Skilgreindir „Vegir í náttúru Íslands“ í sveitarfélaginu

Skipulagsákvæði samgangna

- Þjóðvegir. Byggingar, leiðslur, auglýsingaspjöld, skurði eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja nær vegi en 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega nema leyfi veghaldara komi til.
 - Óheimilt er að reisa mannvirki nema með leyfi veghaldara við vegamót vega á svæði sem takmarkast af beinum línun milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti þeirra. Veghaldari getur ef sérstaklega stendur á fært út mörk þessi, allt að 150 m.
 - Veghaldari getur ákveðið að fjarlægð mannvirkja frá vegi skuli aukin. Enn fremur getur veghaldari leyft að fjarlægð verði minnkuð á tilteknum köflum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

9.8 Vatnsveita, fráveita og gagnaveita

Markmið skipulagsins er að veitukerfið anní þörf íbúa og atvinnulífs í sveitarfélaginu og tryggja að fráveitumálin verði í samræmi við kröfur um hollustuhætti og verndun vatnshlota.

9.8.1 Veitur á Sauðárkróki

Fráveita

Íbúar eru Sauðárkróks rúmlega 2.630 og talsverð atvinnustarfsemi, þ.m.t. matvælaframleiðsla. Lengi hefur verið unnið að lausnum varðandi fráveitumálum í þéttbýlinu. Sameinaðar hafa verið útrásir við hafnasvæðið og það fært fjær landi.

Í dag útrásirnar 11 og dreifast nokkuð jafnt á 2,5 km langa strandlengju þannig að áhrif frá íbúabyggð er mjög takmörkuð á viðtakann. Matvælaframleiðsla losar jafnan mikið magn af næringarefnum í samanburði við heimili.


Samkvæmt úttekt Umhverfisstofnunar árið 2014 kom fram að magn skólps á Sauðárkróki væri tæpar 6.100 persónueiningar.³⁹ Í samræmi við þróun byggðarinnar og atvinnustarfsemi undanfarinna ára er orðin þörf á að uppfæra fráveitukerfið. Til stendur að bæta við útrás frá hafnarsvæðinu til norðurs.

- Lokið verður við gerð framkvæmdaáætlunar fráveitumála fyrir sveitarfélagið.

Nýtt hreinsivirki

Gert er ráð fyrir skólphreinsivirki á Borgarsandi við Sauðárkrók. Gert er ráð fyrir dælustöð og nýrri útrás fráveitu við ströndina skammt vestan við vegamót Sauðárkróksbrautar og Strandvegjar, sjá I-402 á Mynd 4.16. Ekki liggur fyrir endanleg hönnun á umfangi stöðvar og lengd útrásar en ný útrás verður norðan til í höfninni.

³⁹ Umhverfisstofnun, 2017. [Samantekt um stöðu fráveitumála á Íslandi árið 2014](#)



Mynd 9-4 Staðsetning skólphreinsivirkis á Sauðárkróki

Skipulagsákvæði fráveitu

- Skólphreinsivirki fellur undir ákvæði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana 111/2021.

Vatnsveita

Vatn fyrir Sauðárkrók er sótt í vatnsból vestan bæjarins og ofan við Skarðsdal.

Gagnaveita

Markmið er að tryggja öruggt og gott aðgengi íbúa, fyrirtækja og stofnana á Sauðárkróki að háhraðaneti. Ljósleiðari liggur um stóran hluta Sauðárkróks sem veitir aðgengi að háhraðaneti.

9.8.2 Veitur í Varmahlíð

Fráveita

Tveggja þrepa hreinsun er í Varmahlíð og persónueiningar telja 400. Í íbúðabyggðinni er tvöfalt veitukerfi og liggur skólpið í þriggja hólfa steinsteypta rotþró. Í Varmahlíð eru þrjú svæði fyrir frístundabyggð; við Reykjarhólsveg, Víðimelur og Hof. Svæðin við Reykjarhólsveg og Einimel eru tengd sitthvoru fráveitukerfinu, frágengin með þriggja hólfa plastþró, siturlögn og síubeði. Sumarhúsasvæðið við Víðilund og iðnaðarsvæði sunnan Varmahlíðar eru að megninu til tengd inn á þriggja hólfa plastþró, siturlögn og síubeð. Önnur sumarhús eru tengd inn á stakar þrær þriggja hólfa plast þrær frágengnar með siturlögn og síubeði. Frágangur allur við sumarhúsasvæðin í Varmahlíð er vel viðunandi. Hreinsun og tæming rotþróa hefur veið gerð með reglulegu millibili og hefur Sveitarfélagið Skagafjörður annast umsjón þeirrar þjónustu.

Vatnsveita

Neysluvatna fyrir Varmahlíð er sótt austan úr Vatnsskarði. Borhola hitaveitu á Reykjarhól, sbr. iðnaðarsvæði I-501.

Gagnaveita

Markmið er að tryggja öruggt og gott aðgengi íbúa, fyrirtækja og stofnana í Varmahlíð að háhraðaneti. Ljósleiðari liggur um hluta Varmahlíðar sem veitir aðgengi að háhraðaneti.

9.8.3 Veitur á Hofsósi

Fráveita

Íbúar á Hofsósi eru rétt um 200 og rennur fráveitan frá byggðinni í eina útrás sem liggur út í sjó fyrir sunnan Hofsá. Önnur útrás liggur út í sjó fyrir norðan Hofsá út frá þeim stað þar sem fiskvinnsluhús stendur. Ekki er um neina hreinsun á fráveituvatni að ræða og því mikilvægt að umgengni íbúa um fráveitu sé til fyrirmyndar. Í úttekt sem gerð var á fráveitunni árið 2010, kom fram að áburðarmengun frá íbúum er ekki mikil en hún svarar til þess að 100 g köfnunarefni berast á hverri klukkustund út í viðtakan og samsvarar það um hálf tónni af tilbúnum ammóníum nítrat áburði.

Annað fráveituvatn fer í stakar rotþrær, þriggja hólfa plastþrær með siturlögn, samtals um 7 hús, þar af þrjú sumarhús, eitt safn og svo íbúðarhúsnæði. Hreinsun og tæming rotþróa hefur verið gerð með reglulegu millibili og hefur Sveitarfélagið Skagafjörður annast umsjón þeirrar þjónustu. Samkvæmt úttekt Umhverfisstofnunar eru áætlað að umfang fráveitu á Hofsósi sé 200 persónueiningar.

Atvinnustarfsemi á Hofsósi skilar lítilli lífrænni mengun í viðtakann. Það er ljóst að lífræn mengun frá Hofsósi er ekki teljandi og þar sem útrásir opnast fjarri höfn má ætla að ekki gerlamengun sé ekki teljandi vandamál og áhrif á viðtakann er mjög takmörkuð.

Vatnsveita

Heitt vatn kemur úr Hofsósveitu en borhola er við Bræðrá.

Gagnaveita

Markmið er að tryggja öruggt og gott aðgengi íbúa, fyrirtækja og stofnana að háhraðaneti.

9.8.4 Veitur á Hólum

Fráveita

Íbúafjöldi að Hólum í Hjaltadal er breytilegur en að vetri til er hann á þriðja hundrað með skólafólki sem stundar nám í Háskólanum að Hólum. Á sumrin er síðan talsverð ferðaþjónusta og fjöldi ferðafólks sem dvelur á staðnum. Skólp sem fellur til er áætlað 200 persónueiningar (Umhverfisstofnun, 2017). Fráveitukerfi íbúðabyggðar er tveggja þrepa hreinsun. Frágangur fráveitu er metinn viðunandi.

Áburðarmengun frá byggðinni er svipuð og frá Hofsósi en nýlegar framkvæmdir við frárennsli minnka verulega það magn sem berst út í Hjaltadalsána þar sem minnkun verður lífrænu og næringarefnum í rotþró og siturlögn. Nokkur innan við Hólastað er fiskeldisstöð háskólans Hólalax en það er helsta atvinnustarfsemin sem losar mengandi fráveituvatn. Þó nokkur uppbygging hefur verið þar undanfarin ár og er laxeldisstöðin á sér þró.

Vatnsveita

Hitaveita er að Hólum og kemur vatn úr borholu að Reykjum í Hjaltadal.

Gagnaveita

Markmið er að tryggja öruggt og gott aðgengi íbúa, fyrirtækja og stofnana að háhraðaneti.

9.8.5 Veitur á Steinsstöðum


Hitaveita Steinsstaða, sem er hluti af Skagafjarðaveitum sér þéttbýlinu fyrir heitu vatni. Á Steinsstöðum eru vatnsmiklar uppsprettur heits vatn og eru öll hús í þéttbýliskjarnanum upphituð með heitu vatni auk sundlaugar og gróðurhúsa.⁴⁰ Dæluhús hitaveitu er staðsett við Laugaból skammt austan við Árgarð.

10 Rafveita⁴¹

Forsendur

Samkvæmt samþykktum kerfisáætlunum Landsnets fyrir árin 2018-2027 og 2020-2029 er gert ráð fyrir Blöndulínu 3. Samkvæmt gögnum frá Landsneti (2020) kemur fram að núverandi byggðalína á Norðurlandi er fulllestuð.⁴² Landsnet vísar til þess að ekki er hægt að bæta við álagi á afhendingarstöðum á Norðurlandi, þrátt fyrir að orka sé framleidd í landshlutanum. Samkvæmt þessu er ekki unnt að bæta við álagi frá tengivirkinu í Varmahlíð í Skagafirði.

Niðurstaða valkostagreiningar í langtímaáætlun kerfisáætlunar 2018-2027, sem snýr að þróun meginflutningskerfisins, er sú að þær línulagnir sem sameiginlegar eru öllum valkostum verði fullkláraðar á því tímabili sem áætlunin nær yfir. Þær línur sem um ræðir eru á Norðurlandi; Kröflulína 3 á milli Kröflu og Fljótsdals, Hólasandslína 3 á milli Akureyrar og Kröflu og Blöndulína 3 á milli Blöndu og Akureyrar (Landsnet 2020).



Mynd 10-1 Staða flutningskerfisins og möguleikar til að bæta við álagi á afhendingarstöðum. Heimild: Landsnet (2020)


Með styrkingu flutningskerfisins frá Blöndu að Fljótsdal, þ.e. með Blöndulínu 3, Hólasandslínu 3 og Kröflulínu 2, verður talsverð aukning á afhendingargetu (Mynd 10-2).

⁴⁰ Heimild: Skagafjarðarveitur; <http://www.skv.is/is/fyrirtaekid/saga-og-myndir/saga-hitaveitanna>

⁴¹ Kaffli um rafveitu er að mestu óbreyttur frá staðfestri aðalskipulagsbreytingu dags. 4.7.2019.

⁴² Heimild: Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029 <https://www.landsnet.is/um-okkur/utgafa-og-samskipti/kynningarrit-og-skyrslur/kerfisaetlun-2020-2029/>

sveitarfélagsins að raforku í samanburði við Efribýggðaleið og Héraðsvatnaleið. Valkostur B, Hróðmundarskarð telst ekki vænlegri kostur umfram valkost A og C þar sem hann fer ofar í landið og aðstæður eru þröngar og illfærar. Valkostir D og E, með byggðalínu og með þjóðvegi, teljast einnig ekki vænlegir kostir þar sem um er að ræða töluvert lengri leiðir en aðrir valkostir. Valkostirnir fara í gegnum fleiri eignarlönd og fer í einhverjum tilvikum töluvert nálægt sveitabæjum. Þeir kostir sem felldir eru út eru þannig ekki taldir hafa umhverfislegan ávinning umfram kosti A og C.



Mynd 10-3 Valkostir legu Blöndulínu 3 um Sveitarfélagið Skagafjörð. Upprunaleg mynd fengin úr matskýrslu fyrir Blöndulínu 3 (Mannvit, 2012). Valkostum D og E bætt inn eftir á, lega ónákvæm.

Megin rökstuðningur fyrir vali á Héraðsvatnaleið er eftirfarandi:

- Héraðsvatnaleið, eins og Efribýggðaleið, tryggir betur en aðrir kostir að hægt verði að auka verulega aðgengi sveitarfélagsins að raforku. Auk þess að tryggja aukna afhendingargetu um Rangárvallalínu, 132 kV, mun tenging við Blöndulínu 3, 220 kV, tryggja að sveitarfélagið geti boðið upp á orkufreka atvinnuuppbyggingu í framtíðinni. Tengimöguleikar annarra kosta eru fyrir hendi, en þá þarf að leggja nýjar raflínur um talsvert lengri leið s.s. frá Hvammkoti eða frá Blöndustöð.
- Héraðsvatnaleið skerðir vistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi minna en Kiðaskarðsleið með tengingu við Varmahlíð og Efribýggðaleið.
- Héraðsvatnaleið skerðir votlendi minna en Kiðaskarðsleið með tengingu við Varmahlíð og Efribýggðaleið, og skerðir votlendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. Náttúruverndarlaga minnst allra valkosta.
- Héraðsvatnaleið skerðir vatnsverndarsvæði minnst allra valkosta.
- Fleiri ferðamannastaðir eru í nágrenni Héraðsvatnaleiðar, innan fimm km fjarlægðar, en á öðrum leiðum. Til að bregðast við því er lagt til að hluti línunnar frá Húseyjarkvísl (Svartá) og austur fyrir Vindheima, fari í jörðu, til að draga úr sjónrænum áhrifum.

- Héraðsvatnaleið fylgir eða er nærri mannvirkjabeltum í Skagafirði, sem eru núverandi raflína og hringvegurinn. Að mati sveitarstjórnar er verið að breyta einkennum landslags minna á slíku beltum, en ef farið er um tiltölulega óröskuð svæði eða svæði þar sem ekki eru grunninnviðir í nágrenni. Hins vegar er ljóst að með því að línan fylgi hringveginum, munu fleiri sjá Blöndulínu 3. Sveitarstjórn leggur því til að ákveðinn hluti hennar fari í jörðu, um 3,8 km, vestan við Húseyjarkvísl/Svartá og austur að Vindheimum, og að hugað verði að tegund mastra og að staðsetning mastra verði til þess að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum. Það er mat sveitarstjórnar að lega Héraðsvatnaleiðar austan við Vindheima sé þannig að dregið verði talsvert úr sýnileikanum frá hringveginum, þar sem línan mun bera við hækkun í landinu en ekki himinn. Í kjölfar þess að Blöndulína 3 kemst í rekstur verði Rangárvallalína 1 lögð í jörðu eða rifin ef hún verður metin óþörf. Sama á við um Blöndulínu 2, þ.e. að hún fari í jörðu innan tveggja ára frá framkvæmdalokum. Þannig verði til framtíðar loftlínur í sveitarfélaginu ekki fjölgað og dregið úr sjónrænum áhrifum raforkuinnviða í sveitarfélaginu.
- Með staðsetningu jarðstrengs er tekið tillit til þess að engir bæir verði innan 200 m frá legu strengsins til að tryggja að hljóðvist, rafsegulsvið og segulsvið verði öll innan nauðsynlegra marka. Einnig leiðir leiðin til þess að engir bæir verða innan 700 m frá loftlínu.
- Kiðaskarðsleiðin, án tengingar við Varmahlíð, hefur minni umhverfisáhrif á vistgerðir og land en Efribýggðaleið og Héraðsvatnaleið. Einnig koma færri að sjá línuna, a.m.k. munu vegfarendur sjá styttri hluta af línunni en á Héraðsvatnaleið. Hún kemur hins vegar ekki til með að auka aðgengi sveitarfélagsins að raforku í sama mæli og ofangreindar leiðir. Því var tekið til skoðunar að tengja Kiðaskarðsleið við tengivirki sunnan við Varmahlíð. Þá verður umhverfislegur ávinningur þessarar leiðar óverulegur, sérstaklega ef ekki er unnt að tryggja að tengingin geti öll verið í jörðu.
- Héraðsvatnaleið er í samræmi við stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins.
- Á Héraðsvatnaleið er hvergi farið um friðlýst svæði, svæði á náttúruvinnuáætlun eða svæði á náttúruverndaráætlun.

Til að tryggja hagsmuni sveitarfélagsins varðandi afhendingarmöguleikum og -öryggi er gert ráð fyrir nýju tengivirki við Blöndulínu 3, í landi Kirkjuhóls, afmarkað á sveitarfélagsuppdrátt sem I-1,10. Þaðan liggur jarðstrengur í tengivirkið við Varmahlíð. Með tenginu á hinni nýju Blöndulínu 3 við tengivirkið í Varmahlíð er búið að opna þann möguleika að fyrirtæki og einstaklingar í Sveitarfélaginu Skagafirði geti tengst nýju byggðalínunni. Stærð iðnaðarsvæðis er 1,5 ha, lengd jarðstrengs er um 3,6 km og spennustig verði a.m.k. 132 kV. Helgunarsvæði 132 kV jarðstrengs er 20 m.

Landsnet vinnur nýtt mat á umhverfisáhrifum fyrir Blöndulínu 3. Þar kunna að koma fram nýjar hugmyndir að legu Blöndulínu 3. Í umsögn Landsnets⁴³ segir að Landsnet telji það mikilvægt að sveitarfélagið marki stefnu sína um staðsetningu Blöndulínu 3 í aðalskipulagi sínu. Sveitarfélagið hefur skoðað valkosti í aðalskipulagsbreytingu, mótað stefnu og skilmála, sem Landsnet þarf að taka mið af í áætlunum sínum og mati á umhverfisáhrifum. Þegar niðurstaða og álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir um nýtt mat á umhverfisáhrifum fyrir Blöndulínu 3, mun sveitarfélagið taka afstöðu til niðurstöðunnar. Sú afstaða kann að leiða til breytinga á skipulagi. Sveitarfélagið mun bæta við skilmálum fyrir framkvæmdir í leyfisveitingum fyrir Blöndulínu 3 í samræmi við niðurstöðu mats á

⁴³ Umsögn Landsnets við vinnslutillögu aðalskipulagsbreytingar. Dags. 9. mars, vegna breytingartillögu Blöndulínu 3

umhverfisáhrifum línunnar og álits Skipulagsstofnunar, og mögulegra nýrra upplýsinga um rafmagnsfræðilegar takmarkanir á lengd jarðstrengja.


Samkvæmt umhverfismati aðalskipulagsbreytingarinnar raskar Héraðsvatnaleið votlendissvæði sem er stærra en 2 ha. Röskunin er 0,1 ha. Jafnframt verður röskun á vistgerðum sem hafa hátt og mjög hátt gildi. Sveitarfélagið telur að leitað hafi verið leiða til að draga úr raski á þessa umhverfispætti eins og kostur. Áhrif Héraðsvatnaleiðar á þessa þætti eru minni en aðrir sambærilegir kostir. Að mati sveitarfélagsins liggur fyrir brýn nauðsyn fyrir Blöndulínu 3, þar sem megin flutningskerfið eru skilgreint sem hluti af grunninnviðum samfélagsins. Í kerfisáætlun er gerð grein fyrir þörfinni fyrir að styrkja meginflutningskerfið. Sveitarfélagið telur því næg rök liggja fyrir nauðsyn þess að raska umræddu votlendi og vistgerðum sbr. kröfum í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

10.1.2 **Umfang og lega jarðstrengs í Blöndulínu 3**

Eftir samskipti við Landsnet og skoðun á úttekt Hjartar Jóhannssonar (2019) á rafmagnsfræðilegum takmörkunum á lengd jarðstrengja, telur sveitarfélagið óraunhæft að gera ráð fyrir að því að leggja Blöndulínu alla í jörðu innan sveitarfélagsins. Það er hins vegar raunhæft að gera ráð fyrir að a.m.k. 3 km geti verið í jörðu. Sveitarfélagið hefur því skilgreint a.m.k. 3,8 km jarðstrengskafla vestan Húseyjarkvíslar/Svartár, sunnan Saurbæjar og norðan Daufár, og austur fyrir Vindheima.⁴⁴ Það dregur úr sýnileika línunnar frá hringveginum og ferðamannastöðum í nágrenninu og áhrifum hennar á landslag og ásýnd. Auk þess dregur jarðstrengur úr sjónrænum áhrifum og öðrum áhrifum í þeirri byggð sem er næst raflínunni.

Við skoðun á því hvort unnt er og þörf sé á að leggja Blöndulínu 3 að hluta eða öllu leyti sem jarðstreng, hefur sveitarfélagið: Aflað ítarlegri gagna frá Landsneti, litið til stefnu stjórnvalda um lagningu raflína og uppbyggingu flutningskerfis raforku, litið til forsendna kerfisáætlunar, litið til aðalskipulagsáætlana aðliggjandi sveitarfélaga og óháðrar úttektar á vegum Skipulagsstofnunar á hámarkslengd jarðstrengja á línuleiðum Hólasandslínu 3 og Kröflulínu 3. Kannað var hvort unnt sé að byggja 132 kV línu í stað 220 kV. Að mati Landsnet fullnægir lægra spennustig ekki þeirri flutningsþörf sem æskileg er á þessu svæði til framtíðar. Ný lína verður að hafa meiri flutningsgetu en núverandi línur, til þess að bæta ástandið frá því sem nú er (Landsnet, 2017).

⁴⁴ Lega jarðstrengs hefur verið hliðrað til að taka tillit til athugasemda sem bárust um nálægð loftlínu við bæi og heilsárshús.



Mynd 10-4 Lega jarðstrengs Blöndulínu 3.

Í tillögu að kerfisáætlun 2016-2025 kemur fram að hámarks lengd jarðstrengs á milli Blöndu og Akureyrar sé á bilinu 8-10 km. Sveitarfélagið óskaði eftir rökstuðningi fyrir þessari lengd og er hann að finna í minnisblaði Landsnets (2017), sem er í viðauka.

Sveitarfélagið óskaði eftir upplýsingum hver væri hámarksstrenglengd innan sveitarfélagsins miðað við þau verkefni sem eru í undirbúningi hjá Landsneti. Í svörum Landsnets (2017) kemur eftirfarandi fram:

- Niðurstaða greiningar á mögulegum jarðstrengslengdum í 220 kV flutningskerfi á Norðurlandi er sú að Blöndulína 3 gæti að hámarki verið lögð sem jarðstrengur á 10 km kafla. Hins vegar mun möguleg jarðstrengslagning í Hólasandslínu 3 eða Kröflulínu 3 hafa áhrif til skerðingar á mögulegri strenglengd í Blöndulínu 3. Gróft mat á því er að 12 km af jarðstreng í Hólasandslínu 3 skerði mögulega 10 km hámarks lengd jarðstrengjar í Blöndulínu 3 um 3 – 4 km. Verði hluti Kröflulínu 3 lagður í jörðu mun það leiða til enn styttri jarðstrengsmöguleika í Blöndulínu 3.
- Verði möguleiki til einhverrar strenglagnar í Blöndulínu 3, er fyrirfram ekki hægt að segja til um hvar sá strengbútur kæmi helst til greina, en nýta má feril mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar til þess að varpa ljósi á hvar á línuleiðinni það gæti helst orðið. Þar sem fyrirséð er að ekki er raunhæft að gera ráð fyrir mjög löngum köflum er ekki líklegt að hugsanleg strenglögn hafi áhrif á meginleiðir lagnaleiða.
- Það eru ekki líkur á því að tækniþróun á næstu árum muni breyta þessu að ráði. Það eina sem eykur styrk raforkukerfisins er bættar tengingar milli landssvæða og/eða nýjar orkuvinnslueiningar. Bent er á að nútíma vindorkuver bæta litlu sem engu við kerfisstyrk.
- Það er ekki gert ráð fyrir því að t.d. ný strenglögn (66 kV) milli Varmahlíðar og Sauðárkróks muni hafa teljandi áhrif á fyrrnefnda strenglengd í Blöndulínu 3. Verði

Kröflulína 3 og Hólasandslína 3 hins vegar að öllu leyti byggðar upp sem loftlínur gæti það aukið mögulega jarðstrengslengd í Blöndulínu 3 lítillega.

Sveitarfélagið óskaði jafnframt eftir upplýsingum um hvort svokallaður DC-strengur væri mögulegur á milli Blöndu og Akureyrar. Í svörum Landsnets (2017) kemur fram að:

- Það væri tæknilega mögulegt að leggja DC-streng, þ.e. jafnstraumsstrengur, en sé litið til kostnaðar er sú lausn metin óraunhæf. Með vaxandi orkuflutningi milli landa og landsvæða hefur áhugi á flutningi með jafnstraum aukist. Á alheimsvísu skiptist notkunin í nokkra meginflokkka:
 - Flutningur á miklu afli yfir langar vegalengdir. Hér er átt við aflflutning yfir 1000 MW um nokkur hundruð kílómetra leið. Í slíkum tilfellum er oft hagstæðara að flytja orkuna með jafnstraum heldur en riðstraum, þrátt fyrir háan kostnað við umriðlastöðvar, sökum þess að jafnstraumslínurnar eru einfaldari og ódýrari en tilsvareandi riðstraumslínur.
 - Tengingar með sæstrengjum. Í slíkum tilvikum koma riðstraumsloftlínur auðsjáanlega ekki til greina og tæknilegar takmarkanir eru fyrir því hvað hægt er að leggja langan riðstraumsstreng. Því er jafnstraumstenging oft eini möguleikinn.
 - Samtenging raforkukerfa með ólíka eiginleika („back-to-back“ tengingar). Hér getur verið um að ræða tengingu tveggja kerfa, sem ekki eru í fasa, eða hugsanlega rekin á sitthvorri tíðninni.
- Það tilvik sem hefur verið litið til héraðs sem möguleg jafnstraumstenging er tenging milli Suður- og Norðurlands yfir hálendið. Slíka tengingu má að einhverju leyti líta á sem tengingu milli svæða. Galli við slíka tengingu er að hún er háð upprunalegum endastöðvum og ekki er hægt að bæta við nýjum afhendingarstöðum á tenginguna eins og raunin er með riðstraumstengingar. T.d. ef slík tenging væri á milli Blöndu og Rangárvalla, þá væri ekki hægt að bæta Varmahlíð við sem afhendingarstað síðar meir. Kostnaður í jafnstraumssamböndum einkennist af háum kostnaði við umriðilsstöðvar í báðum endum, en lægri kostnaði á hvern km í línunum miðað við riðstraum. Ef litið er til aðstæðna héraðs varðandi meginflutningskerfið er ljóst að flutningur eftir loftlínunum með jafnstraum keppir ekki við riðstraumslausn kostnaðarlega, til þess eru fjarlægðir að jafnaði einfaldlega of litlar.

10.1.3 Skipulagsákvæði vegna Blöndulínu 3

Sveitarfélagið hefur ávallt boðað að byggt á sjónarmiðum og athugasemdum sem fram koma í skipulagsvinnunni verði lögð fram tillaga um legu Blöndulínu 3 og þá skilmála sem sveitarfélagið vill að framkvæmdaraðili fylgi við undirbúning, hönnun, framkvæmdir og rekstur mannvirkja.

Eftirfarandi eru skilmálar vegna Blöndulínu 3:

- Grundvöllur fyrir ákvörðun um Héraðsvatnaleið er að leggja a.m.k. 3,8 km jarðstreng vestan Húseyjarkvíslar/Svartár, og austur að Vindheimum. Þar með er dregið úr sýnileika línunnar frá bæjum næst línunni, hringveginum og ferðamannastöðum í nágrenninu.
- Rangárvallalína 1 verði lögð í jörðu eða rifin ef hún verður metin óþörf eftir að framkvæmdum við Blöndulínu 3 er lokið en það er kaflinn frá spennivirkinu í Varmahlíð og austur að Héraðsvötnum.⁴⁵

⁴⁵ Lagfært eftir auglýsingu, bætt inn möguleika á niðurrífi Rangárvallalínu 1, sbr. umsögn Landsnets dags. 14.9.2021.

- Krafa um að öll Blöndulína 2 fari í jörðu þ.e.a.s. frá sveitarfélagsmörkum við Húnavatnshrepp og að tengivirkinu í Varmahlíð eigi síðar en 2 árum eftir að framkvæmdum við Blöndulínu 3 er lokið.
- Krafa er um að Blöndulína 3 falli sem best að umhverfinu. Hafa skal samráð við sveitarfélagið um útfærslu s.s. um nákvæma staðsetningu línu, tegund mastra og staðsetningu jarðstrengskosta.
- Helgunarsvæði Blöndulínu 3 er á bilinu 45-70 m, þ.e. 22,5-35 m til hvorrar handar. Helgunarsvæði jarðstrengs er 20-25 m, þ.e. 10 m til hvorrar handar.⁴⁶ Innan helgunarsvæðis loftlína gildir byggingarbann þ.e. á því svæði er óheimilt að reisa mannvirki og skógrækt er takmörkunum háð. Framkvæmdir eða vinna innan helgunarsvæða er háð heimild Landsnets.⁴⁷
- Ekki verður heimilt að byggja grindarmöstur í Blöndulínu 3 í sveitarfélaginu.⁴⁸
- Sveitarfélagið Skagafjörður mun óska eftir því að á undirbúningsstigi Blöndulínu 3 verði óháður aðili fenginn til að rýna forsendur fyrir Blöndulínu 3, s.s. þörfina fyrir 220 kV og hámarkslengd jarðstrengja.⁴⁹
- Framkvæmdaraðili skal draga, sem kostur er, úr þörf á varanlegum vegslóðum vegna Blöndulínu 3. Áhersla verði lögð á að nýta núverandi vegslóða.
- Til að tryggja sem mestan ávinning fyrir sveitarfélagið verði í umhverfismati Blöndulínu 3 gerð grein fyrir því hvernig sé best að tengja sveitarfélagið við Blöndulínu 3.
- Í umhverfismati Blöndulínu 3 er lögð áhersla á að fram komi:⁵⁰
 - Valkostir sem taki a.m.k. til: Efribyggðaleiðar, Héraðsvatnaleiðar og Kiðaskarðsleiðar.
 - Samanburður á raski og áhrifum valkosta, sem taki m.a. til: Vistgerða, óraskaðs lands, votlendis, vatnsverndarsvæða og vatnsbóla, menningarminja, áflugshættu, ræktaðs lands, hljóðvist og heilsu (raf- og segulsvið), og áhrif þverunar Svartár/Húseyjarkvíslar á fiska.
- Á framkvæmdatíma þarf að huga að því að framkvæmdir raski ekki vatnsbólum og heitavatnstöku bæja/búsetu.⁵¹
- Sveitarfélagið mun halda því opnu að ef forsendur skapist, t.d. vegna tækniþróunar, að leggja meira af Blöndulínu 3 í jörðu en kemur fram í aðalskipulagstillögu, til að draga enn frekar úr umhverfisáhrifum af línunni. Svæði sem verða til skoðunar ná frá tengivirki í landi Kirkjuhóls og suður fyrir Dalsplássið, þ.e.a.s. á þeim svæðum þessarar leiðar sem ekki er þegar búið að gera kröfu um að hún fari í jörðu á.

10.2 Blöndulína 2 og Rangárvallalína

Rangárvallalína 1, 132 kV, liggur frá sveitarfélagsmörkum við Akrahrepp að tengivirki við Varmahlíð. Blöndulína 2, 132 kV, liggur frá tengivirkinu við Varmahlíð til vesturs að

⁴⁶ Viðbót til að bregðast við umsögn Vegagerðarinnar og athugasemdum landeigenda, vegna breytingartillögu Blöndulínu 3.

⁴⁷ Lagfært eftir auglýsingu tillögu. Bætt inn ákvæðum um helgunarsvæði, sbr. umsögn Landsnets dags. 14.9.2021.

⁴⁸ Viðbót til að bregðast við athugasemdum um tegund mastra í Blöndulínu 3, vegna breytingartillögu Blöndulínu 3.

⁴⁹ Viðbót við skipulagsgögn, sem viðbrögð við athugasemdum, vegna breytingartillögu Blöndulínu 3.

⁵⁰ Viðbætur vegna athugasemda um möguleg umhverfisáhrif framkvæmda, vegna breytingartillögu Blöndulínu 3.

⁵¹ Viðbrögð við athugasemdum sem bárust um hættu á áhrifum á vatnsból og heitavatnstöku, vegna breytingartillögu Blöndulínu 3.


sveitarfélagsmörkum Húnavatnshrepps. Línurnar eru hluti af meginflutningskerfi Landsnets. Helgunarsvæði þeirra er 60 m. og innan þess er byggingarbann og framkvæmdir háðar leyfi Landsnets.

Í samþykktri áætlun fyrir framkvæmdaverk fyrir 2021-2023 í kerfisáætlun 2020-2029 kemur fram að í kjölfar þess að Blöndulína 3 kemst í rekstur verði Rangárvallalína 1 rifin.

10.3 Sauðárkrókslínur

Sauðárkrókslína 1 er 66 kV loftlína, sem liggur frá Varmahlíð að Sauðárkróki. Miðað er við 30 m helgunarsvæði fyrir Sauðárkrókslínu 1.

Sauðárkrókslína 2 er 66 kV jarðstrengur. Hann liggur frá Varmahlíð að Sauðárkróki, fylgir loftlínu, Sauðárkrókslínu 1, að Sæmundará. Þaðan fylgir strengur veginum að Sauðárkróki að athafnasvæði AT-403. Miðað er við um 10 m helgunarsvæði fyrir Sauðárkrókslínu 2.



Mynd 10-5 Mynd sýnir, með rauðri línu, fyrirhugaða legu Sauðárkrókslínu 2, 66 kV jarðstrengs, milli Varmahlíðar og Sauðárkróks. Hvít lína sýnir núverandi legu Sauðárkrókslínu 1, 66 kV loftlínu.

10.4 Aðrar raflínur

Aðrar raflínur eru undir 66 kV spennu og teljast til dreifikerfis raforku. Þær eru á ábyrgð Rarík. Þessar línur eru ekki á sveitarfélagsuppráttum.

10.4.1 Rafveita á Sauðárkróki

Megin tenging Sauðárkróks við flutningskerfi raforku er um Sauðárkrókslínur 1 og 2. Nýtt tengivirki verður á athafnasvæði AT-403. Jarðstrengur liggur frá Kvistahlíð, meðfram Borgargerði að nýju tengivirki. Miðað er við að helgunarsvæði jarðstrengs sé 4 m.

Við ákvörðun um staðarval á nýju tengivirki var litið til þess að færa það inn á athafnasvæði, sem væri fjarri íbúðarbyggð. Á athafnasvæði AT-403 er nægt rými og ekki líkur á að tengivirki takmarki eða hafi á einhvern hátt neikvæð áhrif á starfsemi svæðisins.

Íbúðarbyggð hefur færst að núverandi tengivirki í Kvistahlíð. Ekki er talið ásættanlegt, til lengri tíma, að hafa tengivirki svo nálægt íbúðarbyggð og því kemur sú staðsetning ekki lengur til greina.

Á þéttbýlisupprætti eru sýndar stofnlagnir rafveitna, þ.e. raflínur með spennu 11 kV og hærri.

10.4.2 Rafveita í Varmahlíð

Innan þéttbýlismarka Varmahlíðar vestan við Reykjarhól liggur 66 kV háspennulína. Helgunarsvæði raflínunnar er 30 m.

DREIFBÝLI

Stefnumörkun og ákvæði um landnotkun í dreifbýli
og óbyggðum

11 Stefnumörkun í dreifbýli

Uppbygging og þróun landnýtingar í dreifbýli á að styðja við þróun Skagafjarðar sem matarkistu og miðstöð íslenska hestsins. Stefna aðalskipulagsins er að styðja við landbúnaðarhefðir en opna einnig ný tækifæri í landbúnaði sem byggja á landgæðum og ímynd sveitarfélagsins með það fyrir augum að auka framleiðslu, bæta hag bænda og halda aftur af fækkun íbúa í dreifbýli.

Landnotkun í dreifbýli er fyrst og fremst landbúnaður, náttúruverndarsvæði, vatnsverndarsvæði, iðnaðarsvæði og innviðir, en ofan við 200 m y.s. er megin landnotkun óbyggt land. Skipulag á nýtingu afrétta verði mótuð í samræmi við bestu starfshætti.

Sveitarfélagið Skagafjörður er ríkt af náttúrulegum gæðum. Stefna aðalskipulags skal stuðla að hagkvæmri nýtingu lands og landgæða og tryggja að nýting auðlinda sé sjálfbær. Stór hluti sveitarfélagsins fellur undir annars vegar náttúruvernd og hins vegar vatnsvernd.

Leiðarljós

Auðlindir verði nýttar á markvissan og skynsamlegan hátt til eflingar atvinnuvega og aukinna lífsgæða í þágu sveitarfélagsins.

Heilbrigðir lífshættir og þekking íbúa á sínu nánasta umhverfi verði grunnstoðir að sjálfbæru samfélagi í sveitarfélaginu. Hlúð verði að náttúruverndar- og útivistarsvæðum.

Hugað verði að því að gæði lands og byggðar verði ekki síðra að skipulagstímabili loknu og að stefna aðalskipulags stuðli að sjálfbærum vexti samfélagsins, þar sem m.a. er horft til sjónarmiða ólíkra aldurshópa, hagsmuna, umhverfisins og heimsmarkmiða.

Markmið

- Nýting náttúruauðlinda byggja á bestu fánlegu tækni og þekkingu til að tryggja eins og kostur er sjálfbæra nýtingu þeirra.
- Stuðla að aukinni og fjölbreyttari matvælaframleiðslu með nýsköpun í ræktun og vöruþróun.
- Nýta þau tækifæri sem felast í náttúru sveitarfélagsins, sögu og tengslum við íslenska hestinn til að byggja upp þjónustu fyrir ferðamenn.
- Skógrækt verði nýtt til að auka útivistarmöguleika, auka landgæði, binda kolefni og sem fjárfestingu í framtíðarauðlind.
- Ástand náttúruauðlinda verði ekki síðra í lok skipulagstímabilsins en í upphafi þess.
- Stuðla að bættri lýðheilsu með góðu aðgengi að svæðum til útivistar og uppbyggingu á góðri aðstöðu fyrir mismunandi hópa.
- Verndun náttúrulegs umhverfis í sveitarfélaginu þ.m.t. landslag, líffræðileg fjölbreytni, vistkerfi, jarðmyndanir og jarðvegur.

Samkvæmt landskipulagsstefnu 2015-2026 er gert ráð fyrir að skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, s.s. til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar í sátt við náttúru og landslag. Landnotkun styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðarþróun.

Mörkuð er stefna um eftirfarandi landnotkunarflokka í dreifbýli. Sett eru sértækari markmið fyrir ákveðna flokka, þar sem sveitarfélagið vill skerpa á þeim áherslum sem skulu gilda á skipulagstímabilinu:



- Landbúnaður (L)
- Afþreyingar- og ferðamannastaðir (AF)
- Atvinnusvæði (VP, AT og I)
- Náttúruverndarsvæði (FS og ÖN)
- Minjavernd (MV)
- Vatnsverndarsvæði (VV)
- Frístundbyggð (F)
- Strandsvæði (ST)
- Efnistaka og efnislosun (E)
- Opin svæði (OS) og óbyggð svæði (ÓB)
- Vötn, ár og sjór (V)
- Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)
- Takmarkanir á landnotkun (NV og VA)

12 Landbúnaður (L)


Svæði fyrir landbúnað (L) og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfænað, matvæla- og fóðurframleiðslu.

Nr.	Stærð [km ²]	Lýsing
L1-3	10.597	Landbúnaðarland telst landsvæði sem liggur neðan 300 m hæðar yfir sjó að undanskildu svæðum sem af náttúrulegum ástæðum telst ekki henta til ræktunar svo sem ár og vötn, einnig landsvæði sem hefur verið ráðstafað til annarrar nýtingar.

Sveitarfélagið Skagafjörður er landbúnaðarhérað og er landbúnaður talinn ein mikilvægasta atvinnugreinin í sveitarfélaginu og grundvöllur búsetu í dreifbýli.

Landbúnaðarsvæði er samheiti yfir mjög fjölbreytta landnotkun og nær m.a. til túna, beitilands, ræktaðs lands, ræktanlegs lands, akuryrkju, ylræktar, þauleldis og skógræktar auk mannvirkja sem tengjast viðkomandi búrekstri og búsetu.

Í stefnumörkun um landbúnað eru tækifæri til að efla tengsl matvælaframleiðslu, ferðaþjónustu og menningararfs sem byggir á sambýli við náttúruna. Hver þáttur styrkir annan í þessu sambandi og allt hvílir á gæðum náttúrunnar.



Markmið um landbúnað

- Sveitarfélagið leggur áherslu á að styrkja grunnstoðir landbúnaðarins og skapa skilyrði fyrir vaxtarsprotu, vöruþróun og nýsköpun í landbúnaði og tengdri starfsemi.
- Forgangsraða nýtingu góðs ræktarlands til ræktunar og ýta undir viðhald þeirra gæða en beina annarri notkun annað. Að standa vörð um gott ræktarland og landbúnaðarland, með því að móta skilmála ef breyta á landbúnaðarlandi og heimildir um uppbyggingu á landbúnaðarlandi sem tekur mið af flokkun landbúnaðarlands.
- Fjölga íbúum og auka fjölbreytni starfa í dreifbýli.

- Stuðla að sambúð landbúnaðar, ferðapjónustu, frístundabyggðar og annarrar landnotkunar. Settir verða skilmálar og leiðbeiningar um hvernig þeirri sambúð verði best háttáð.
- Stuðla að tækifærum sem felast í nýtingu orku í sveitarfélaginu, s.s. raforku og jarðvarma til ylræktar.
- Leggja skal mat á gæði landbúnaðarlands og styðja við góða ákvarðanatöku bænda um nýtingu og viðhald jarða sinna.

12.1 Almennt um landbúnaðarland

Á landbúnaðarlandi er fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum, starfsemi og ræktun sem tengjast landbúnaði og styðja við landbúnað. Meðal helstu búgreina eru sauðfjárrækt, nautgriparrækt, loðdýrarrækt og hrossarrækt, sem hvílir á sterkum sögulegum grunni. Vísir er að ylrækt í sveitarfélaginu og nytjaskógrækt er vaxandi landbúnaðargrein.

Landrymi á landbúnaðarlandi er helst notað til fóðurframleiðslu hvort sem er til uppskeru eða beitar. Auk heyframleiðslu sem er umfangsmesta nýting landbúnaðarlands ásamt beit er ræktað korn og fóðurkál fyrir fóður. Eithvað er um akuryrkju til manneldis. Heildstæð tölfræði um notkun lands og afköst er ekki aðgengileg fyrir sveitarfélagið í heild og erfitt að segja hvaða breytingar hafa orðið eða fylgjast með breytingum sem kunna að verða. Ekki er gert ráð fyrir að miklar breytingar verði á notkun lands á heildina litið. Einstaka bændur ákvarða hvaða ræktun fer fram á þeirra landi í samræmi við eigin rekstraráætlanir og fjárfestingar.



Mynd: SB


Stór hluti bænda hefur tekjur af öðru en eigin búrekstri. Nýjustu upplýsingar um kjör bænda bentu til að ferðaþjónusta, verktaka á öðrum býlum og önnur verktaka væru meðal algengustu tekna auk almennrar launavinnu. Þá er vaxandi áhugi á vöruframleiðslu úr eigin afurðum svo sem kjötvinnslu, timburframleiðslu, ís- og ostagerð svo eitthvað sé nefnt. Í samræmi við markmið um að styrkja grunnstoðir og búsetugrundvöll í dreifbýli er því heimilt að nýta bújarðir með fjölbreyttum hætti til að breikka tekjugrundvöll ábúenda og eigenda jarða auk þess að fjölga íbúum í dreifbýli. Slík notkun verður þó að taka mið af skilyrðum þeim sem sett eru í aðalskipulagi.

12.2 Flokkun landbúnaðarlands

Sveitarfélagið leggur fram flokkun landbúnaðarlands í fjóra flokka ræktunarlands, tafla 12.1, sem skilgreinir forgang landnotkunar á skilgreindu landbúnaðarlandi.

Tafla 12.1 Flokkar landbúnaðarlands

I. Flokkur	MJÖG GOTT RÆKTUNARLAND. slétt, yfirleitt undir 5% og alltaf undir 10% halla. Í sumum tilfellum þarf að þurrka landið. Jarðvegur frjór og auðveldlega plógtækur, nær ekkert grjót. Land alltaf undir 100 m hæð yfir sjó.
II. Flokkur	GOTT RÆKTUNARLAND. Fremur slétt, alltaf undir 15% og yfirleitt undir 10% halla. Jarðvegur oft ágætur en halli meiri en í flokki I en getur verið fremur rýr og þá áburðarfrekur, sums staðar sendinn og þurrhendur s.s. við árfarvegi. Plógtækur jarðvegur kann að vera allt niður í 25 cm þar sem hann er hvað grynstur. Stakir hólar, grjót/nibbur kunna að raska samfellu í landi. Land alltaf undir 200 m hæð yfir sjó.
III. Flokkur	SÆMILEGT RÆKTUNARLAND. Hentar oft vel til túnræktar og í sumum tilfellum mögulegt til akuryrkju. Landið er yfirleitt gott til beitar eða skógræktar. Halli getur verið nokkur, upp í nokkuð bratt, jafnvel 25% halla en einnig getur verið um flatlendi að ræða. Jarðvegur nokkuð breytilegur, allt frá því að vera mjög frjór yfir í rýran móajarðveg og lítt gróin melasvæði. Jarðvegur getur verið grýttur og/eða grjóthólar og hraun í eða upp úr jarðvegi. Land alltaf undir 300 m hæð yfir sjó.
IV. Flokkur	ANNÆÐ LAND/LÉLEGT RÆKTUNARLAND. Ýmsar landgerðir þar sem ekki verður um samfellda jarðrækt að ræða m.a. vegna þess að jarðvegur er grunnur, hraun/grjót í eða við yfirborð eða hæð yfir sjó og/eða halli lands er of mikill. Einnig eru þetta aurasvæði jökulvatna, sandsvæði og strandsvæði næst sjó sem og mjög blaut votlendissvæði þar sem grunnvatnsstaða er talin það há að land er ekki þurrkunarhæft. Land í flokki IV er oft hentugt til beitar og þá nýtt til sumarbeitar eða heilsársbeitar þegar um láglandissvæði er að ræða.



Mynd 12-1 Flokkað landbúnaðarland (sjá einnig bemaupprátt í mkv. 1:180.000)

12.3 Stefna um landbúnaðarland

Með hliðsjón af flokkun landbúnaðarlands eftir gæðum ræktarlands, sbr. töflu 12.1 og mynd 12-1, er landbúnaðarsvæðum skipt upp í 3 flokka (L1, L2 og L3) með mismunandi áherslum og landnotkunarákvæðum.

Nr.	Stærð [ha]	Lýsing	Flokkar ræktarlands
L1	31.800	Gott landbúnaðarland á láglendi (allt undir 200 m.y.s.). Uppbygging og mannvirkjagerð heimil að uppfylltum skipulagsákvæðum. Leitast skal við að viðhalda nýtingu lands til matvælaframleiðslu og hlífa ræktarlandi í flokki I.	I. Flokkur
			II. Flokkur
L2	19.600	Breytilegt landbúnaðarland með sæmilegu ræktarlandi (allt að 300 m.y.s) til túnæktar, nytjaskógræktar eða sem beitiland. Uppbygging og mannvirkjagerð heimil að uppfylltum skipulagsákvæðum.	III. Flokkur
L3	56.100	Annað landbúnaðarland L3 sem síður henta til jarðæktar vegna breytilegra landgerða. Getur þó hentað til beitar eða nytjaskógræktar. Uppbygging og mannvirkjagerð heimil að uppfylltum skipulagsákvæðum.	IV. Flokkur

12.4 Almenn ákvæði um landnotkun á öllum landbúnaðarsvæðum

Þar er gert ráð fyrir uppbyggingu í tengslum við landbúnaðarstarfsemina en einnig er heimilt er að nýta byggingar, byggja stök mannvirki og/eða breyta eldri byggingum, til annarrar starfsemi ef slíkur rekstur styður við landbúnaðarstarfsemi eða búsetu á svæðinu. Dæmi um slíka starfsemi er ferðaþjónusta, afurðasala og léttur iðnaður, t.d. verkstæði.

Um landnotkun og uppbyggingu gilda eftirfarandi ákvæði:

- Útihús og byggingar til landbúnaðarnota skulu reist í tengslum við eða nærri öðrum húsum á jörðinni, að því gefnu að möguleg neikvæð áhrif, t.d. lyktarmengun, verði óveruleg fyrir íbúa. Um eldishús alifugla, loðdýra og svína gildir reglugerð nr. 520/2015 og þar er m.a. kveðið á um lágmarksfjarlægð eldishúsa frá nálægri byggð.
- Leitast skal við að nýta sem best innviði, s.s. vegi og veitur.
- Uppbygging nýrra stakra bygginga fyrir aðra atvinnustarfsemi á bújörðum í ábúð fari ekki yfir 2.000 m² og heildarfjöldi þeirra ekki fleiri en 3. Önnur viðmið um fjölda mannvirkja geta gilt um uppbyggingu í tengslum við bændagistingu og metur þá skipulagsnefnd hvert tilvik fyrir sig.
- Þess skal gætt að önnur starfsemi en landbúnaður valdi ekki neikvæðum áhrifum á landbúnaðarsvæði s.s. með mengun eða skerðingu á aðgengi.

Skipulagsnefnd metur hverju sinni málsmeðferð uppbyggingaráforma m.t.t. skipulagslaga, með hliðsjón af ofangreindum ákvæðum og umfangi framkvæmda.

Sveitarstjórn getur ákveðið að veita megi leyfi til byggingar á stökum byggingum sem tengjast starfsemi bújarðar án deiliskipulags, ef umfang og/eða aðstæður gefi tilefni til. Á það við þegar byggingaráform varða ekki hagsmuni annarra en umsækjandans, samrýmast landnotkun og yfirbragði svæðisins og hafa ekki neikvæð umhverfisáhrif. .

Auk þessara almennu ákvæða um landnotkun á landbúnaðarsvæðum gilda sértæk ákvæði um hvern flokk landbúnaðarsvæða.

12.4.1 **L1 Landbúnaðarsvæði – gott landbúnaðarland á láglandi**

Landbúnaðarsvæði L1 ná til lands undir 200 m hæð yfir sjó og ræktarlands í flokki I og II, ásamt bæjartorfum bújarðanna.⁵² Á landbúnaðarlandi L1 er fyrst og fremst gert ráð fyrir ræktun til fódurframleiðslu eða akuryrkju til manneldis. Þar er líka beitiland.

Um landnotkun og uppbyggingu á L1 landbúnaðarsvæðum gilda eftirfarandi ákvæði:

- Við alla uppbyggingu og framkvæmdir skal leitast við að hlífa góðu ræktarland í flokki I, sbr. töflu 12.1. Við leyfisumsókn skal gerð grein fyrir áhrifum á ræktarland.
- Forðast skal að rjúfa samfellu landbúnaðarlands með framkvæmdum.
- Ekki er gert ráð fyrir skógrækt, en heimil er ræktun skjólbelta, sbr. kafla 12.6 um skógrækt á landbúnaðarlandi.

12.4.2 **L2 Landbúnaðarsvæði – breytilegt landbúnaðarland**

Landbúnaðarsvæði L2 eru svæði með fjölbreyttri landgerð, sem skilgreint er landbúnaðarland í flokki III, sbr. töflu 12.1. Á landbúnaðarlandi L2 er get ráð fyrir fjölbreyttri landbúnaðarstarfsemi svo sem ræktun til fódurframleiðslu, nýtingu til beitar eða nytjaskógrækt.

Þar er heimil uppbygging í tengslum við landbúnaðarstarfsemi og heimilt er að nýta byggingar, byggja stök mannvirki og/eða breyta eldri byggingum, til annarrar starfsemi ef slíkur rekstur styður við landbúnaðarstarfsemi eða búsetu á svæðinu. Dæmi um slíka starfsemi er ferðaþjónusta, afurðasala og léttur iðnaður, t.d. verkstæði.

Um landnotkun og uppbyggingu L2 landbúnaðarsvæðum gilda eftirfarandi ákvæði:

- Við framkvæmdir skal þess gætt að raska ekki góðu ræktarlandi eins og kostur er. Við leyfisumsókn skal gerð grein fyrir áhrifum á ræktarland.
- Nytjaskógrækt er heimil sbr. ákvæði kafla 12.6 um skógrækt á landbúnaðarlandi.

12.4.3 **L3 Landbúnaðarsvæði – Annað landbúnaðarland**

Annað landbúnaðarland L3 tekur til svæða sem skilgreind eru í flokki VI, sem síður henta til jarðræktar vegna breytilegra landgerða og þar sem ekki verður um samfellda jarðrækt að ræða, sbr. töflu 12.1. Þetta landbúnaðarland getur þó hentað til beitar eða nytjaskógræktar.

Um landnotkun og uppbyggingu á L3 landbúnaðarsvæðum gilda almenn ákvæði, sbr. kafla 12.4.

12.5 **Landskipti**

Heimilt er að skipta upp landi. Markmið þess er að styrkja búsetugrundvöll í dreifbýli og nýta betur innviði auk þess að gefa fleirum færi á að búa í dreifbýlinu án þess að hafa aðalatvinnu af landbúnaði. Skipulagsnefnd metur hverju sinni hvort uppbyggingaráform kalla á deiliskipulagsgerð. Við afgreiðslu á umsóknum verður m.a. litið til eftirtalinna þátta:

⁵² Sveitarfélagsuppdráttar aðalskipulags er í mkv. 1:80.000 og leyfir ekki nákvæma afmörkun bæjartorfa.

- Áform um uppbyggingu falli að markmiðum aðalskipulagsins um búsetu í dreifbýli og er til þess að styrkja atvinnulíf í dreifbýli.
- Uppbygging geti nýtt núverandi veitu- og samgöngukerfi, s.s. að aðgengi að landspildu frá þjóðvegi sé tryggt og stutt sé í veitukerfi.

Sveitarstjórn getur ákveðið að veita megi leyfi til stakra bygginga án deiliskipulags, ef uppbygging fellur vel að ofangreindum þáttum og umfang og/eða aðstæður gefi tilefni til. Um landskipti gildir 6. gr. jarðalaga nr. 81/2004.

12.6 Skógrækt á landbúnaðarlandi

Skógrækt sem fram fer á landbúnaðarlandi hefur margþætt hlutverk, t.d. að skapa tekjur með viðarafurðum sínum, til að bæta afkomu annarrar ræktunar hvort sem um er að ræða búfénað eða gróður, sem kolefnisbinding eða forða tjóni með bindingu jarðvegs.

Nytjaskógrækt á landbúnaðarsvæðum er heimil á landbúnaðarlandi L2 og L3 þar sem ræktarland er í flokki III. eða IV. sbr. töflu 12.1.

Skjólbelti sem hafa það hlutverk að verja landbúnaðarland fyrir ágangi veðurs má setja á landbúnaðarland í I. eða II. Flokki enda sé breidd skjólbeltisins að hámarki 15 m.

- Framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt fer samkvæmt reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Miðað er við að framkvæmdaleyfi þurfi þar sem til stendur að gróðursetja fleiri en 30.000 plöntur eða þar sem skógræktarsvæði er stærra en 20 ha.

12.7 Fiskeldi á landbúnaðarlandi

Minniháttar fiskeldisstöðvar eru heimilar á landbúnaðarsvæðum að teknu tilliti til þess að ársframleiðsla sé minni en 20 tonn sé fráveita í ferskvatn eða minni en 200 tonn sé fráveita til sjávar.

- Vinna þarf deiliskipulag fyrir fiskeldisstöðvar.

12.8 Skipulagsákvæði um að taka land úr landbúnaðarnotum

Við mat á áhrifum þess að taka land úr landbúnaðarnotum og leggja til annarra nota, eða skipta landi eða sameina það, skal fjalla um eftirfarandi:

- a. Hvort landið sé stærra en þörf er að teknu tilliti til þeirra áforma sem er lýst. Jafnframt hvort fremur megi taka annað land til sömu nota, sem hentar síður til landbúnaðar og þá sérstaklega jarðræktar.
- b. Hvort áform leiði af sér að girt sé fyrir búrekstrarnot í framtíðinni, t.d. þannig að byggingar nýtist ekki eða framleiðslugrundvöllur jarðar raskist tilfinnanlega.
- c. Hver áhrif breyttrar landnotkunar eru á aðlæg landbúnaðarsvæði, m.a. hvort hæfileg fjarlægð er milli breyttrar landnotkunar og landbúnaðar sem fyrir er.
- d. Hvort landbúnaðarsvæði séu heildstæð og samfelld, með hliðsjón af mögulegri framtíðarþörf. Leitast skal við, eftir því sem við á, að t.d. frístundabyggð sé skipulögð á afmörkuðum og samfelldum svæðum.

Auk þess skal fjalla um önnur sjónarmið eftir því sem við á með hliðsjón af skipulagsáætlun, samkvæmt mati sveitarstjórnar.

13 Náttúruverndarsvæði

Undir náttúruverndarsvæði falla friðlýst svæði, svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá og afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags. Náttúruminjaskrá skiptist í þrjá hluta, þ.e. A-, B- og C-hluta. A-hluti er skrá yfir friðlýst eða friðuð svæði, B-hluti er framkvæmdaáætlun um svæði sem Alþingi hefur ákveðið að friðlýsa eða friða og C-hluti er skrá yfir mikilvægar náttúrminjar, sbr. 33. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til við ráðherra að fimm svæði í sveitarfélaginu verði sett á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár, sbr. 33.gr. laga um náttúruvernd. Svæðin eru: Skagi, láglandi Skagafjarðar, Drangey og Málmey.

13.1 Friðlýst svæði (FS)

Friðlýst svæði (FS), eru svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar. A-hluti Náttúruminjaskrár.

Tvö friðlýst svæði eru í sveitarfélaginu Þjórsárver og Miklavatn (Tafla 13.1 og Mynd 13-1).



Mynd: RG

Tafla 13.1 Friðlýst svæði (FS) A-hluti náttúruminjaskrár og önnur náttúruvernd (ÖN) sem eru svæði í C-hluta náttúruminjaskrár.


Nr.	Náttúruverndarsvæði	Viðfangsefni
FS-1	Þjorsárver	Svæðið nær yfir öll Þjorsárver og nágrenni auk Hofsjökuls. Friðland Þjorsárvera er að hluta í sveitarfélaginu og afmarkast af Hofsjökli.
FS-2	Miklavatn	Miklavatn á láglandi Skagafjarðar. Stærð 1.484,5 ha. Svæðið einkennist af votlendi með miklu fuglalífi. Vegna fuglaverndunar er óheimilt að fara um svæðið frá 15. maí til 1. júlí.
ÖN-1	Orravatnsrústir	413. (1) Votlendi umhverfis Orravatn allt norður að Reyðarvatni. (2) Einstakt rústasvæði, flár og tjarnir.
ÖN-2	Botn Vesturdals	Botn Vesturdals (Hofsdals) (1) Innsti hluti Vesturdals, innan Miðmundargils og gljúfrið inn af honum. (2) Sérkennilegur og gróðursæll dalur, umgirtur hömrum og snarbröttum hlíðum. Fagrir fossar Fossár.
ÖN-3	Malarásar í Sæmundarhlíð	417. (1) Malarásar meðfram Sæmundará, milli bæjanna Fjalls og Auðna. (2) Óvenju fallegir og reglulega lagaðir malarásar auk jökulkerja. Merkar jarðsögulegar minjar um hop jökulsins í lok ísaldar.
ÖN-4	Austara Eylendið	418. (1) Óshólmarsvæði Austari- Héraðsvatna. Að austan fylgja mörk austurbakka Austari- Héraðsvatna frá sjó suður að norðurodda Holtseyjar, en að vestan fylgja þau vesturjaðri mýrlendis við Ríp og síðan vesturbökkum Ásvatns og Garðsvatns og til sjávar í Garðskróki. (2) Fjölbreytt fuglalíf og gróður.
ÖN-5	Ketubjörg á Skaga	419. (1) Strandlengjan frá Ketukögri suður á móts við eyðibýlið Kleif. (2) Tilkomumikil sjávarbjörg, drangar og gatklettar, leifar af eldstöð frá ísöld.
ÖN-6	Drangey	420. (1) Drangey ásamt Kerlingu. (2) Há, þverhnipt klettaeyja með miklum fuglabjörgum og gróskumiklum gróðri. Er tilnefnt í framkvæmdáætlun (B- hluta) náttúruminjaskrár sem alþjóðlega mikilvæg sjófuglabyggð.
ÖN-7	Höfðavatn og Þórðarhöfði, Höfðaströnd	421. (1) Höfðavatn og Þórðarhöfði við austanverðan Skagafjörð. (2) Stöðuvatn með ísöltu vatni. Fjölbreytt og auðugt lífríki.
ÖN-8	Reykjarhóll á Bökkum	422. (1) Reykjarhóll og nánasta umhverfi, við samnefndan bæ. (2) Sérkennilegur, stakur, keilulaga jökulbergshóll með laug í kollinum. Í hólum hefur verið malarnám sem hefur skaðað ásýnd hans.
ÖN-9	Fjallendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar	423. (1) Hálendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar norðan þjóðvegur nr. 1 á Öxnadalshéiði. Á vestanverðum skaganum eru mörk miðuð við 200 m h. y. s, mörk ná víðast í sjó fram á norðanverðum skaganum og á austanverðum skaganum eru mörk í 150- 250 m h. y. s. (2) Hálendur og hrikalegur skagi með djúpum dölum, stórbrotið land. Á hæstu fjöllum eru jöklar. Um hálendið liggja fornar leiðir milli byggða.
ÖN-10	Ásbúðnavatn, Torfavatn og Þangskálavatn á Skaga	427. Ásbúðnavatn, Torfavatn og Þangskálavatn á Skaga, Skagahreppi, Skefilsstaðahreppi, A-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu. (1) Strandlengja frá bænum Mánavík að Kelduvíkurvík ásamt sjávarlónum. (2) Sjávarlón með miklu fuglalífi.
ÖN-11	Miklavatn í Fljótum	428. Miklavatn í Fljótum. (1) Vatnið allt ásamt ósi. (2) Miklavatn er sérstætt náttúrufríbærni með greinilegri seltulagskiptingu.



13.2 Önnur náttúruvernd (ÖN)

Önnur náttúruvernd (ÖN), eru svæði á náttúruminjaskrá, þ.m.t. svæði í náttúruverndaráætlun, jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun. C-hluti Náttúruminjaskrár.

Í sveitarfélaginu eru 10 svæði á C-hluta náttúruminjaskrár (Tafla 13.1 og Mynd 13-1) og fjöldi vistkerfa og jarðminja sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.



Mynd 13-1 Friðland og önnur náttúruvernd í sveitarfélaginu Skagafjörður

13.3 Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja

Samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 njóta tiltekin vistkerfi og jarðminjar sérstakrar verndar. Þar eiga eftirfarandi ákvæði við í sveitarfélaginu:

- Votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m² að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur.
- Fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki.
- Hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.
- Sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.

13.4 Mikilvæg fuglasvæði

Í sveitarfélaginu eru afmörkuð mikilvæg fuglasvæði skv. flokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands.⁵³ Skilgreind hafa verið svæði sem teljast alþjóðlega mikilvæg fyrir þá 81 tegund fugla sem eru varpfuglar eða reglulegir gestir hér á landi. Mat á því hvaða svæði falla í þennan flokk byggist á viðmiðum Alþjóðlegu fuglaverndarsamtakanna, BirdLife International. Það veltur fyrst og fremst á stofnmati, þ.e. hversu margir fuglar nýta svæðin hér á landi og hversu hátt það hlutfall er af heildarstofni. Fyrir sumar tegundir eru hvort tveggja byggt á ítarlegum fyrirbyggjandi gögnum en fyrir margar tegundir byggir matið á takmörkuðum og oft áratugagömlum gögnum.⁵⁴

Sum þessara svæða njóta þegar verndar skv. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, sjá kafla 13.2.

Tafla 13.2 Mikilvæg fuglasvæði í Sveitarfélaginu Skagafjörður

Svæði	Stærð [ha]	Viðfangsefni	Verndargildi
Skagi*	51.960	Votlendi og önnur svæði. VOT-N5	A4i, B1i, B2
Láglendi Skagafjarðar**	18.470	Votlendi og önnur svæði. VOT-N6	B1i, B2
Fljót - Miklavatn	740	Votlendi og önnur svæði. VOT-N7	B1i
Fljót - Siglufjörður	1.130	Fjörur og grunnsævi. FG-N1	A4i, B1i
Tindastóll	396	Sjófuglabyggð. SF-N1	A4iii
Drangey	661	Sjófuglabyggð. SF-N2	A4iii, B2. (IBA)
Málmey	1.461	Sjófuglabyggð. SF-N4.	A4iii, B2. (IBA)
Lundey	547	Sjófuglabyggð. SF-N3	A4iii. (IBA)
Samtals	75.365		

* Skagi nær til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Skagabyggðar og Skagastrandar

** Nær til Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps

13.5 Vistgerðir með verndargildi

Í samræmi við verndarmarkmið náttúruverndarlaga nr. 60/2013 um að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni hefur sveitarfélagið kortlagt vistgerðir á þann hátt að auðkenna vistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi. Tilgangur með því er að tryggja að slíkar upplýsingar verði ávallt teknar með í ákvörðun um framkvæmdir, starfsemi og aðra nýtingu.

Verndarmarkmið náttúruverndarlaga, 2. gr.: Að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri

⁵³ http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf

⁵⁴ Náttúrufræðistofnun Íslands, <https://www.ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi>

tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Skipulagsákvæði náttúruverndarsvæða

- Varðandi friðlýst svæði er almennt allt rask óheimilt nema að undangengnu leyfi frá Umhverfisstofnun. Í auglýsingu um friðlýstu svæðin koma fram sértækir friðlýsingarskilmálar sem nauðsynlegt er verða við ef hugað er að starfsemi eða framkvæmdum innan svæðanna.
- Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt, sbr. 54. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.⁵⁵
- Samkvæmt lögum um náttúruvernd ber að forðast þess að raska svæðum eða náttúrumyndunum á Náttúruminjaskrár nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggja staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir skv. 1. og 2. mgr. 68. gr. liggja fyrir.
- Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í kafla 13.3 nema brýna nauðsyn beri til. Skyld er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leyfisveitandi leita umsagnar Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggja staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir skv. 1. og 2. mgr. 68. gr. náttúruverndarlaga liggja fyrir.
- Við mat á leyfisumsókn skal líta til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. [náttúruverndarlaga](#) og jafnframt huga að mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi. Ákveði leyfisveitandi að heimila framkvæmd skal hann rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega fari hún í bága við umsagnir umsagnaraðila.

⁵⁵ Lagfært eftir auglýsingu tillögu. Bætt inn tilvísun í 54. gr laga um náttúruvernd sbr. umsögn Umhverfisstofnunar dags. 15.9.2021

14 Atvinnusvæði

Helstu atvinnusvæðin í dreifbýli eru iðnaðarsvæði sem skilgreind eru í Viðvíkursveit og Reykjaströnd, verslun og þjónusta, auk afþreyingar- og ferðamannsvæða. Atvinnusvæði í dreifbýli eru mikilvægur þáttur í að byggja upp atvinnulíf sveitarfélagsins ekki síður en uppbygging í þéttbýli. Það felast talsverð tækifæri í þeim auðlindum sem eru til staðar í sveitarfélaginu og tengjast þau m.a. landbúnaði, ferðaþjónustu og aðgengi að raforku.

Ferðaþjónusta

Úrval afþreyingar er mikið og helstu tækifærin felast í náttúrunni, aðgengi að henni og upplifun. Meðal þess sem ferðamannastaðir í Skagafirði bjóða upp á eru gönguferðir, upplifun bókmennnta og sögu, fuglaskoðun, veiði, ljósmyndun, laugar og ævintýraferðir. Staðir og viðburðir sem tilheyra hestamennsku hafa aðdráttarafl fyrir ferðamenn sem mætti nýta með markvissum hætti. Gæði gönguleiða og upplýsinga á ferðamannastöðum, stýring og úrbætur á aðgengi og samtenging áhugaverðustu staða eru meðal helstu viðfangsefna.

Iðnaður

Finna þarf mögulegri þróun iðnaðar í sveitarfélaginu stað sem hentar fyrir ýmsa iðnþróun. Atvinnuþróun í sveitarfélaginu byggir meðal annars á sókn í nýrri iðnaðarframleiðslu sem getur krafist töluverðs rýmis. Meðal tækifæra sem hafa verið eygð er uppbygging koltréjaverksmiðju.

Innviðir

Mikilvægt er að innviðir í sveitarfélaginu styðji við þau tækifæri til að efla atvinnulíf í sveitarfélaginu, sem felast m.a. í aðgengi að raforku og greiðum samgöngum. En jafnframt er nauðsynlegt að tryggja vernd náttúrunnar, sem er aðdráttarafl ferðamanna.

Aðgengi að raforku

Með uppbyggingu flutningskerfis raforku, þ.e. Blöndulínu 3, tengingar hennar dreifikerfi í sveitarfélaginu, skapast tækifæri fyrir orkufreka starfsemi sem ekki hafa verið til staðar áður. Því er mikilvægt að halda í stór atvinnusvæði í Viðvíkursveit og við Reykjaströnd, til að geta boðið upp á fjölbreytt atvinnusvæði í sveitarfélaginu, bæði í þéttbýli og dreifbýli.

Samgöngur

Samgöngur eru mikilvægar fyrir atvinnulíf í sveitarfélaginu. Lögð er áhersla á að tengjast við aðra kjarna og atvinnusvæði, tryggja aðgengi að ferðamannastöðum og að samgöngukerfið tengi saman fjölbreytta afþreyingar- og ferðamannastaði.



Mynd: RG

14.1 Afþreyingar- og ferðamannastaðir (AF)

Afþreyingar- og ferðamannasvæði eru fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.

Markmið um afþreyingar- og ferðamannastaði

- Skilgreina svæði sem eru til þess fallin að henta fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks.
- Móta leiðbeiningar um þjónustu, uppbyggingu og verndun svæða til að styðja við afþreyingar- og ferðamannastaði.
- Tengja saman afþreyingar- og ferðamannastaði í sveitarfélaginu til að styðja við upplifun ferðamanna og efla atvinnulíf.

Viðkomustaðir með aðdráttarafli

Sveitarfélagið hefur afmarkað afþreyingar- og ferðamannastaði (AF) sem hafa aðdráttarafli. Aðstaðan er mismunandi á þessum svæðum. Stefnan er að á þessum stöðum geti byggst upp aðstaða til að taka móti ferðafólki og um leið að ekki verði gegnið að þolmörkum svæðanna. Um er að ræða mjög fjölbreytt svæði s.s. sem tengjast náttúru, útsýni, sögu og menningu.

Afþreyingar- og ferðamannastaðir (AF) eru flokkuð eftir þeirri aðstöðu sem byggja má upp á hverjum stað. Tafla 14.1 er yfirlit um þá uppbyggingu sem er heimilud á afþreyingar- og ferðamannastöðum. Þess utan eru ýmis verðmæti fólgin í menningarminjum, sagnarfleifð og náttúru sem draga má fram með frekari vinnu.

Við allar framkvæmdir eða nýtingu svæða þarf að huga sérstaklega að þolmörkum svæða, áhrifum á umhverfi og öryggi ferðamanna.

Leyfi til framkvæmda eru ætíð háðar leyfi landeiganda. Um aðgengi almennings að og för um landið er vísað til kafla IV Um almennarétt, útivist og umgengni í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Samkvæmt lögnum er almenningi heimil för um landið og dvöl þar í lögmætum tilgangi. Rétti þessum fylgir skylda til að ganga vel um náttúru landsins. Fólki er heimilt, án sérstaks leyfis landeiganda eða réttshafa, að fara gangandi um óræktað land og dveljast þar. Á eignarlandi í byggð er eiganda eða réttshafa þó heimilt að takmarka eða banna með merkingum við hlið og göngustiga umferð fólks og dvöl á afgirtu óræktuðu landi. Landeigendum er jafnframt heimilt að takmarka umferð og að tjöld séu reist þar sem veruleg hættu er á að náttúra landsins geti beðið tjón af.

Tafla 14.1 Afþreyingar- og ferðamannastaðir í dreifbýli

Nr. Svæði	Staður	Starfsemi	Flokkur
AF-1	Skagatáarviti	Áningastaður, gönguleiðir og bílastæði.	1
AF-2	Ketubjörg	Áningastaður, náttúra, gönguleiðir.	2
AF-3	Langafjara	Náttúra, útsýni. Erfitt aðgengi	3
AF-4	Grettislaug, Reykir og Glerhallavík	Náttúra, sögur og sagnir, náttúrulaug, gönguleiðir, veitingar.	2
AF-5	Glaumbær	Kirkja, sögur og sagnir, þjónusta.	*
AF-6	Víðimýri	Kirkja, sögur og sagnir. (einn fjölsóttasti ferðamannastaður)	2
AF-7	Reykjafoss	Náttúra og útsýni. Gönguleið.	1
AF-8	Fosslaug	Sögur og sagnir, náttúrulaug.	1
AF-9	Reykjakirkja	Kirkja, safn.	2
AF-10	Miðja Íslands	Jarðminjar, útsýni. Miðja Íslands.	1

AF-11	Hlíðarrétt	Mannvirki	
AF-12	Austurdalur	Náttúra, sögur og sagnir. Gönguleið. Tengist Akrahreppi.	1
AF-13	Merkigil	Sögur og sagnir, náttúra. Gönguleiðir. Við sveitarfélagsmörk við Akrahrepp.	1
AF-14	Keldudalur	Náttúra, útsýni. Fuglaskoðun. Gisting/veitingar.	2
AF-15	Garðssandur	Náttúra, útsýni. Gönguleið og sjósport.	1
AF-16	Kolkuós	Sögur og sagnir, útsýni.	1
AF-17	Grafarkirkja	Sögur og sagnir, kirkja.	1
AF-18	Þórðarhöfði	Sögur og sagnir, náttúra, útsýni. Gönguleiðir.	1
AF-19	Hraun í Fljótum	Sögur og sagnir, náttúra, útsýni. Gönguleiðir.	1
AF-20	Stífluhólar	Náttúra, útsýni. Gönguleiðir. Háð leyfi landeiganda.	1
AF-21	Ketilás	Sögur og sagnir.	3
AF-22	Drangey	Sögur og sagnir, náttúra, útsýni. Ferjusigling.	2
AF-23	Málmey	Sögur og sagnir, náttúra, útsýni. Ferjusigling.	1
AF-24	Veiðihús Hraun	Veiðihús/fjallaskáli við Kollusátuvatn	4
AF-25	Veiðihús Aravatn	Veiðihús Aravatn	4
AF-26	Veiðihús Ölvesvatn	Veiðihús Ölvesvatn	4
AF-27	Hegranesþingstaður	Þingstaður frá Þjóðveldisöld.	1
AF-28	Sólgarðar í Fljótum	Tjaldsvæði	2
AF-29	Ingólfsskáli	Skáli Ferðafélags Skagfirðinga	1
AF-30	Skiptabakki	Fjallasel	1
AF-31	Þúfnavellir	Skáli Ferðafélags Skagfirðinga	1
AF-32	Tröllli	Skáli Ferðafélags Skagfirðinga	1

Tafla 14.2 Heimildir á afþreyingar- og ferðamannstöðum

Flokkur	Starfsemi	Heimilað byggingarmagn m ²
1	Lágmarksaðstaða: Bætt aðgengi, stígar.	
2	Miðlungs aðstaða: Bílastæði, þjónusta, salerni.	100
3	Góð aðstaða: Veitingar, gisting, verslun	300
4	Skálar: Gisting	200
*	Glaumbær. Núverandi byggingar 430 m ²	800

14.2 Samfélagsþjónusta (S)

Samfélagsþjónusta er svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningar-stofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustu-stofn-anir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Samfélagsþjónusta í dreifbýli eru eingöngu kirkjustaðir. Engar breytingar eru fyrirhugaðar á þeim á skipulagstímabilinu.

Tafla 14.3 Samfélagsþjónusta (S) í dreifbýli

Nr.	Staður
S-1	Ketukirkja
S-2	Kirkja, Hvammi í Laxárdal
S-3	Reynisstaðakirkja
S-4	Rípurkirkja
S-5	Kirkja, Hof
S-6	Glaumbæjarkirkja
S-7	Kirkja, Víðimýri
S-8	Reykjakirkja
S-9	Mælifellskirkja
S-10	Kirkja, Goðadölum, Vesturdal
S-11	Kirkja, Hofstöðum
S-12	Kirkja, Viðvík

14.3 Iðnaðarsvæði (I)

Iðnaðarsvæði: Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólþælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.

Forsendur

Í skipulaginu eru tekin frá stór atvinnusvæði fyrir iðnað. Það er hins vegar ljóst að þau muni ekki verði fullbyggð á skipulagstímabilinu, en ákveðið hefur verið að afmarka þau svæði sem eru ákjósanleg til uppbyggingar og geta tekið við rýmisfrokri atvinnustarfsemi. Með uppbyggingu Blöndulínu 3 mun aðgengi sveitarfélagsins að raforku gjörbreytast og bæta þar með aðstöðu fyrir fjölbreyttari atvinnuuppbyggingu.

Sorpurðun og meðhöndlun úrgangs

Sveitarfélagið Skagafjörður er aðili að byggðasamlaginu Norðurá um sorpurðun að Stekkjarvík á Blönduósi. Gert er ráð fyrir að árlega séu urðuð þar 21.000 tonn og að auka megi magnið í 30.000 tonn á ári. Um fimmtungur sorpsins á uppruna sinn í Skagafirði. Ekki stendur til að opna sorpurðunarsvæði í Skagafirði meðan urðunarstaðurinn að Stekkjarvík annar þörfum svæðisins. Móttöku- og flokkunarstöðvar eru á Sauðárkróki, í Varmahlíð og á Hofsósi. Sveitarfélagið Skagafjörður hefur að leiðarljósi að draga úr myndun úrgangs og auka endurnýtingu og endurvinnslu, sbr. stefnu stjórnvalda um úrgangsmál, *Í átt að hringrásarhagkerfi*.⁵⁶

Orkuframleiðsla

Skagafjörður er lághitasvæði og því er haldið fram að óvíða sé jarðhiti eins aðgengilegur til virkjunar. Þetta skapar Skagafirði sérstöðu sem ekki hefur þó tekist að nýta nema að nokkru leyti. Mikilvægt er að nýta lághita til ræktunar og veita heitu vatni sem víðast um sveitarfélagið. Þrjár virkjanir eru í sveitarfélaginu sem eru við Gönguskarðsárvirkjun,

⁵⁶ Stjórnarráð Íslands. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2021. [Í átt að hringrásarhagkerfi. Stefna umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum.](#)

Skeiðsfossvirkjun í Fljótum og Sleitustaðavirkjun sem er 218 kW heimarafstöð tengd við dreifikerfi Rarik.

Sveitarfélagið hefur kortlagt möguleg svæði til nýtingar vindorku. Sú vinna er á upphafsstigum og verður ekki mótuð stefna um slíkt að svo stöddu, en stefnt er að því að á skipulagstímabilinu verði tekin afstaða til þess hvort og hvar eigi að gera ráð fyrir möguleikum til byggingar vindmylla og vindorkugarða.

Bygging smávirkJana mun skipa stóran sess í aukinni raforkuvinnsluþörf Íslands á komandi árum þar sem stærri virkjanakostum fer nú fækkandi. Smávirkjanirnar munu stuðla að auknu orkuöryggi með dreifingu framleiðslu og geta ennfremur stutt við búskap og aðra atvinnustarfsemi víðsvegar í sveitarfélaginu (sjá umfjöllun í kafla 17 um stakar framkvæmdir. Þá þarf að hafa í huga hver hagkvæmni virkjunarinnar er með tilliti til uppsetningar og reksturs. Fram hefur farið úttekt á virkjanakostum á vegum Sambands sveitarfélaga á Norðvesturlandi, sem unnin var af Mannviti verkfræðistofu (2018)⁵⁷. Þar koma fram upplýsingar um 25 virkjanakosti í sveitarfélaginu Skagafirði. Þar af eru 6 virkjanir 12 undir 200 kW uppsettu afli.

Rammaáætlun

Þegar Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021 var samþykkt árið 2012 var skipulagi Villinganesvirkjunar og Skatastaðavirkjunar frestað. Báðir landnotkunarreitirnir eru á mörkum lands Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps. Villinganesvirkjun er 2 km neðan ármóta Vestari og Austari Jökulsár. Skatastaðavirkjun er í Jökulsá Austari í Pollagili ofan ármóta við Geldingsá.

Virkjunarkostirnir Skatastaðavirkjun og Villinganesvirkjun eru flokkaðir í biðflokk í 2. áfanga rammaáætlunar (vernd- og orkunýtingaráætlun), sbr. samþykkt Alþingis frá 14. janúar 2013. Skipulagi þessara svæða er áfram frestað fyrir þessar virkjunarkosti í samræmi við stöðu þeirra í rammaáætlun. Svæðin eru merkt sem varúðarsvæði sbr. ákvæðum skipulagsreglugerðar (sjá kafla 26.3).

Jarðhiti

Eingöngu er litið til nýtingar varmaorku frá jarðvarmavirkjunum í Skagafirði. Átta aðskilin veitukerfi eru í rekstri: Sauðárkróksveita, Varmahlíðarveita, Steinsstaðaveita, Hjaltadalsveita, Hofsósvveita, Sólgarðaveita, Langhúsaveita og Hverhólaveita.

Rýmis- og orkufrekur iðnaður

Í Viðvíkursveit er stefnt að þróa iðnaðarsvæði og samhliða því höfn til innflutnings hráefnis og útflutnings á afurðum. Svæðið hefur verið á skipulagi og í almennri umræðu um árabíl til iðnaðarnota. Stefnt er að því að byggja upp iðnað sem krefst annað hvort eða bæði mikils landrýmis og raforku.

Iðnaðarframkvæmd þar sem framkvæmdasvæði eða gólfloður bygginga er a.m.k. 20.000 m², er tilkynningarskyld framkvæmd í flokki B, sbr. tölulið 10.01 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Einstakar framkvæmdir og starfsemi á iðnaðarsvæðum kunna að vera tilgreindar undir öðrum liðum 1. viðauka laganna í flokki A eða B og vera háðar mati á umhverfisáhrifum eða tilkynningarskyldar.

Við ákvörðun um mannvirki og starfsemi á iðnaðarstarfsemi þarf að líta til mögulegra áhrifa á umhverfi, samfélag og efnahag

Áður en kemur til vinnu deiliskipulags fyrir iðnaðarsvæðin í Viðvíkursveit og Reykjaströnd verður mörkuð nánari stefna um uppbyggingu iðnaðarsvæðanna í aðalskipulagsbreytingu.

⁵⁷ Mannviti, 2018. [Frumúttekt á smávirkjanakostum á Norðurlandi vestra](#). Mars.

Tafla 14.4 Iðnaðarsvæði í dreifbýli og byggingarmagn (m³)

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Starfsemi	Leyfilegt (m ²)	Tími*
I-1*	Viðvíkursveit	284,5	Fyrir land- og rýmisfreka starfsemi s.s. iðjuver og aðra orkufreka starfsemi.	100.000	1, 2
I-2*	Reykjaströnd	65,6	Fyrir land- og rýmisfreka starfsemi s.s. iðjuver og aðra orkufreka starfsemi.	25.000	1, 2
I-3	Varmahlíð	1,3	Tengivirki raforku	800	1
I-4	Skeiðsá (Fljótá)	3,0	Skeiðsfossvirkjun, 4.800 kW. og virkjunarlón. Heimilt að stækka í 5.400 kW. Núverandi byggingar 972,1 m ²	2.000	1, 2
I-5	Reykir í Hjaltadal	1,0	Borholusvæði hitaveitu. Borholuhús 24,8 m ²	1.000	1, 2
I-6	Bræðraá	1,0	Borholusvæði hitaveitu. Hrolleifsdal. Núverandi dælu- og borholuhús 72,7 m ² .	1.000	1, 2
I-7	Langhúsi í Fljótum	1,0	Borholusvæði hitaveitu. Núverandi dæluhús og geymir 62,4 m ² .	1.000	1, 2
I-8	Barð í Fljótum	1,0	Borholusvæði hitaveitu. Dæluhús við Sólgarða 22,7 m ² .	1.000	1, 2
I-9	Lambanesreykir	1,0	Borholusvæði hitaveitu. Spennistöð 137,7 m ² .	1.000	1, 2
I-10	Kirkjuhóll	0,4	Tengivirki fyrir Blöndulínu 3 og tengingu við tengivirkið í Varmahlíð.	800	1
Samtals		359,8		133.600	

1: 2020-2027, 2: 2028-2035

14.4 Tækifæri til orkuframleiðslu

Í sveitarfélaginu hefur verið litið til möguleika til orkuframleiðslu til hagsbóta fyrir sveitarfélagið.

Vindorka


Sveitarfélagið hefur unnið að kortlagningu svæða sem henta fyrir nýtingu vindorku. Niðurstaða úttektar er að vindafar er mjög hagfellt fyrir framleiðslu vindorku, en huga þarf að fjölmörgum öðrum þáttum áður en ákvörðun er tekin um slíkt í aðalskipulagi.

Áherslur sem sveitarfélagið leggur við frekari skoðun á möguleikum til að nýta vindorku eru:

Svæði séu ekki nálægt:

- Mikilvægum fuglasvæðum, svæðum sem eru líklegar farleiðir fugla.
- Þéttbýli, þ.e. svæði þurfa að vera í ákveðinni fjarlægð frá þéttbýli.
- Vinsælum ferðamannastöðum eða útivistarsvæðum.

Stutt sé í flutningskerfi raforku og að tengingar verði sem jarðstrengir.



Mynd 14-1 Áhugaverð svæði til nýtingar vindorku skv. fyrstu úttekt á mögulegum svæðum.

14.5 Athafnasvæði (AT)

Á athafnasvæði í landi Reykjarhóls sunnan við Hringveginn er gert ráð fyrir að svæði sem hentar fyrir hreina, orku- og rýmisfreka starfsemi s.s. gagnaver. Styrkleikar svæðisins felast í nálægð við tengivirki Landsnets, sem gerir tengingar við raforku hagkvæma, en einnig er þéttbýli Varmahlíðar í tiltölulega stutt frá sem gerir vinnusókn auðveldla.

Gert er ráð fyrir að uppbygging verði í áföngum og verði áfangaskipting þess ákveðin í deiliskipulagi.

Tafla 14.5 Athafnasvæði í dreifbýli og byggingarmagn (m²)

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)
AT-1	Í landi Reykjarhóls sunnan Hringveggar	14,4	0	15.000

Skipulagsákvæði fyrir athafnasvæði

- Í deiliskipulagi skal áhersla lögð á góðan frágang lóða og ásýnd athafnasvæða.
- Heimilt er að gera kröfu um góða umgengni á lóðum. Ekki er heimilt að nýta almenningsvæði fyrir geymslu lausamuna. Óheimilt er að láta lausamuni standa til langframa innan lóðar, s.s. gáma, bíla, hjólhýsi, vinnuskúra, vélahluti, byggingarefni eða álíka muni. Lóðarhafi skal ávallt huga að lóð sinni og halda henni sem hreinlegastri svo engin hætta stafi af búnaði og munum innan hennar né sé öðrum til ama.

14.6 Verslun og þjónusta (VP)

Verslun og þjónusta eru svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótelum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.

Utan þéttbýlisstaða í sveitarfélaginu Skagafirði eru skilgreind verslunar- og þjónustusvæði (Tafla 14.6). Almenn er það stefna sveitarfélagsins að stækka og styrkja núverandi verslunar- og þjónustusvæði, þ.e. að beina uppbyggingu á slík svæði. Víða eru tækifæri til að nýta núverandi mannvirki, með eða án breytingum.

Tafla 14.6 Verslunar- og þjónustusvæði í dreifbýli og byggingarmagn (m³)

Nr. Svæði	Staður	Starfsemi	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)	Tími*
VP-1	Ketilsás í Fljótum	Verslun og þjónusta	1,0	587	1.000	
VP-2	Deplar í Fljótum	Verslun og þjónusta, gisting	3,0	2.685	3.000	1, 2
VP-3	Ljósheimar	Félagsheimili	0,7	343	1.500	1, 2
VP-4	Melsgil	Félagsheimili	0,7	461	1.500	1, 2
VP-5	Óslandshlíð	Félagsheimili	1,0	Ekki vítað	1.500	1, 2
VP-6	Skagasel	Félagsheimili	0,8	Ekki vítað	1.500	1, 2
VP-7	Sólgarðar	Gisting, þjónusta, íbúðir*	0,5	1.224	1.500	1
VP-8	Hofsstaðasel	Gisting, þjónusta	2,1	991	2.000	1, 2
VP-9	Hraun I og II	Gisting, þjónusta		1.111	1.500	1, 2
VP-10	Hraun I	Gisting, þjónusta		35	1.500	
Samtals			9,8	7.437	16.500	

1: 2020-2027, 2: 2028-2035

* Blönduð landnotkun verslunar- og þjónustu og íbúða.

Skipulagsákvæði fyrir verslun- og þjónustu

- Áhersla skal lögð á hagkvæma nýtingu lóða og vandaða ásýnd bygginga og lóðafrágang á verslunar- og þjónustulóðum. Til að ná þeim áherslum er lögð áhersla á að í deiliskipulagi verði markmið að stuðla að góðri ásýnd svæðisins með vandaðri hönnun bygginga, lóðaskipulagi og fyrirkomulagi bílastæða.
- Þar sem er blönduð landnotkun verslunar- og þjónustu og íbúða skal við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar hugað sérstaklega að búsetuhagsmunum íbúa svo sem með því að setja skilmála sem draga úr hættu á því að starfsemi valdi nágrönnum óþægindum, t.d. vegna hávaða, og staðsetning nýrra íbúða eða starfsemi hamli ekki starfsemi sem fyrir er á svæðinu.
- Öruggt og gott aðgengi allra að starfsemi verslunar- og þjónustusvæða verði tryggt og leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum bílaumferðar.

15 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)

Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E) eru skilgreind þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómengið, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda.

Efnisnámur eru yfirleitt skilgreindar sem óendurnýjanleg auðlind og því mikilvægt að við nýtingu sé horft til framtíðar við skipulag hennar. Efnisþörf í sveitarfélaginu verður sveiflukennd milli ára og háð þeim framkvæmdum sem ráðist verður í á skipulagstímabilinu. Helst verður efni notað til vegagerðar, framkvæmda vegna Blöndulínu 3, uppbyggingar og ýmissar starfsemi í sveitarfélaginu.

Fjöldmörg efnistökusvæði eru í sveitarfélaginu. Flest eru þau minniháttar, þ.e. áætluð efnistaka er undir 25.000 m³. Þegar kemur að framkvæmdum þarf aðgengi að námum. Staðsetning náma miðast við að ekki þurfi að flytja efni um langan veg og að þær valdi ekki verulegum umhverfisáhrifum.

Helstu efnistökusvæðin eru færð inn á aðalskipulagsuppdrátt. Minni námur sem eru nýttir til eigin nota eru ekki færðar inn á skipulag. Á skipulagstímabilinu verður unnið að því að skrá námur, umfang þeirra og stöðu.

Tafla 15.1 Efnistökusvæði í sveitarfélaginu⁵⁸


Nr.	Staður	Stærð [ha]	Magn [m ³]	Efnisgerð
E-1	Vatnsskarð (tvær námur).	12,4	125.000	Möl og stórgryti.
E-2	Héraðsvötn við Vindheima, utan við rofvarnargarð.	6,0	100.000	Möl. Gott burðarefni.
E-3	Héraðsvötn við Héraðsdal, milli Uppsala og Héraðsdals.	6,4	300.000	Möl. Gott burðarefni.
E-4	Vindheimar, skammt vestan við Héraðsvötn.	0,6	12.000	Grjótnáma fyrir rofvarnargrjót.
E-5	Valadalur. Þrjú lítil svæði.	0,4	3.000	-
E-6	Stuðlar við Klittur.	0,5	8.000	Klökk.
E-7	Klittur.	4,5	25.000	Stórgryti á yfirborði.
E-8	Minni Hádegisdals.	2,6	15.000	Ármöl.
E-9	Minni Húsdals ofan við Valadal.	4,0	25.000	Líklega mórena.
E-10	Víðimýrará.	0,8	5.000	Ármöl.
E-11	Reykir. Vegsneiðingur þar sem vegurinn fer upp á sjávarhalla suður af bænum Reykjum undir Sandfelli.	1,0	20.000	Möl og grjót
E-12	Fossárteigur. Ár- og skriðukeilur sem fara reglulega yfir veginn sunnan við Fossárteig.	2,4	45.000	Möl og grjót
E-13	Skarðshagi	2,0	40.000	Möl

⁵⁸ Eftir auglýsingu aðalskipulagstillögu var í samráði við Vegagerðina og landeigendur bætt inn eldri námum sem eru í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2009-2021, en vantaði inn í auglýsta aðalskipulagstillögu. Um er að ræða námur sem hafa verið nýttar af Vegagerðinni. Þetta eru efnistökusvæði E-30-E47.



E-14	Innstaland. Ár- og skriðukeila niður af Innstalandsbotni, vestan vegar.	1,0	15.000	Möl og grjót
E-15	Vestan við bæinn Reykjarhól.	2,4	45.000	Möl og sandur
E-16	Móskógar. Forn sjávarhjalli austan við bæinn Móskóga í Haganesvík	3,0	45.000	Möl og sandur
E-17	Gljúfurá. Í farvegi Gljúfurár sunnan við bæinn Vatnsleysu við Austari-Héraðsvötn	2,0	30.000	Möl
E-18	Vatnsleysa, gömul vegagerðisnáma	1-2	50.000	Möl og sandur
E-19	Ás. Ás á norðaustanverðu Hegranesi. Klöpp rétt sunnan við innkeyrslu heimreiðarinnar að Ási.	1,5	40.000	Klöpp
E-20	Ferjuhamarsnáma. Vestan vegar milli Hellulands og Kárastaða um mitt vestanvert Hegranes.	4,0	20.000	Jökulruðningur og klöpp
E-21	Hóll. Vestan við bæinn Hól í Tungusveit	1,5	40.000	Möl og sandur
E-22	Hverhólar I	1,5	40.000	Möl
E-23	Hverhólar II. Náma í botnruðningsholt (jökulruðning) sunnan við bæinn Hverhóla.	1,5	30.000	Jökulruðningur
E-24	Goðadalssneiðingar. Sneiðingurinn vestan brúar nærri Goðdölum.	1,5	40.000	Möl
E-25	Litla Hlíð áreyri. Áreyri í Hofsá rétt norðvestan við bæinn Litlu Hlíð í Vesturdal.	0,85	15.000	Möl
E-26	Lágmúli á Skaga, vestari náma	4-5	150.000	Grjótnáma
E-27	Lágmúli á Skaga, austari náma	1-2	100.000	Grjótnáma
E-28	Borgarsandur	2-4	25.000	Sandur
E-29	Vallarnes, við árbakka Héraðsfljóta	1-2	100.000	Möl og sandur
E-30	Skagaselsnáma 2	1,2	40 000	Jökulruðningur
E-31	Skíðastaðanáma við Þverárfjallsveg	2,4	45 000	Möl og fínefni
E-32	Ytri-Ingveldarstaðir	2,0	40 000	Möl og grjót
E-33	Fagranes austan bæjar	1,5	45 000	Möl
E-34	Hegranes	1,5	40 000	Berg
E-35	Hegranes 2	1,5	45 000	Möl og sandur
E-36	Litla-Hlíð, áreyrar Hofsár	1,3	48 000	Möl
E-37	Kolgröf	2,0	40 000	Jökulruðningur
E-38	Bústaðir 2	1,0	30 000	Stórgrytt mól
E-39	Tungunáma í Ástungu	2,0	40 000	Möl
E-40	Grafargerði	2,3	40 000	Möl
E-41	Miðhús II	2,3	40 000	Möl og sandur
E-42	Hrolleifsdalsá 2	2,0	35 000	Möl og sandur
E-43	Stafá	2,4	45 000	Möl og sandur
E-44	Hraun í Fljótum	2,4	48 000	Skriðuefni
E-45	Reynistaður	2,0	35 000	Möl
E-46	Brúnkollumelar	1,5	30 000	Möl blandað fínefum
E-47	Klaufabrekknanáma	2,0	35 000	Jökulruðningur

- a) Náma matsskyld skv. flokki A sbr. tl. 2.01 í 1. viðauka í lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana ef efnistaka er 500.000 m³ eða meira, eða stærð námu er 25 ha eða stærri.
- b) Náma tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar skv. flokki B sbr. tl. 2.02 í 1. viðauka í lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana ef efnistaka er 50.000 m³ eða meira, eða stærð námu er 2,5 ha eða stærri.



Mynd 15-1 Efnistökusvæði í sveitarfélaginu

Efnistökusvæði í tengslum við Blöndulínu 3 verða endurskoðuð í umhverfismati og að því loknu gæti þurft að taka afstöðu til þess að bæta við eða eftir atvikum fella út efnistökusvæði í Skagafirði.

15.1 Skipulagsákvæði vegna efnistöku og efnislosun

- Forðast ber að raska vistgerðum og jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, nema brýna nauðsyn beri til. Í umsókn um framkvæmdaleyfi skal gera grein fyrir áhrifum efnistöku á þessa umhverfispætti.
- Huga skal að verklagi við efnistöku úr námum á vatnsverndarsvæðum, þ.m.t. tryggja að ekki verði olíumengun. Gera skal grein fyrir verklagi í framkvæmdaleyfisumsókn.
- Við vinnslu og tímabundnum frágangi efnistökusvæða skal verklagi og hönnun háttáð þannig að sjónræn áhrif verði sem minnst. Gera skal grein fyrir frágangi í framkvæmdaleyfisumsókn. Sérstök áhersla er lögð á efnistökusvæði E6, stuðlar við Klittur.⁵⁹ Í ljósi þessarar niðurstöðu mun sveitarfélagið ekki heimila efnistöku á þessum stað fyrr en útséð er með að ekki fái sambærilegt efni á öðrum efnistökusvæðum eða að umhverfismat framkvæmda sýni fram á að umfangsminni umhverfisáhrif.
- Við efnistöku úr námu E5, verður ekki heimilt að sprengja efni vegna áhrifa hitaveitu Vindheimabæja og tilmæla ÍSOR þar um (ÍSOR, 2008).⁶⁰
- Sveitarfélagið mun vinna áætlun um magn sem losunarstaðirnir geta tekið við. Í samræmi við þær áætlanir skal tekin ákvörðun um það hvort deiliskipuleggja þurfi efnislosunarsvæðin.
- Eingöngu er heimilt að losa ómengaðan jarðveg á efnislosunarstöðum, m.a. vegna grunnvatnsmála.
- Efnislosunarstaðir eru ekki afmarkaðir í aðalskipulaginu, en efnislosun ómengaðra jarðefna er heimil á skilgreindum efnistökusvæðum að efnistöku lokinni sem þáttur í frágangi og landmótun efnistökusvæða.
- Efnislosunarstaðir í sveitarfélaginu eru háðir starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands, sem setur starfsemi skilyrði og hefur eftirlit með henni.

⁵⁹ Viðbót til að bregðast við umsögn Umhverfisstofnunar.

⁶⁰ Viðbót til að bregðast við athugasemdum landeiganda.

16 Óbyggð svæði (ÓB)

Óbyggð svæði: Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálandi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum.

Nr.	Stærð [km ²]	Lýsing
ÓB-1	27.765	Óbyggð svæði í Sveitarfélaginu Skagafjörður

Utan þéttbýlis er allt land yfir 300 m y.s. skilgreint með landnotkunina óbyggð svæði. Þar er gert ráð fyrir beitar- og afréttarnotum og almennri útivist.

Stefna sveitarfélagsins er að standa eins og kostur er vörð um víðerni og óbyggðaupplifun á óbyggðum víðernum.

- Óbyggðum svæðum skal forðast að raska ekki votlendi og vistgerðum með hátt verndargildi og vistkerfi sem falla undir sérstaka vernd skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, nema brýna nauðsyn beri til.⁶¹
- Markviss beitarstýring verði á öllum afréttum og heimalöndum í Sveitarfélaginu Skagafirði.
- Ekki er gert ráð fyrir mannvirkjum á óbyggðum svæðum. Ef til skoðunar eru áform um mannvirki skal við ákvörðun meta hvort þau hafi áhrif á ásýnd svæðis, takmarki útivist, kunni að hafa mengunarhættu í för með sér á grunnvatn og hvort þau geti staðið innan afmarkaðra uppbyggingarsvæða.
- Vísað er til ákvæða laga um náttúruvernd nr. 60/2013, nánar tiltekið kafla IV. um almennarétt, útivist og umgengni.

17 Stakar framkvæmdir

Stakar framkvæmdir taka til stakra skipulagsskyldar framkvæmdir sem ekki er talin þörf á að afmarka sérstaka landnotkun fyrir, enda sé um að ræða framkvæmdir sem ekki eru taldar líklegar til að valda verulegum áhrifum á umhverfið.

Í jafn víðfeðmu sveitarfélagi er mikilvægt að skýra vel hvernig skuli meðhöndla umsóknir um framkvæmdir í dreifbýli án þess að gera þurfi kröfu um skipulagsgerð umfram það sem þörf er fyrir. Meðal framkvæmda sem ákvæði skipulagsreglugerðar um stakar framkvæmdir getur átt við eru byggingar og mannvirki sem tilheyra landbúnaðarstarfsemi, stök frístundahús eða stök íbúðarhús á landbúnaðarlandi án tengsla við búrekstur, og smávirkanir. Smávirkun skv. aðalskipulagi er vatnsaflsvirkjun með uppsett rafafli minna en 200 kW og vindorkuvirkjun með uppsett afl minna en 1 MW. Sjá einnig kafla 12 um framkvæmdir á landbúnaðarsvæðum. Stakar framkvæmdir getur verið áningarstaðir við stíga og útsýnisstaði með upplýsingaskiltum og salernisaðstöðu eða neyðarskýli. Málsmeðferð um stakar framkvæmdir á fyrst og fremst við í dreifbýli, s.s. á landbúnaðarsvæðum og óbyggðum svæðum, en getur einnig átt við minniháttar veitumannvirki, s.s. dæluhús, innan þéttbýliskjarna.

Framkvæmdir eru heimilar á grundvelli byggingar- og eða framkvæmdaleyfis og kalla ekki á breytingu landnotkunar í aðalskipulagi sé framkvæmdin innan þeirra marka sem hér

⁶¹ Flokkun vistgerða og verndargildi er skilgreind á Vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands.
<https://www.ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>

koma fram. Grenndarkynna ber framkvæmdina í samræmi við 44. gr. skipulagslaga. Leggja skal fram afstöðumynd og greinargerð þar sem framkvæmdinni er lýst og tekur skipulagsnefnd afstöðu til þess hvort fyrirhuguð framkvæmd teljist samræmast skipulagi og landnotkun og hvort rétt sé að vinna deiliskipulag.

Almennt skal taka mið af umfangi viðkomandi framkvæmda á óbyggðum svæðum. Miðað er við að veitumannvirki, dæluhús, skúrar og skálar séu ekki stærri en 25 m² að grunnflatarmáli. Möstur og vindorkustöðvar séu ekki hærrí en 20 m.

Málsmeðferð vegna stakra framkvæmda

Við ákvörðun um framkvæmda- eða byggingarleyfi stakra framkvæmda lítur skipulagsnefnd m.a. til:

- Hvort framkvæmd falli að stefnumörkun aðalskipulags.
- Áhrifa framkvæmda á svæði með verndargildi og fornminjar.
- Áhrif á gróðurfar og lífríki.
- Áhrif á aðra landnotkun.

Skipulagsnefnd tekur afstöðu til þess hverju sinni hvort vinna þurfi deiliskipulag til grundvallar leyfis til framkvæmda með hliðsjón af umfangi og aðstæðum.

Skipulagsákvæði vegna smávirkjana

Framkvæmdaleyfi er veitt, m.a. að teknu tilliti til:


- Framkvæmd falli að stefnumörkun aðalskipulags.
- Staðhætti.
- Áður en framkvæmdaleyfi er gefið út skal liggja fyrir ákvörðun um matsskyldu, sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.
- Áhrifa framkvæmda á svæði með verndargildi og fornminjar.
- Áhrif á fiskgegn og veiði í virkjaðri á.
- Áhrif á gróðurfar og dýralíf.

18 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)

Skógræktar- og landgræðslusvæði: Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgæðslu.

Ýmis tækifæri eru til ræktunar skóga og skjólbelta í sveitarfélaginu. Skógar skapa skjól fyrir fólk, dýr og plöntur. Þeir binda jarðveg og kolefni, sem slíkir eru þeir því bæði mikilvægt tæki til að vinna gegn loftslagsbreytingum og til að minnka áhrif þeirra. Þá eru skógar jafnan vinsælir til útivistar og geta verið mikilvægur þáttur í að skapa aðlaðandi nærumhverfi byggðar sem laða nýja íbúa að svæðinu. Skógar geta jafnframt reynst góð náttúruauðlind sem sækja má í efnivið nú þegar og til framtíðar. Vegna töluverðrar skógræktar nú þegar eru tækifæri til að nýta við sem fellur til við skógarhögg og grisjun í framleiðslu ýmissa afurða svo sem undirburð undir skepnur, eldivið og girðingarstaura. Atvinnutækifæri eru nokkur í þjónustu við skógarbændur við gróðursetningu og umhirðu skóga auk reksturs á verksmiðjum til úrvinnslu efniviðarins.

Heildarflatarmál skóga er 1.755 ha í sveitarfélaginu en þá eru ótaldir skógar sem ræktaðir hafa verið af áhugasamtökum og einkaframtaks án styrkja. Frá aldamótum hafa verið gróðursettar 3,4 milljónir plantna með ríkisstyrkjum og 4 milljónir plantna alls frá árinu 1950 sem vitað er um. Lengd skjólbelta sem ræktað hafa verið er 28,5 km.



Ekki liggur fyrir hver kolefnisbinding er af þeim skógum sem ræktaðir hafa verið en sé miðað við dæmigerða blöndu hjá Kolviði sem skilar bindingu 8 tonnum/ha/ár er bindingin um 14.000 tonn árlega. Ástæða getur verið til að nýta þann áhuga sem er á kolefnisbindingu á ýmsum stöðum í sveitarfélaginu, gjarnan þannig að íbúar og atvinnulíf njóti góðs af afleiddum áhrifum svo sem skjólmyndun, þróun útivistarsvæða og framleiðslu efniviðar.

Skógrækt á lögbýlum sem njóta opinberra styrkja teljast yfirleitt til nytjaskógræktar á landbúnaðarsvæðum og er umgjörð þeirra mála skilgreind í kafla 12 um landbúnaðarland. Á gildistíma áætlunarinnar kann að vera ástæða til að gera frekar grein fyrir skógrækt á landbúnaðarsvæðum og skilgreina þau sem svæði með landnotkunina skógræktar- og landgræðslusvæði. Slík kortlagning kynni að gefa skýrari mynd af umfangi skógræktar og atvinnutækifærum sem því tengist. Hér eru tilgreind þau skógræktarsvæði sem eru í dreifbýli og ekki eru til landbúnaðarnota heldur eru sérstaklega afmörkuð sem *skógrækar og landgræðslusvæði*. Um skógræktar- og landgræðslusvæði sem staðsett eru innan þéttbýlismarka er fjallað um undir köflum um þéttbýlisstaði.

Hér er um að ræða þrjú svæði sem öll má halda áfram að gróðursetja í. Umfjöllun um skógræktarsvæði innan þéttbýlismarka Sauðárkróks, Hóla og Varmahlíðar í köflum 4.16, 5.11 og 7.8.

Tafla 17.1 Skógræktar- og landgræðslusvæði

Nr.*	Skógræktar- og landgræðslusvæði	Stærð [ha]	Lýsing og stefna
SL-1	Brimnesskógar	323,8	Skógræktar- og ferðapjónustusvæði. Tilkynningarskyld skógrækt (flokkur B) skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.
SL-2	Aldamótaskógur	61,6	Skógrækt síðan 2000 á vegum Skógræktarfélags Skagfirðinga.
SL-3	Reykjahlíðarjörð	64,1	Svæði vestan Víðimýrarár í umsjón Skógræktarfélags Skagfirðinga.
SL-4	Hólar	100,0	Víðáttumikið skóglendi. Gönguleiðir og akfær slóði liggja um svæðið.
SL-5	Kýrholt	56,0	Blönduð skórækt í landi Kýrholtis
SL-6	Kýrholt	13,7	Blönduð skórækt í landi Kýrholtis
SL-7	Lón	68	Blönduð skógrækt í landi Lóns
Alls		687,2	



Mynd: SB

Skipulagsákvæði vegna skógræktar

- Tekið skal tillit til verndarsvæða, s.s. vegna náttúruverndar og menningarminja. Skógrækt má ekki skerða votlendi sem nýtur sérstakrar verndar sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga.⁶² Skógrækt er óheimil nær friðlýstum fornleifum en 100 m (sjá um varðveislustig minja í kafla 24 Minjavernd).
- Við skógrækt nálægt sjó skal þess gætt að almennur umferðarréttur sé virtur. Sérstaklega sé haft í huga að samspil skógar, lands og vatns njóti sín.

⁶² Lagfært eftir auglýsingu tillögu með tillit til umsagnar Umhverfisstofnunar dag. 15.9.2021

- Fjarlægð skógræktar frá vegum sé í samræmi vegalög. Óheimilt er að rækta skóg nær vegi en 30 m frá miðlínu stofnvegjar og 15 m frá miðlínu tengivega.
- Fjarlægð skógræktar frá veitulögnum skal minnst vera 25 m.
- Plöntuval og útplöntun taki mið af náttúruvari, landslagi og brunahættu. Einnig ber að hafa í huga að ræktun og dreifing erlendra planta sé óheimil á svæðum sem njóta verndar skv. 61. gr. laga 60/2013.
- Ef fram koma áætlanir um skógrækt á 200 ha svæði eða stærra þarf að breyta aðalskipulagi og skilgreina þar skógræktarsvæði og skilmála. Einnig ber að tilkynna slíka áætlanir til Skipulagsstofnunar sbr. 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir þess konar skógrækt til Sveitarfélagsins Skagafjarðar.
- Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum.
- Framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt fer samkvæmt reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Miðað er við að framkvæmdaleyfi þurfi þar sem til stendur að gróðursetja fleiri en 30.000 plöntur eða þar sem skógræktarsvæði stærra en 20 ha.
- Huga skal að varnarlínunum og brunahólfum alls staðar þar sem skógur er ræktaður. Þegar skógi er plantað er mikilvægt að hann sé ekki of samfelldur og hafa skal í huga hólfun með varnarlínunum. Skipta má skóginum upp með því að planta ákveðnum - tegundum lauftrjáa í belti sem brenna síður. Hægt er að nýta misfellur í landslaginu og slóðir sem varnarlínur. Huga þarf að huga að flóttaleiðum út úr skóginum og hafa fleiri en einn möguleika ef eldur lokar útgönguleið. Aðgengi að vatni er mikilvægt.⁶³
- Felling skóga eða hluta þeirra er óheimil nema með leyfi Skógræktarinnar, Árleg felling í skógum landsins skal að jafnaði ekki vera meiri en árlegur vöxtur þeirra. Skógræktin veitir leiðbeiningar um grisjun skóga, sbr. lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.

19 Strandsvæði (ST)

Strandsvæði eru innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki.

Strandsvæði Sveitarfélagsins Skagafjarðar gegna mikilvægu hlutverki í vistkerfi sjávar og lands. Fjörur eru ríkar af gróðri sem er undirstaða auðugs dýralífs. Fuglar og önnur landdýr sækja fæðu í fjöruna.

Auk mikilvægis fjörunnar sem vistkerfis og fyrir lífríkið þá hafa fjörur og strandsvæði mikið aðdráttarafli fyrir fólk til útivistar. Strandlengja Skagafjarðar hefur að geyma menningarminjar meðal annars um sögu útgerðar. Stærð strandsvæðisins er um 18 km².

- Sveitarfélagið Skagafjörður leggur áherslu á verndun strandlengjunnar utan þéttbýlis og skilgreindra iðnaðar- og hafnarsvæða.
- Ef ráðast á í framkvæmdir á strandlengju skulu þær deiliskipulagðar. Taka þarf tillit til þeirra nota sem strandlengjan hefur á viðkomandi stað s.s. vistkerfi, útivist og minjar.

⁶³ [Skipulag skóga - Gróðureldar \(gróðureldar.is\)](http://Skipulag.skóga-Gróðureldar.gróðureldar.is)

20 Vötn, ár og sjór (V)

Vötn, ár og sjór: Vatnsfletir núverandi og fyrirhugaðra vatna, fallvatna og sjávar, þar með talið legu þeirra vegna stífla, breytingu á árfarvegum og landfyllinga.

Gæta skal að umgengni við vötn, ár og sjó í samræmi við lög þar að lútandi. Tryggja skal umgengnisrétt almennings og ekki skal byggja nær vatnsborði en 50 m þó með þeim undantekningum sem gerðar eru í skipulagsreglugerð.

21 Hafnir (H)

Utan þéttbýlis eru hafnir í Haganesvík í Fljótum (H-1), þar sem er um 40 m viðlegukantur, í Selvík á Skaga er skjólgarður og að Reykjum er skjólgarður og bryggja (H-3), sem nýtt hefur verið fyrir siglingar með ferðamenn. Hafnarmannvirkin eru aðeins fyrir smábáta. Ekki eru fyrirhugaðar framkvæmdir á fyrrgreindum höfnum nema til viðhalds.

Heimild er fyrir minniháttar framkvæmdum í tengslum við hafnarmannvirkin, enda tengist það starfsemi og/eða nýtingu svæðisins.

Skilgreint er hafnarsvæði í tengslum við iðnaðarsvæðið í Viðvíkursveit. Þar er miðað við að höfnin geti tekið á móti stærri flutningaskipum og að flutningsleiðir milli iðnaðarsvæðis og hafnarsvæði séu samþættar. Framkvæmdir við höfnina munu að öllum líkindum tengjast þeirri starfsemi sem verður á iðnaðarsvæðinu í Viðvíkursveit. Útfærsla og heimildir um hafnarmannvirki verða endurskoðuð þegar áform um Viðvíkursveitina liggja fyrir.

Tafla 20.1 Hafnir í dreifbýli og byggingarmagn (m³)

Nr.*	Hafnir (H)	Stærð [ha]	Núverandi [m ³]	Leyfilegt [m ³]
H-1	Haganesvík	Á ekki við	0	150
H-2	Selvík	Á ekki við	0	150
H-3	Reykir	Á ekki við	<150	150
H-4	Viðvíkursveit – iðnaðarhöfn	Á ekki við	0	25.000

22 Frístundabyggð (F)

Svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærþjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum.

Alls eru skráðir 214 frístundahús í Sveitarfélaginu Skagafirði en auk þeirra eru nokkur hús á Sauðárkróki og Hofsósi aðeins notuð til orlofsdvalar.⁶⁴ Í aðalskipulaginu eru heimildir fyrir a.m.k. 510 frístundahús. Samkvæmt Þjóðskrá er fjöldi frístundahúsa á Norðurlandi vestra er minni en í flestum landshlutum. Því er eðlilegt að líta til þess að veruleg fjölgun geti orðið á byggingu slíkra húsa á skipulagstímabilinu.

Frístundabyggð byggir að mestu á þeim svæðum sem skilgreind voru í eldra aðalskipulagi. Ekki eru í gildi deiliskipulagsáætlanir fyrir nema eitt þeirra.

Tafla 22.1 Frístundabyggð

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Hámarksfjöldi húsa	Deiliskipulag í gildi
F-1	Hópsvatn	10,0	20	Nei
F-2	Vestan Miklavatns í Fljótum	212,0	75	Nei
F-3	Austan Miklavatns í Fljótum	43,8	30	Nei
F-4	Bjarnagil	5,0	15	Nei
F-5	Sólgarðar	5,0		
F-6	Höfðavatn	22,4	50	Nei
F-7	Naust	6,8	25	Nei
F-8	Neðri-Ás, Hjaltadal	25,2	50	Nei
F-9	Hólar	25,6	-	Nei
F-10	Í landi Skarðsár	46,6	20	Nei
F-11	Vestan við þéttbýlið í Varmahlíð, við Reykjarhólsveg	33,0	50	Nei
F-12	Hof	2,4	4	Nei
F-13	Víðmelur	27,7	50	Nei
F-14	Steinsstaðir	30,8	-	Nei
F-15	Steinsstaðir	2,6	-	Nei
F-16	Steinahlíð	3,5	7	Nei
F-17	Laugarhvamur/Grænahlíð/Bakkaföt	7,1	18	Nei
F-18	Hólabrekka	2,7	5	Nei
F-19	Merkigarður	36	70	Nei
F-20	Nautabú	3,3	1	Já
Samtals		560,5	490	

Skipulagsákvæði fyrir frístundabyggð

- Skilmálar fyrir frístundabyggð eru settir í deiliskipulagi. Þar skal kveðið á um stærð og gerð húsa, efnisnotkun og útlit húsa, aðkomuvegum, bílastæðum og veitum, svo sem vatnsöflun og fráveitu.
- Áhersla skal lögð á góða ásýnd frístundabyggðar og að hún falli vel að landslagi. Almennt skal frístundabyggð vera sem mest samfelld og samnýta aðkomuvegi frá

⁶⁴ Þjóðskrá Íslands 2020. <https://skra.is/thjonusta/gogn/talnaefni/fjoldi-sumarhusa/>

þjóðvegum og aðra innviði svo sem vatns- og fráveitu, rafveitu og ljósleiðara. Að jafnaði er miðað við að lóðir fyrir frístundahús séu um 0,5 ha en stærð einstakra lóða innan hvers svæðis má vera fjölbreytileg.

- Almennt nýtingarhlutfall lóða er 0,03 á svæðum fyrir frístundabyggð þó þannig að nýtingarhlutfall geti orðið allt að 0,05 fyrir lóðir minni en 0,4ha.
- Við gerð deiliskipulags fyrir frístundabyggð skal þess gætt að hún raski ekki vistgerðum sem njóta sérstakrar verndar, skv. lögum um náttúruvernd, og skerði ekki landbúnaðarland í I. eða II. flokki, sbr. kafla 10.1 um flokkun landbúnaðarlands.
- Við gerð deiliskipulags skal hafa samráð við Minjastofnun Íslands um skráningu minja og skilmála um minjar.

23 Íþróttasvæði (ÍÞ)

Íþróttasvæði eru fyrir landfreka íþróttastöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingarsvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar.

Tafla 22.2 Íþróttasvæði í dreifbýli

Nr.*	Íþróttasvæði	Stærð [ha]	Lýsing og stefna
ÍÞ-1	Skíðasvæðið í Tindastóli	424,7	Á svæðinu er gert ráð fyrir uppbyggingu skíðasvæðis, þ.e. skíða- og göngubrautum ásamt skíðaskála, áhaldahúsi og tækjabúnaði skv. gildandi deiliskipulagi.
ÍÞ-2	Skotæfingarsvæði á Reykjaströnd	5,4	Skotæfingarsvæði og aðstöðuhús Skotfélagsins Ósmanns við Meyjarland. Heimilt er að byggja upp aðstöðu í tengslum við skotæfingarsvæðið að undangengnu deiliskipulagi. Heildarbyggingarmagn verði allt að 500 m ² .
ÍÞ-3	Vindheimamelar – félagssvæði hestamanna	88,7	Félagssvæði hestamanna. Svæðið verði deiliskipulagt.
ÍÞ-4	Hesthúsabyggð og skeiðvöllur austan við Hofsó	14,5	Skeiðvöllur og hesthús. Núverandi byggingar eru fjórar samtals um 730 m ² . Svæðið verði deiliskipulagt.
ÍÞ-5	Golfvöllur vestan Víðimýrará	37,6	Skilgreindur í ASK2009-2021 – hefur ekki verið byggður. Svæðið verði deiliskipulagt.
ÍÞ-6	Bjarnargil	56,7	Skíðasvæði í landi Bjarnargils – hefur ekki verið byggt. Svæðið verði deiliskipulagt.
Alls		418,1	

24 Minjavernd (MV)

Minjavernd: Svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar.

Um verndun fornleifa- og byggingararfs á Íslandi gilda lög um menningarminjar nr. 80/2012.

24.1 Byggingararfur

Til byggingararfs samkvæmt minjalögum teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, svo sem:

- a. stök hús eða hlutar þeirra og húsasamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsapýrpingar og götumyndir,
- b. kirkjur og bænhús, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar, brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir

Varðveislustig húsa og mannvirkja eru þrjú:

- I. Friðlýstar eru allar þær byggingar sem friðaðar voru samkvæmt eldri lögum 31. desember 2012. Auk þess getur ráðherra ákveðið friðlýsingu annarra húsa og mannvirkja eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands.
- II. Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð.
- III. Framkvæmdir við hús og mannvirki sem byggð voru 1925 eða fyrr og kirkjur sem reistar voru 1940 eða fyrr eru umsagnarskyldar.

Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Minjastofnun er heimilt að afnema friðun sem byggist á aldursákvæðum þessarar greinar.

Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa. Minjastofnun Íslands skal innan fjögurra vikna frá því að erindi berst tilkynna viðkomandi aðilum um álit sitt. Stofnuninni er heimilt að leggja til skilyrði um slíkar framkvæmdir eða gera tillögu um friðlýsingu umrædds húss eða mannvirkis.

Byggingarfulltrúum ber að fylgjast með því að eigendur húsa og mannvirkja, svo og forráðamenn kirkna, leiti eftir álit Minjastofnunar Íslands áður en leyfi er veitt til framkvæmda. Álit Minjastofnunar skal liggja fyrir áður en byggingarleyfi er veitt til framkvæmda sem fjallað er um í þessari grein. Í byggingarleyfi skal taka tillit til skilyrða sem Minjastofnun leggur til í álit sínu. Sama á við um útgáfu framkvæmdaleyfis samkvæmt skipulagslögum.



Mynd: RG

24.2 Fornleifar og fornleifaskráning

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

1. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
2. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
3. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
4. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
5. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
6. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
7. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
8. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
9. skipsflök eða hlutar þeirra.

Varðveislustig fornminja eru tvö: friðun og friðlýsing.

- I. Fornminjar (forngripir og fornleifar), 100 ára og eldri, eru sjálfkrafa friðuð nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Þá eru skip og bátar eldri en 50 ára sjálfkrafa friðuð.
- II. Friðlýsa má fornleifar, skip og báta sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Ráðherra ákveður friðlýsingu að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands.

Um skráningu minja vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda gilda eftirfarandi ákvæði, sbr. 16. gr. laga um menningarminjar:

- Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.
- Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráum með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi.
- Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Fornleifum, jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Allar framkvæmdir innan friðhelgi menningarminja eru háðar leyfi Minjastofnunar Íslands en aldursfriðaðar minjar njóta 15m friðhelgi frá ystu mörkum og friðlýstar minjar 100m friðhelgi nema kveðið sé á um annað í skilmálum friðlýsingar, sbr. 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Á árunum 2000-2005 fór fram fornleifaskráning fyrir þéttbýliskjarna Skagafjarðar. Skráningin var endurskoðuð fyrir elstu bæjarhluta Sauðárkróks og Hofsós í tengslum við áætlanir um verndarsvæði í byggð. Heildarskráning fornleifa hefur farið fram á fjölmörgum jörðum í Skagafirði og eru jarðirnar tilgreindar í töflunni hér fyrir neðan.

Tafla 24.1 Jarðir í Skagafirði sem hafa heildarskráningu fornleifa.⁶⁵

Jörð	Ártal	Jarðir	Ártal
Málmey	2013	Gil	2003
Stóragerði	2007	Tröð	2003
Kolkuós	2007	Bergsstaðir	2003
Brimnes	2007	Brennigerði	2003
Bakki	2007	Borgargerði	2003
Skarð	2007	Sjávarborg	2003
Geldingaholt	2006	Tjarnir	2003
Holtsmúli	2006	Lambagerði	2003
Holtskot	2006	Skógarbakki	2003

⁶⁵ Skýrslurnar eru flestar aðgengilegar á heimasíðu Byggðasafns Skagfirðinga.
<http://www.glaumbaer.is/is/gagnabanki/rannsoknarskyrslur>

Þróm	2006	Grænhóll	2003
Kjartansstaðir	2006	Kimbastaðir	2003
Kjartansstaðakot	2006	Messuholt	2003
Litla-Gröf	2006	Lyngholt	2003
Stóra-Gröf syðri	2006	Áshildarholt	2003
Stóra-Gröf ytri	2006	Reykjarhóll (Varmahlíð) og hluti Brekku	2003
Reynisstaður	2006	Syðra-Skörðugil	2003
Sauðá (Sauðárkrókur)	2005	Hátún	2003
Grófargil	2004	Mikligarður	2003
Brautarholt	2004	Höfði á Höfðaströnd	2003
Stóra- Seyla	2004	Glaumbær	2003
Torfgarður	2004	Grafarós	2001
Ytra-Skörðugil 1	2004	Hofsós	2001
Ytra-Skörðugil 2	2004	Steinsstaðir	2000
Halldórsstaðir	2004	Hof í Hjaltadal	2000
Jaðar	2004	Hólar í Hjaltadal	2000
Páfastaðir	2004		

Friðaðar byggingar og friðlýstar fornleifar innan sveitarfélagsins samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru taldar uppi í eftirfarandi töflu.

Tafla 24.2 Friðaðar minjar

Nr.*	Minjavernd (MV)	Lýsing og stefna
MV-1	Sjávarborgarkirkja	Friðlýst. Kirkja er úr timbri, byggð árið 1853. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989
MV-2	Grafarkirkja	Friðlýst. Endurbyggð 1931 á grunni eldri kirkju.
MV-3	Knappstaðarkirkja	Friðlýst. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989
MV-4	Glaumbær og Áshús	Friðlýst. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989
MV-5	Víðimýrarkirkja	Friðlýst. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989
MV-6	Hvammur	Bæjarrústir Atlastaða
MV-7	Sjávarborg	Bæjarstæði. Það má gera ráð fyrir minjum gamla bæjarins í jörðu.
MV-8	Brekka	Friðað fjárhús
MV-9	Bústaðir	Tóftir fjárhúss. Vegghleðsla.
MV-10	Hof, Vesturdal	Fornar rústir í Vesturdal: Hrafnstaðarústir, Hringanessrústir, Hraunþúfuklausturs-rústir og Tungurústir.
MV-11	Garður	Hegranesþing
MV-12	Hofsstaðir, Hofstaðakirkja	Hoftóft á hæðinni Valhöll, fyrir vestan túnið, norðan við fjárhús, sem þar eru. Hofstaðakirkja
MV-13	Hof, Hjaltadal	Bæjartóftir.
MV-14	Neðri-Ás	Tóftarleifar kirkju þeirrar er Þorvarður Spak-Böðvarsson reisti
MV-15	Reykir, Hjaltadal	Friðuð laug. Lítil, upphlaðin laug neðst í túninu, sem nefnd er "Biskupslaug".
MV-16	Gröf	Höfðinn við ós Grafarár, með öllum minjum um kaupstaðinn Grafarós.

MV-17	Vatn	Svokallaðar Ræningjadysjar er enskir menn áttu að vera heygðir í.
MV-18	Langhús	Naust geysistórt neðantil á túninu, ca. 100 faðma frá bökkum Hópsvatns.
MV-19	Húnsstaðir	Goðahústóft á svonefndum Goðahól og girðingarleifar um hólinn.
MV-20	Goðdalskirkja	Friðlýst. Byggð árið 1904. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989
MV-21	Barðskirkja í Fljótum	Friðlýst. Byggð 1888. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989
MV-22	Fellskirkja í Sléttuhlíð	Friðlýst. Byggingarár 1881–1882. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989
MV-23	Hofskirkja á Höfðaströnd	Friðlýst. Byggingarár: 1868–1870. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989
MV-24	Viðvíkurkirkja	Friðlýst. Kirkja byggð árið 1893. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989
MV-25	Reykjakirkja í Tungusveit	Friðlýst. Byggð 1897. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989
MV-26	Reynisstaðakirkja	Friðlýst. Kirkja og Bæjardyrhús. Byggingarár: 1868–1870. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989
MV-27	Hvammskirkja	Friðlýst. Byggð 1892. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989
MV-28	Ketukirkja	Friðlýst. Byggð 1893-1896. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989
MV-29	Hraunþúfuklaustur	Býli, niðurgröftur hleðsla, aldur minja frá 800 – 1000.
MV-30	Tunga/Tungukot	
MV-31	Gvendarskál	Friðlýst. Altarisleifar í Gvendarskál uppi í Hólabyrðu og leifar af upphleyptum vegi þangað. Friðlýst 13.08.1926.
MV-32	Hringnes	Friðlýstar fornminjar.

Aðgerðir

- Unnið verði áfram að skráningu fornminja á jörðum í dreifbýli og eldri skráningar uppfærðar. Gerð verði áætlun um framvindu skráningar yfir aðalskipulagstímabilið.

25 Landnotkun innan miðhálandisins

Innan miðhálandisins er heimil minniháttar mannvirkjagerð í tengslum við útivist, svo sem gönguskálar á ferðamanna- og afþreyingarsvæðum og viðhald núverandi skála og vegslóða, en þess skal gætt að mannvirki og umferð skerði víðerni og náttúrugæði sem minnst, sbr. leiðarljós landskipulagsstefnu um skipulag miðhálandisins:

Staðinn verði vörður um náttúru og landslag miðhálandisins vegna náttúruverndargildis og mikilvægis fyrir útivist. Uppbygging innviða á miðhálandinu taki mið af sérstöðu þess.

Leyfisskyldar framkvæmdir á verndarsvæðum innan miðhálandisins skulu í samræmi við deiliskipulag.

Innan marka miðhálandisins er nær allt land skilgreint með landnotkunina óbyggt svæði (ÓB) í aðalskipulaginu sbr. stefnumörkun í kafla 16, að undanskildum þremur afþreyingar- og ferðamannasvæðum (AF). eru ferðabjónustubyggingar á tveimur afþreyingar- og ferðamannasvæðanna þ.e. Ingólfsskáli (AF-31), sem er skálasvæði samkvæmt


skilgreiningu landskipulagsstefnu á ferðaþjónustustöðum á hálendinu og Skiptabakki (AF-32), sem er fjallasel.

- Ingólfsskáli er skráður 44 m² með 28 gistirúm, eldunar- og salernisaðstöðu, en ekki vatnsveitu.
- Skiptabakki er 113 m² með 30 gistirúm, salerni, vatns- og fráveitu.

Þriðja afþreyingar- og ferðamannasvæðið er AF-10 Miðja Íslands, þar sem eru jarðminjar og útsýnisstaður og gert ráð fyrir lágmarksaðstöðu, sbr. stefnu um afþreyingar- og ferðamannasvæði kafla 14.1 og töflur 14.1 og 14.2.

Tvö náttúruverndarsvæði eru innan miðhálandisins, þ.e. Þjósárver (FS-1), friðlandið við Hofsjökul og Orrastaðarrúst (ÖN-1), votlendið umhverfis Orravatn allt norður að Reyðarvatni, sbr. kafla 13.1 og 13.2.

Engar virkjanir eða orkuflutningsmannvirki eru á hálendishluta Sveitarfélagsins Skagafjarðar og engin fjarskiptamannvirki. Tveir landsvegir, Mælifellsdalsvegur (756) og Skagafjarðarleið (F752) liggja á köflum innan miðhálandismarka.⁶⁶ Að Ingólfsskála liggur vegslóði.



Mynd 25-1 Miðhálandið norðan Hofsjökuls og mannvirki. Mynd úr Mannvirki á miðhálandinu, Skipulagsstofnun (2018).

Innan miðhálandisins skal taka mið af ákvæðum landskipulagsstefnu um skipulags áfangastaða ferðamanna (1.2.1):

Uppbygging ferðamannaaðstöðu verði takmörkuð á miðhálandinu og megináhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálendisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum við

⁶⁶ Heimild: Mannvirki á miðhálandinu, Framfylgdarverkefni Landskipulagsstefnu 2015–2026. Skipulagsstofnun, ágúst 2018.

aðalvegi hálendisins. Gengið verði út frá eftirfarandi flokkun og staðsetningu þjónustustaða:

- Jaðarmiðstöðvar séu á tilteknum stöðum við meginleiðir inn á hálendið og í jaðri þess.
- Hálendismiðstöðvar séu á tilteknum stöðum við meginleiðir um hálendið.
- Skálasvæði séu á tilteknum stöðum í góðu vegasambandi.
- Fjallasel séu í takmörkuðu vegasambandi og taki mið af hæfilegum dagleiðum göngufólks.


Við skipulagsgerð verði stuðlað að því að ferðafólki um miðhálendið standi til boða viðeigandi mannvirki og þjónusta og að ferðafólk dreifist þannig að álag á náttúru sé í samræmi við þol hennar. Við alla mannvirkjahönnun og framkvæmdir á hálendinu verði jafnframt lögð áhersla á að virðing sé borin fyrir náttúrulegu landslagi og viðhöfð sérstök aðgæsla sem tryggir að mannvirki falli sem best að umhverfi og rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni.

Óbyggð víðerni

Verkefni um kortlagningu víðerna er tilgreint í grein 1.1.4 í Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Þar er Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun falið að hafa forgöngu um að reglulega liggja fyrir uppfærð kort af umfangi og þróun víðerna á miðhálendinu. Í því felst að ákveða viðmið fyrir mat á umfangi víðerna út frá skipulagssjónarmiðum og að hafa kort sem uppfærð eru reglulega um umfang víðerna aðgengileg fyrir skipulagsvinnu sveitarfélaga og annarra aðila. Verkefninu er ólukið en Skipulagsstofnun hefur gefið út skýrslur með tillögum um viðmið og aðferðafræði við kortlagningu víðerna.⁶⁷ Samkvæmt fyrirbyggjandi kortlagningu víðerna, sjá mynd 12.1, fellur allt land Sveitarfélagsins Skagafjarðar sem er innan hálendismarkanna að undanskildu áhrifasvæði Ingólfsskála í flokkinn víðerni.

- Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2035 stefnir að því að viðhalda núverandi víðernum innan hálendismarka sveitarfélagsins.

⁶⁷ Skýrslur um kortlagningu víðerna eru aðgengilegar á heimasíðu landskipulags.
<https://www.landsskipulag.is/gildandi-stefna/framfylgd-stefnunnar/>



Mynd 25-2 Kort af víðernum á miðhálandinu úr skýrslunni *Kortlagning víðerna á miðhálandinu: Framhaldsverkefni um þróun aðferðafræði (2020)* Skipulagsstofnun (2020).

26 Takmarkanir á landnotkun

26.1 Vatnsvernd vatnsbóla (VB, VG og VF).

Vatnsverndarsvæði, þ.e. svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból (VB), annars vegar grannsvæði (VG) og hins vegar fjarsvæði (VF) sbr. reglugerð um neysluvatn.

Vatn er ein af höfuðforsendum lífs og góðar vatnslindir eru auðlindir til framtíðar. Tryggja þarf vernd neysluvatns með því að gæta þess að spilla ekki gæðum þess, með framkvæmdum, starfsemi eða annars konar nýtingu á vatnsverndarsvæðum.

Vatnsverndarsvæði eru flokkuð í þrjú flokka: VB | Vatnsból, VG | grannsvæði og VF | fjarsvæði. Mestu takmarkanir á framkvæmdum, starfsemi og umferð eru á svæðum sem skilgreind eru sem vatnsból. Aðrennslissvæði að vatnsbólum grannsvæði og fjarsvæði.

- Brunnsvæði, umhverfis vatnsbólið sjálft.
- Grannsvæði, á þeim hluta aðrennslissvæðis vatnsbólanna sem næst því liggur og þar sem mest hætta er frá mengun.
- Fjarsvæði, sem spannar hinn fjarlægari hluta aðrennslissvæðisins, þar sem mengunarhætta er minni og ekki þörf eins strangrar verndar og á grannsvæðunum.

Vatnsverndarsvæði voru í eldra aðalskipulagi mjög víðfeðm í sveitarfélaginu og voru fjarsvæði skilgreind ofan við 200 m hæð yfir sjó í vestur- og austurfjöllum Skagafjarðar, Tindastóli, Staðar- og Efribýggðarfjöllum og á Tröllaskaga. Sveitarfélagið hefur farið yfir

forsendur vatnsverndar og afmarkað fjarsvæðin í aðalskipulagi byggt á endurskoðun ÍSOR á fjarsvæðum vatnverndar í Skagafirði.⁶⁸

Skipulagsákvæði á vatnsverndarsvæðum

Samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns gildir eftirfarandi um brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði:

- **Brunnsvæði (VB)** er næsta nágrenni vatnsbólans. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.
- **Grannsvæði (VG)**. Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólans og við ákvörðun stærðar þess og lögunar skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólinu. Á þessu svæði skal banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.
- **Fjarsvæði (VF)** er á vatnasvæði vatnsbólans en liggur utan þess lands sem telst til brunnsvæða og grannsvæða. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp í II. Flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

Vatnsbólavernd þarf að bæta og til að tryggja neysluvatn til framtíðar hljóti vötn og vatnasvæði viðeigandi vernd við skipulag og framkvæmd sé þess gætt að spilla ekki lífríki vötnum og ám.

Tafla 25.1 Vatnsverndarsvæði

Nr.	Vatnsverndarsvæði	Stærð [ha]	Lýsing
VB-1	Brunafjall		Vatnsból
VG-1	Brunafjall	166	Grannsvæði
VF-1	Brunafjall	178	Fjarsvæði
VB-2	Hólar		Vatnsból
VG-2	Hólar	501	Grannsvæði
VF-2	Hólar	92	Fjarsvæði
VB-3	Tindastóll		Vatnsból
VG-3	Tindastóll	710	Grannsvæði
VF-3	Tindastóll	91	Fjarsvæði
VB-4	Tindastóll		Vatnsból
VF-4	Tindastóll	538	Fjarsvæði
VB-5	Sandfell		Vatnsból
VG-4	Sandfell	785,4	Grannsvæði

⁶⁸ Endurskoðun fjarsvæða fyrir vatnsverndarsvæði í Skagafirði. ÍSOR 2020

VF-5	Sandfell	257,4	Fjarsvæði
VB-6	Sandfell		Vatnsból
VF-6	Sandfell	286,5	Fjarsvæði
VB-7	Sandfell		Vatnsból
VF-7	Fjall	44.440	Fjarsvæði
VG-5	Fjall	307	Grannsvæði
VB-8	Fjall		Vatnsból
VG-6	Valadalshnjúkur	0,5	Grannsvæði
VF-8	Valadalshnjúkur	629	Fjarsvæði
VB-9	Valadalshnjúkur		Vatnsból

26.2 Náttúruvá (NV)⁶⁹

Ofanflóðahætta

Í dreifbýli er víða hætt á snjóflóðum og skriðuföllum. Gerð hefur verið könnun á ofanflóðaaðstæðum í Skagafirði austan Vatna utan Akrahrepps af Veðurstofu Íslands. Skriðuhætta getur myndast í miklum rigningum og leysingum. Flest íbúðar- og íveruhús standa í tryggri fjarlægð frá fjallshlíðum og eru í lítilli eða engri skriðuhættu.⁷⁰

Veðurstofan annast hættumat samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997. Veðurstofan hefur átt samstarf við Náttúrufræðistofnun Íslands, Háskóla Íslands og aðra aðila um skriðurannsóknir og hefur sett fram markmið um átak í rannsóknnum, kortlagningu og gerð hættumats.⁷¹

Markmið

- Á skipulagstímabilinu verði unnið að kortlagningu jarðlaga í hlíðum ofan við þéttbýli í sveitarfélaginu með tilliti til skriðuhættu.

Vatnsflóð

Veðurstofa Íslands vinnur að áhættumati vegna vatnsflóða á vatnasviði Héraðsvatna. Vatnsrit sviðsmynda er byggt á stærsta flóði sem hefur mælst, frá árinu 2006. Unnið er með sviðsmyndir fyrir sjaldgæfari flóðaatburð (200 ára endurkomutími) og tíðari atburð (25 ára endurkomutími). Niðurstöður verða birtar á kortum sem sýna hámarks útbreiðslusvæði flóða með mismunandi endurkomutíma og flóða vegna valinna ísstíflutilfella.

- Við deiliskipulagsgerð og framkvæmdir þarf að taka mið af niðurstöðum áhættumats Veðurstofu Íslands og kortlagningu flóðahættusvæða.

Jarðskjálftavirkni

Hætta af völdum jarðskjálfta er tiltölulega lítil í Sveitarfélaginu Skagafirði, land þess liggur að mestu utan misgengissvæða landsins, en í Fljótum gætir skjálftavirkni frá misgengissvæðinu fyrir Norðurlandi.⁷² Við hönnun mannvirkja á jarðskjálftasvæðum skal

⁶⁹ Kaflinn var uppfærður eftir auglýsingu tillögu. Bætt inn umfjöllun um skriðuhættu, hættumat vatnsflóða í héraðsvötnum og um jarðsskjálfta með hliðsjón af umsögn Veðurstofu Íslands dags.23.9.2021.

⁷⁰ Veðurstofa Íslands 2019. https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2019/VI_2019_006_vef.pdf

⁷¹ Veðurstofa Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Háskóli Íslands. *Skriður: Þekkingaruppbygging, vöktun og hættumat*. Minnisblað til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis dags. 5.2.2021.

⁷² Veðurstofa Íslands 2021. *Jarðskjálftavirkni á Íslandi*, <https://www.vedur.is/skjalftar-og-eldgos/frodleikur/greinar/nr/450>

sérstaklega tekið tillit til þeirra skjálftahreyfinga sem verða í jarðvegi af völdum jarðskjálfta, skv. byggingarreglugerð.

26.3 Varúðarsvæði (VA)

Varúðarsvæði: Svæði þar sem heilsu eða öryggi kann að vera ógnað, svo sem vegna hávaða, mengunar, hættulegra efna og annarra takmarkana sem setja þarf í varúðarskyni. Svæði í biðflokki samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun.

Í 2. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlun (Rammaáætlun), sbr. samþykkt Alþingis 14. janúar 2013, eru virkjunarkostirnir Villinganesvirkjun og Skatastaðavirkjun í biðflokki. Ekki hefur verið tekin afstaða til virkjanakostanna í sveitarstjórn. Í Sveitarfélaginu Skagafirði eru skilgreind varúðarsvæði tilgreind í eftirfarandi töflu.

Tafla 25.2 Varúðarsvæði í dreifbýli

Nr.*	Varúðarsvæði	Lýsing og stefna
VA-1	Reykjaströnd	Fyrrum sorpurðunarsvæði á Reykjaströnd er skilgreint varúðarsvæði vegna mögulegrar mengunar jarðvegs. Öll mannvirkjagerð sem felur í sér uppgröft jarðefna er óheimil innan varúðarsvæðisins.
VA-2	Villinganesvirkjun	Virkjunarkostur í biðflokki samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun (Rammaáætlun).
VA-3	Skatastaðavirkjun	Virkjunarkostur í biðflokki samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun (Rammaáætlun).

Helstu breytingar á takmörkun á landnotkun

Breytingar hafa verið gerðar á vatnsverndarsvæðum í samræmi við greinargerð ÍSOR.

